

Svæðisáætlun
um meðhöndlun úrgangs
á Vestfjörðum
2024-2035



Stefán Gíslason
Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

Mynd á forsíðu:
Vestfirskt birki
Ljós. Hjörleifur Finnsson

Svæðisáætlun þessi var samþykkt í hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem hér segir:

Sveitarfélag	Samþykkt dags.
Reykholahreppur	13. nóvember 2024
Vesturbyggð	21. nóvember 2024
Ísafjarðarbær	21. nóvember 2024
Bolungarvíkurkaupstaður	12. nóvember 2024
Súðavíkurhreppur	25. október 2024
Strandabyggð	10. desember 2024
Kaldrananeshreppur	6. nóvember 2024
Árneshreppur	27. nóvember 2024

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	10
2	Stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum í úrgangsmálum.....	12
3	Aðgerðaáætlun.....	13
3.1	Aðgerðir	13
3.2	Vöktun, eftirlit og endurskoðun	17
4	Bakgrunnur	18
4.1	Lög um meðhöndlun úrgangs.....	18
4.2	Reglugerð um meðhöndlun úrgangs	18
4.3	Stefna um meðhöndlun úrgangs	19
4.4	Önnur lög, reglugerðir og stefnumótun.....	20
5	Aðferðir, forsendur og fyrirvarar	21
5.1	Söfnun tölulegra upplýsinga.....	21
5.2	Stefnumótun.....	22
5.3	Hugtakanotkun	23
6	Markmið stjórnvalda á beinni ábyrgð sveitarfélaga	25
6.1	Töluleg markmið um heimilisúrgang.....	25
6.2	Önnur töluleg markmið	26
6.3	Rusl á víðavangi.....	27
6.4	Þýðingarmikil hráefni.....	28
7	Staða úrgangsmála á Vestfjörðum í árslok 2023	29
7.1	Fyrirkomulag söfnunar.....	29
7.2	Grenndarstöðvar	30
7.3	Söfnunarstöðvar	31
7.4	Önnur söfnun og flokkun	31
7.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur.....	33
7.6	Önnur ráðstöfun úrgangs.....	35
7.7	Samningar við verktaka.....	36
7.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	36
7.9	Útgáfa og kynning	38
7.10	Framtíðarsýn	39
7.11	Magntölur og endurvinnsluhlutföll.....	39
7.12	Framtíðarhorfur í úrgangsstraumum og flutningum.....	44
8	Viðauki 1: Staða úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum	48
8.1	Reykholahreppur	49

8.1.1	Fyrirkomulag söfnunar	49
8.1.2	Grenndarstöðvar	49
8.1.3	Söfnunarstöðvar	49
8.1.4	Önnur söfnun og flokkun.....	49
8.1.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	50
8.1.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	50
8.1.7	Samningar við verktaka	50
8.1.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	50
8.1.9	Útgáfa og kynning.....	50
8.1.10	Framtíðarsýn.....	50
8.1.11	Magntölur	51
8.2	Vesturbyggð	54
8.2.1	Fyrirkomulag söfnunar	54
8.2.2	Grenndarstöðvar	54
8.2.3	Söfnunarstöðvar	54
8.2.4	Önnur söfnun og flokkun.....	54
8.2.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	55
8.2.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	55
8.2.7	Samningar við verktaka	56
8.2.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	56
8.2.9	Útgáfa og kynning.....	56
8.2.10	Framtíðarsýn.....	56
8.2.11	Magntölur	56
8.3	Tálknafjarðarhreppur	59
8.3.1	Fyrirkomulag söfnunar	59
8.3.2	Grenndarstöðvar	59
8.3.3	Söfnunarstöðvar	59
8.3.4	Önnur söfnun og flokkun.....	59
8.3.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	59
8.3.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	60
8.3.7	Samningar við verktaka	60
8.3.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	60
8.3.9	Útgáfa og kynning.....	61
8.3.10	Framtíðarsýn.....	61
8.3.11	Magntölur	61
8.4	Ísafjarðarbær	65

8.4.1	Fyrirkomulag söfnunar	65
8.4.2	Grenndarstöðvar	65
8.4.3	Söfnunarstöðvar	66
8.4.4	Önnur söfnun og flokkun.....	66
8.4.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	66
8.4.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	67
8.4.7	Samningar við verktaka	68
8.4.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	68
8.4.9	Útgáfa og kynning.....	68
8.4.10	Framtíðarsýn.....	69
8.4.11	Magntölur	69
8.5	Bolungarvíkurkaupstaður	72
8.5.1	Fyrirkomulag söfnunar	72
8.5.2	Grenndarstöðvar	72
8.5.3	Söfnunarstöðvar	72
8.5.4	Önnur söfnun og flokkun.....	72
8.5.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	72
8.5.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	73
8.5.7	Samningar við verktaka	73
8.5.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	73
8.5.9	Útgáfa og kynning.....	74
8.5.10	Framtíðarsýn.....	74
8.5.11	Magntölur	74
8.6	Súðavíkurhreppur	77
8.6.1	Fyrirkomulag söfnunar	77
8.6.2	Grenndarstöðvar	77
8.6.3	Söfnunarstöðvar	77
8.6.4	Önnur söfnun og flokkun.....	77
8.6.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	77
8.6.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	78
8.6.7	Samningar við verktaka	78
8.6.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	78
8.6.9	Útgáfa og kynning.....	79
8.6.10	Framtíðarsýn.....	79
8.6.11	Magntölur	79
8.7	Strandabyggð.....	83

8.7.1	Fyrirkomulag söfnunar	83
8.7.2	Grenndarstöðvar	83
8.7.3	Söfnunarstöðvar	83
8.7.4	Önnur söfnun og flokkun.....	83
8.7.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	84
8.7.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	84
8.7.7	Samningar við verktaka	84
8.7.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	84
8.7.9	Útgáfa og kynning.....	85
8.7.10	Framtíðarsýn.....	85
8.7.11	Magntölur	85
8.8	Kaldrananeshreppur.....	88
8.8.1	Fyrirkomulag söfnunar	88
8.8.2	Grenndarstöðvar	88
8.8.3	Söfnunarstöðvar	88
8.8.4	Önnur söfnun og flokkun.....	88
8.8.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	88
8.8.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	88
8.8.7	Samningar við verktaka	89
8.8.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	89
8.8.9	Útgáfa og kynning.....	89
8.8.10	Framtíðarsýn.....	89
8.8.11	Magntölur	89
8.9	Árneshreppur	93
8.9.1	Fyrirkomulag söfnunar	93
8.9.2	Grenndarstöðvar	93
8.9.3	Söfnunarstöðvar	93
8.9.4	Önnur söfnun og flokkun.....	93
8.9.5	Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur	93
8.9.6	Önnur ráðstöfun úrgangs	93
8.9.7	Samningar við verktaka	93
8.9.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	94
8.9.9	Útgáfa og kynning.....	94
8.9.10	Framtíðarsýn.....	94
8.9.11	Magntölur	94
9	Viðauki 2: Umhverfismatskýrsla.....	98

9.1	Samantekt umhverfismats.....	98
9.2	Matsskylda.....	99
9.3	Aðferðir.....	99
9.4	Sérstaða svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.....	99
9.5	Áhættuþættir úrgangsmeðhöndlunar.....	100
9.6	Meginatriði umhverfismatsins.....	101
9.7	Tengsl við aðrar áætlanir.....	101
9.8	Samanburður valkosta.....	106
9.8.1	Innviðir til úrgangsforvarna.....	106
9.8.2	Heimajarðgerð.....	107
9.8.3	Grenndarstöðvar.....	107
9.8.4	Söfnun úrgangs á víðavangi.....	107
9.8.5	Jarðgerðarstöð(var).....	107
9.8.6	Meðhöndlun seyru.....	107
9.8.7	Sorporkuver.....	108
9.8.8	Niðurstöður umhverfismats valkosta.....	108
9.9	Vöktun.....	108
9.10	Kynning og samráð.....	109
9.11	Athugasemdir og viðbrögð.....	110
9.12	Samþykkt áætlunar.....	113
10	Viðauki 3: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra.....	114
11	Heimildir.....	122

1 Inngangur

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Áætlunin skal hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

Þær breytingar í lagaumhverfis úrgangsmála sem orðið hafa á síðustu mánuðum og misserum eiga það sameiginlegt að nú er lögð meiri áhersla en áður á að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem í úrganginum felast og koma í veg fyrir að þær tapist út úr hringrásinni. Þessi áhersla á rætur í svonefndum Hringrásarhagkerfispakka Evrópusambandsins, sem m.a. endurspeglast í umfangsmiklum breytingum á tilskipunum sambandsins á sviði úrgangsmála, sem samþykktar voru vorið 2018 og innleiddar að mestu í íslensk lög sumarið 2021.

Á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði 8.-10. september 2022 var samþykkt að fela Vestfjarðastofu að vinna svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir alla Vestfirði. Svæðisáætlunin skyldi fela í sér samræmda stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum og vera unnin í takti við EarthCheck umhverfismótunina¹ og gildandi reglur.² Fram til þess tíma hafði engin slík áætlun verið unnin á svæðinu, hvorki fyrir einstök sveitarfélög né fyrir fjórðunginn í heild.

Samþykkt fjórðungsþingsins um gerð svæðisáætlunar tók mið af þeim miklu breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem þá voru um það bil að taka gildi. Haustið 2023 var samið við ráðgjafarfyrtækið Environice um að leiða vinnuna, en fyrirtækið hafði áður komið að gerð sambærilegra áætlana í öðrum landshlutum. Vinna við verkið hófst af fullum þunga í desember 2023.

Sú nýja svæðisáætlun sem hér lítur dagsins ljós tekur mið af greiningu á stöðu úrgangsmála á Vestfjörðum á þeim tíma þegar áætlunin var gerð. Greiningin byggir í aðalatriðum annars vegar á tölum um magn og afdrif úrgangs frá einstökum sveitarfélögum árið 2023 og hins vegar á upplýsingum um fyrirkomulag úrgangsmála í sveitarfélögunum í lok sama árs. Þeirra upplýsinga var einkum aflað með netleit og með samskiptum við fulltrúa sveitarfélaganna sem í hlut eiga. Einnig var stuðst við upplýsingar frá verktökum og aðrar heimildir, sem þá er getið neðanmáls.

Stöðugreiningin sem hér hefur verið nefnd var lögð til grundvallar við mótun framtíðarstefnu sveitarfélaganna, markmiðssetningu og gerð aðgerðaáætlunar (sjá kafla 2).

¹ Sveitarfélög á Vestfjörðum munu ekki sækjast eftir endurvottun frá EarthCheck, en það lá ekki fyrir þegar þessi samþykkt var gerð.

² Vestfjarðastofa (2022).

Við gerð svæðisáætlunarinnar var lögð áhersla á að sveitarstjórnir tækju sem virkastan þátt í móttun stefnunnar, enda er hér um að ræða stefnumótun fyrir öll sveitarfélögin á svæðinu, sem öðlast ekki gildi fyrr en allar sveitarstjórnirnar hafa samþykkt hana. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa aðstoðuðu við að útvega gögn, kalla eftir tilnefningum sveitarstjórnanna í vinnuhóp og skipuleggja sameiginlega fundi í vinnuhópnum og með stjórnendum sveitarfélaganna. Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri, var tengiliður Vestfjarðastofu við verkefnið og hafði yfirumsjón með því. Þessum aðilum og forsvarsfólki sveitarfélaga á Vestfjörðum er þakkað fyrir gott samstarf á meðan á verkinu stóð.

Sjálft svæðisáætlunarskjalið er þannig byggt upp að fyrst er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum kynnt. Þar á eftir koma kaflar um bakgrunn svæðisáætlunarvinnunnar, um aðferðir sem beitt var við áætlunargerðina og um þau markmið stjórnvalda í úrgangsmálum sem snúa sérstaklega að sveitarfélögum. Þar á eftir kemur kafli með helstu atriðunum úr ítarlegri greiningu á stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum á Vestfjörðum 2023, en stefnumótunin byggir í raun á þeirri stöðu. Aftast í skjalinu eru síðan heimildaskrá og viðaukar.

Á árunum 2022-2023 vann Environice með sveitarfélögum á Norðurlandi að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt Norðurland. Tilteknir hlutar þess skjals sem hér birtist eru eðli málsins samkvæmt keimlíkir eða samhljóða samsvarandi köflum í Norðurlandsskjalinu. Þetta á sérstaklega við um kafla 4-6, þar sem fjallað er almennt um bakgrunn svæðisáætlunargerðar, aðferðir og markmið stjórnvalda.

Hvanneyri sumarið 2024

Stefán Gíslason

framkvæmdastjóri Environice (Umhverfisráðgjafar Íslands ehf.)

2 Stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum í úrgangsmálum

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa komið sér saman um eftirfarandi megináherslur í úrgangsmálum á gildistíma svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, þ.e. til ársins 2035.

1. Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna að virku hringrásarhagkerfi í landshlutanum, með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu, auka aðra endurnýtingu og lágmarka förgun, þannig að magn þess úrgangs sem ekki nýtist í hagkerfinu verði eins lítið og mögulegt er, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra takmarkana.
2. Sveitarfélögin munu beita hagrænum hvötum í úrgangsmálum, með hagsmuni náttúrunnar og komandi kynslóða að leiðarljósi.
3. Sveitarfélögin leggja áherslu á að lágmarka flutninga, m.a. með því að stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, enda leiði það til bestu mögulegu nýtingar auðlinda og lágmörkunar kolefnisspors.
4. Sveitarfélögin leggja sérstaka áherslu á að lífrænn úrgangur sem til fellur á Vestfjörðum fari ekki til spillis.
5. Sveitarfélögin vilja auka verulega samvinnu sín á milli, bæði hvað varðar úrgangsjónustu og sameiginlega hagsmunagæslu, m.a. hvað varðar búsetujafnrétti og jöfnun flutningskostnaðar.

Frekari útfærslu á stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum í úrgangsmálum má sjá í kafla 3 þar sem lýst er þeim aðgerðum sem sveitarfélögin hyggjast ráðast í til að fylgja eftir sameiginlegri stefnu sinni og ná markmiðum stefnu stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

3 Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlunin sem hér birtist nær til eftirtalinna málaflokka:

- A. Samstarf og eftirfylgni
- B. Úrgangsforvarnir
- C. Söfnun og flokkun úrgangs
- D. Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur
- E. Uppbygging innviða
- F. Samþykktir gjaldskrár og kostnaður
- G. Samningar við verktaka
- H. Útgáfa og kynning
- I. Nýsköpun

Í aðgerðaáætluninni er samtals að finna 22 aðgerðir, auk umfjöllunar um vöktun, eftirlit og endurskoðun. Hverri aðgerð um sig er lýst í stuttu máli, tilgreint hver skuli hafa umsjón með framkvæmd hennar og hvenær henni skuli lokið. Gert hefur verið lauslegt kostnaðarmat fyrir hverja aðgerð, þar sem gert er ráð fyrir að Fjórðungssamband Vestfirðinga beri tiltekinn sameiginlegan kostnað, auk kostnaðar sem fellur beint á hlutaðeigandi sveitarfélög. Rétt er að undirstrika að skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsemi sem tengist meðhöndlun úrgangs og samræmist markmiðum laganna, „svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál“. Þegar upp er staðið má því ætla að kostnaður vegna aðgerðanna lendi á úrgangshöfum, en að sama skapi ættu aðgerðirnar, til lengri tíma litið, að vera til fallnar að draga úr kostnaði þeirra vegna meðhöndlunar úrgangs samfara bættri nýtingu og aukinni verðmætasköpun úr þeim auðlindum sem í úrganginum felast og tilheyrandi samdrætti í magni úrgangs sem krefst kostnaðarsamrar meðhöndlunar.

3.1 Aðgerðir

Nr.	Heiti aðgerðar	Ábyrgðaraðili	Lokadagsetning
A. Samstarf og eftirfylgni			
1.	Úrgangsráð Vestfjarða Stofnun sameiginlegs fasts vinnuhóps um úrgang („Úrgangsráð Vestfjarða“) sem hefur það verkefni að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélögin á Vestfjörðum.	Fjórðungssambandið í samráði við Vestfjarðastofu og einstök sveitarfélög	2024
2.	Hringrásarfulltrúi Ráðning í fasta (hluta)stöðu hringrásarfulltrúa hjá Vestfjarðastofu, sem jafnframt verður verkefnisstjóri Úrgangsráðs Vestfjarða og tengiliður við sveitarfélög vegna úrgangsmála.	Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa	2025
3.	Sameiginlegar styrkumsóknir Sameiginlegar umsóknir um styrki til úrbóta í úrgangsmálum á Vestfjörðum.	Úrgangsráð Vestfjarða, hringrásarfulltrúi og Vestfjarðastofa	2025

B. Úrgangsförvarnir

- | | | |
|--|---|------------------|
| <p>4. Kynningarátak um hringrásarhagkerfið
Kynningar með sérstakri áherslu á það sem fólk getur gert til að lágmarka myndun úrgangs, auk kynningar á kostum heimajarðgerðar. Jafnframt verði fjallað um takmarkaðar auðlindir, matarsóun, fatasóun, nægjusemi, fæðuöryggi, jarðvegseyðingu og tengsl úrgangsmála við eigin fjárhag.</p> | <p>Vestfjarðastofa og hringrásarfulltrúi í samstarfi við einstök sveitarfélög og Umhverfisstofnun</p> | <p>2026</p> |
| <p>5. Uppbygging innviða til úrgangsförvarna
Uppbygging innviða á borð við efnislagera, nytjamarkaða og viðhaldssmiðja.</p> | <p>Einstök sveitarfélög í samstarfi við hringrásarfulltrúa</p> | <p>2025-2027</p> |

C. Söfnun og flokkun úrgangs

- | | | |
|---|---|------------------|
| <p>6. Samræming flokkunarkerfa
Leitast við að samræma fyrirkomulag söfnunar og flokkunar úrgangs á öllum Vestfjörðum, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað.</p> | <p>Úrgangsráð Vestfjarða og hringrásarfulltrúi</p> | <p>2025</p> |
| <p>7. Heimajarðgerð
Greining á möguleikum sveitarfélaga til að stuðla að aukinni heimajarðgerð, þ.m.t. með ákvæðum í samþykktum um meðhöndlun úrgangs og með sveigjanleika í gjaldskráum og/eða beinum styrkjum.</p> | <p>Úrgangsráð Vestfjarða og hringrásarfulltrúi</p> | <p>2026</p> |
| <p>8. Fjölgun grenndarstöðva
Uppsetning grenndarstöðva til söfnunar á a.m.k. glerumbúðum, málmum og textíl</p> | <p>Einstök sveitarfélög í samráði hringrásarfulltrúa</p> | <p>2025-2027</p> |
| <p>9. Bætt meðhöndlun textílefna
Komið upp samræmdu kerfi fyrir söfnun og ráðstöfun textílefna í anda hringrásarhagkerfisins.</p> | <p>Hringrásarfulltrúi og Úrgangsráð Vestfjarða í samvinnu við einstök sveitarfélög, og Rauða krossinn (RKÍ)</p> | <p>2026</p> |
| <p>10. Söfnun úrgangs á viðkomustöðum ferðamanna
Leitað eftir samstarfi við Vegagerðina um söfnun úrgangs á viðkomustöðum ferðamanna.</p> | <p>Hringrásarfulltrúi og Úrgangsráð Vestfjarða í samvinnu við Vegagerðina</p> | <p>2025-2027</p> |

D. Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

- | | | |
|---|---|-------------|
| <p>11. Aðgerðir á aflögðum förgunarstöðum
Skráning aflagðra mengaðra förgunarstaða í skipulagsáætlanir sveitarfélaga og samstarf um áætlanir til úrbóta.</p> | <p>Einstök sveitarfélög í samráði við hringrásarfulltrúa, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun, úrgangshafa og landeigendur</p> | <p>2025</p> |
| <p>12. Bætt nýting garðaúrgangs
Greining á núverandi ráðstöfun garðaúrgangs og tillögur að leiðum til betri nýtingar (endurvinnsla í stað förgunar).</p> | <p>Hringrásarfulltrúi, Vestfjarðastofa, Úrgangsráð Vestfjarða og einstök sveitarfélög</p> | <p>2026</p> |

E. Uppbygging innviða

- | | | |
|---|---|-------------|
| <p>13. Jarðgerð í héraði
Ítarlegri greining á mögulegri tækni til jarðgerðar í smáum stíl og uppsetning jarðgerðaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum að teknu tilliti til hagkvæmni og bestu nýtingar auðlinda.</p> | <p>Hringrásarfulltrúi, Vestfjarðastofa, Úrgangsráð Vestfjarða og einstök sveitarfélög</p> | <p>2026</p> |
| <p>14. Seyrustöð á Reykhólum
Greining á möguleikum á uppbyggingu stöðvar á Reykhólum fyrir móttöku og endurnýtingu seyru.</p> | <p>Hringrásarfulltrúi, Vestfjarðastofa, Úrgangsráð Vestfjarða og Reykhólahreppur</p> | <p>2026</p> |
| <p>15. Sorporkuver á Vestfjörðum
Ítarlegri greining á möguleikum á uppbyggingu sorporkuvers á Vestfjörðum fyrir óendurvinnanlegan úrgang sem þar fellur til.</p> | <p>Úrgangsráð Vestfjarða og Vestfjarðastofa</p> | <p>2027</p> |
| <p>16. Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang
Greining á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum þess og göllum að koma upp litlum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang (steypubrot, keramik, moldarlausan jarðveg og annað sem ekki tekur breytingum eðlisfræðilega eða efnafræðilega) með það að leiðarljósi að slíkur úrgangur verði ekki fluttur um langan veg milli byggðarlaga og verði ekki urðaður á urðunarstöðum fyrir blandaðan úrgang. Hluti af þessari greiningu verður að kortleggja svokallaða jarðvegstippa sem starfsfræktir eru á nokkrum stöðum með eða án starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd, með sérstakri áherslu á þær skilgreiningar úrgangsflokka sem liggja að baki starfsleyfum.</p> | <p>Úrgangsráð Vestfjarða og Vestfjarðastofa</p> | <p>2026</p> |

F. Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

17. Samræming samþykktta

Heildarendurskoðun samþykktta um meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélög á Vestfjörðum með það að leiðarljósi að samþykktirnar endurspegli áherslur hringrásarhagkerfisins um bættu nýtingu auðlinda, feli í sér skýr ákvæði um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og myndi grunn fyrir gjaldskrár í anda meginreglunnar um BÞHE, hugsanlega með þeim hætti að afrakstur verkefnisins verði 3-4 útgáfur af samþykktum sem einstök sveitarfélög geta valið á milli og aðlagð.

Vestfjarðastofa og
Úrgangsráð Vestfjarða í
samstarfi við einstök
sveitarfélög

2024

18. Miðlun kostnaðarupplýsinga

Upplýsingum um kostnað vegna úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum miðlað milli sveitarfélaga til að auðvelda samanburð og greiningu á tækifærum til sparnaðar.

Vestfjarðastofa í
samvinnu við einstök
sveitarfélög og
Úrgangsráð Vestfjarða

2024-2027

G. Samningar við verktaka

19. Hagkvæmnisathugun á rekstrarformi

Greining á kostum og göllum mismunandi rekstrarforma, þ.m.t. á mögulegri stofnun byggðasamlags um fleiri eða færri þætti úrgangsmála, samanborið við óbreytt fyrirkomulag, sameiginleg útboð o.s.frv.

Vestfjarðastofa og
Úrgangsráð Vestfjarða

2025

20. Samstarf um útboð o.fl.

Sameiginleg útboð þar sem það á við og samræming krafna, þ.m.t. um framsetningu á reikningum og annarri upplýsingagjöf verktaka til sveitarfélaga.

Vestfjarðastofa í
samvinnu við einstök
sveitarfélög og
Úrgangsráð Vestfjarða

2025

H. Útgáfa og kynning

21. Bætt birting upplýsinga á heimasíðum

Regluleg birting tölulegra upplýsinga um söfnun úrgangs, afdrif og kostnaðarskiptingu.

Einstök sveitarfélög í
samvinnu við
hringrásarfulltrúa

2024

I. Nýsköpun

22. Nýsköpun í úrgangsmálum á Vestfjörðum

Úttekt á möguleikum til nýsköpunar í úrgangsmálum á Vestfjörðum með áherslu á að finna færar leiðir og aðferðir til að gera þær hagkvæmar, m.a. með því að:

- Skoða nýjustu tækni og lausnir sem henta litlum og strjálbýlum sveitarfélögum
- Finna hvata fyrir fólk að minnka úrgang
- Finna lausnir varðandi flát

Úrgangsráð Vestfjarða í
samvinnu við
Vestfjarðastofu

2024-2027

3.2 Vöktun, eftirlit og endurskoðun

Gert er ráð fyrir að Vestfjarðastofa annist vöktun og eftirlit með framkvæmd svæðisáætlunarinnar. Vöktunin einskorðast við eftirfylgni aðgerða á aðgerðaáætlun (sbr. kafla 3.1) og verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar. Þetta felur í sér að fylgst verður með að aðgerðum verði hrint í framkvæmd á tilsettum tíma og að þau skili tilsettum árangri eða afurð. Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verði nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu.

Rétt er að undirstrika að það eftirlit sem hér um ræðir snýst aðeins um aðgerðaáætlunina sem slíka en ekki um þá þætti sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa eftirlit með samkvæmt lögum. Einnig er ljóst að eftirlitsaðilinn getur ekki borið ábyrgð á framkvæmd verkefna, heldur aðeins fylgst með því að unnið sé samkvæmt svæðisáætluninni.

Í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, skulu sveitarstjórnir á svæðinu eigi sjaldnar en á sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlunina. Fyrstu ákvörðun um þetta þarf því að taka í síðasta lagi haustið 2030. Þessu atriði verður fylgt eftir með sama hætti og aðgerðum í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að miklar breytingar geta orðið á forsendum á sex ára tímabili og því er æskilegt að þörfin fyrir endurskoðun sé rædd árlega eða annað hvort ár.

Ákvörðun sveitarstjórna um þörfina fyrir endurskoðun samkvæmt framanskráðu mun m.a. byggja á samantekt sem gerð verður á árangri áætlunarinnar. Í þessari samantekt munu koma fram helstu magntölur, yfirlit yfir framvindu aðgerða, samanburður árangurs við markmið áætlunarinnar og spá um líklega framtíðarþróun á næstu árum. Í þessari samantekt felst í raun vöktun á því hvort markmið hafi náðst.

4 Bakgrunnur

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, með síðari breytingum og stefna ráðherra um meðhöndlun úrgangs mynda þann grunn sem svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs byggja á, sjá nánari skýringar í undirköflunum hér að neðan.

4.1 Lög um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Áætlunin skal hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

4.2 Reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, er sem fyrr segir að finna nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar. Samkvæmt reglugerðinni skal svæðisáætlun m.a. innihalda eftirfarandi atriði:

- a) Upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu, förgun og hvernig sveitarstjórn hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs, stefnu um úrgangsforvarnir og settum tölulegum markmiðum varðandi heimilisúrgang og lífrænan úrgang.
- b) Umfjöllun um úrgangsforvarnir, s.s. um leiðir til að auka endurnotkun á svæðinu
- c) Markmið hvað varðar samdrátt í myndun úrgangs og meðhöndlun úrgangs sem fellur til, einkum heimilisúrgangs sem fer til förgunar eða er nýttur til orkuvinnslu.

Við gerð svæðisáætlana skal, skv. reglugerðinni, nota efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsröðunar við meðhöndlun úrgangs sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Auk þess sem hér hefur verið talið skal a.m.k. eftirfarandi koma fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem áætlunin tekur til:

- a) Yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði alls þess úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, þ.m.t. úrgang frá lögaðilum, hvort sem hann fellur til með reglubundnum hætti eða sjaldnar, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni.

- b) Umfjöllun um stöðvar til endurnýtingar eða förgunar sem eru til staðar, þ.m.t. ef við á sérstakt fyrirkomulag vegna olúúrgangs, spilliefna, úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum.
- c) Mat á gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs, umfjöllun um sérstaka söfnun úrgangs þ.m.t. hvaða úrgangsflokkum er safnað í sérstakri söfnun og hvar innan svæðisins, ráðstafanir til að bæta virkni þess, hvort sveitarstjórn hafi fengið undanþágu frá skyldu til sérstakrar söfnunar og mat á þörfinni fyrir endurbætur á kerfinu.
- d) Mat á nauðsyn þess að loka starfandi móttöku- og söfnunarstöðvum sem og þörf á nýjum móttöku- og söfnunarstöðvum, auk mats á fjárfestingaþörf vegna þeirrar innviðaupbyggingar.
- e) Upplýsingar um hagkvæmt staðarval fyrir stöðvar til endurnýtingar eða förgunar í framtíðinni, sé þörf á þeim.
- f) Almenn stefna varðandi meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til meðhöndlunar úrgangs, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun.
- g) Ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess.

Í svæðisáætlunum skal, skv. reglugerðinni, gera grein fyrir því hvort tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og samdrátt í urðun heimilisúrgangs, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, sé náð á þeirra svæði. Þá skal gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélagið greip til í þeim tilgangi. Ef markmiðum hefur ekki verið náð skal í svæðisáætlun gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélag hyggst grípa til svo þeim verði náð.

Með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs skipulagssvæðisins geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs einnið tekið til eftirfarandi:

- a) Skipulagsþátta, sem tengjast meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. lýsingu á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með meðhöndlun úrgangs.
- b) Beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings, lögaðila og annarra handhafa úrgangs.
- c) Aflaðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

4.3 Stefna um meðhöndlun úrgangs

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs gefur ráðherra út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Þessi stefna kom út í júní 2021 undir yfyrskriftinni *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*.³ Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016–2027 var felld inn í þessa stefnu. Eins og fram hefur komið þarf svæðisáætlun að innihalda upplýsingar um það hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í kafla 6 er gerð grein fyrir þeim markmiðum stefnunnar sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist.

³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021).

4.4 Önnur lög, reglugerðir og stefnumótun

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög „taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags“. Ekki er tilgreint sérstaklega í reglugerðinni að gera skuli grein fyrir þessum svæðum í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, en eins og fram kemur í kafla 4.2 hér að framan geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs m.a. tekið til aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá. Umfjöllun um þessa staði í svæðisáætlun er til þess fallin að setja málið á dagskrá og auka líkur á að staðirnir verði ekki útundan við gerð skipulagsáætlana. Því var ákveðið að stöðugreining svæðisáætlunarinnar næði eftir föngum til svæða af þessu tagi.

5 Aðferðir, forsendur og fyrirvarar

Svæðisáætlunin sem hér birtist er unnin með hliðsjón af ákvæðum 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæðum 5. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, en þar er sem fyrr segir að finna ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar.

Í mjög einfaldaðri mynd snýst vinnan við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs um tvennt. Annars vegar þarf að afla sem traustastra upplýsinga um núverandi stöðu úrgangsmála á því svæði sem áætlunin nær til og um þau áform sem þegar eru uppi um breytingar. Hins vegar þarf að móta stefnu sem miðar að því að breyta stöðunni á þann veg að hún samræmist markmiðum stjórnvalda á landsvísu og markmiðum sveitarstjórnanna sem í hlut eiga. Upplýsingar um núverandi stöðu eru grunnurinn sem stefnumótunin byggir á, en stefnumótunin sjálf er eðli málsins samkvæmt sá hluti áætlunarinnar sem mestu máli skiptir.

5.1 Söfnun tölulegra upplýsinga

Söfnun tölulegra upplýsinga um stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum eða landshlutum er ýmsum annmörkum háð, þar sem enn vantar nokkuð upp á að samræmd og svæðaskipt úrgangstölfræði sé aðgengileg og gagnleg til þessara nota. Við gerð svæðisáætlunarinnar þurfti því að finna þá aðferð til talnasöfnunar sem líkleg var til að skila sem áreiðanlegastri niðurstöðu.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á söfnun tölulegra gagna um úrgangsmál og skiptingu magntalna niður á sveitarfélög. Við núverandi aðstæður er þó ekki mögulegt að nota talnasafn stofnunarinnar í stöðugreiningu á borð við þá sem hér um ræðir, einkum vegna þess hversu seint tölur skila sér til stofnunarinnar og þar með frá henni. Í árslok 2023 þegar vinna við stöðugreininguna hófst höfðu tölur fyrir árið 2022 t.a.m. ekki birst í mælaborði Umhverfisstofnunar. Mikilvægt er að svæðisáætlun byggji á sem nýjustum upplýsingum, enda hefur úrgangsstjórnun tekið ýmsum breytingum á síðustu misserum og árum. Því var farin sú leið að leita eftir upplýsingum frá úrgangsverktökum sem selja sveitarfélögum þjónustu. Einnig var leitað til starfsmanna einstakra sveitarfélaga og sorpsamlaga til að fylla í eyður og leysa úr vafaatriðum. Mjög gott samstarf náðist við þessa aðila, sem virðist í öllum aðalatriðum hafa skilað áreiðanlegum og allvel sundurliðuðum úrgangstölum til að nota í stöðugreiningunni.

Í talnavinnu á borð við þá sem hér um ræðir skiptir meginmáli hvernig úrgangsflokkar eru skilgreindir, bæði til þess að samanburður milli ára verði sem marktækastur yfir skemmri og lengri tímabil og til þess að hægt sé að setja markmið fyrir einstaka úrgangsflokka og fylgja þeim eftir. Í reynd eru í notkun 2-3 flokkunarkerfi úrgangs með mismunandi sundurliðun. Þau kerfi sem mestu máli skipta í þessu tilviki eru annars vegar flokkaskipting sem byggist á reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, nr. 1040/2016, (gjarnan nefnt LoW-kerfið („List of waste“)) og hins vegar samræmt evrópskt flokkunarkerfi sem Umhverfisstofnun notar í úrgangstölfræði sinni og í skilum til stofnana Evrópusambandsins, (gjarnan nefnt EWC-Stat-kerfið). Þessi tvö kerfi eru ólík um margt og því þarf að nota sérstaka samsvörunartöflu til að færa tölur á milli kerfa. Við gerð þessarar svæðisáætlunar var

ákveðið að styðjast við fyrrnefnda kerfið (LoW), einkum vegna þess að tiltölulega auðvelt er að skrá tölur frá þjónustuaðilum inn í slíkt kerfi.

Þjónustuaðilar þurfa að skila tölum til Umhverfisstofnunar á EWC-Stat formi og flutningur talna yfir á það form virðist ekki sérlega gagnsær. Því getur reynst erfitt að rekja slóð úrgangs frá söfnun til endanlegrar meðhöndlunar, hvort sem um er að ræða úrganginn sjálfan eða tölur yfir magn hans og samsetningu.

Í náinni framtíð verður væntanlega hægt að nálgast allar tölur tímanlega á opnum vef Umhverfisstofnunar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum og í samræmi við flokkunarkerfi stofnunarinnar. Þangað til virðist sú leið sem hér er farin vera eina færa leiðin til að fá nýlegar og sæmilega áreiðanlegar tölur með nægri sundurliðun til að hægt sé að byggja á þeim við gerð svæðisáætlana, þ.m.t. við útreikning endurvinnsluhlutfalla o.fl.

Við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er ekki nægjanlegt að hafa aðgang að tölum um heildarmagn úrgangs í tilteknum úrgangsflokkum, heldur þurfa magntölurnar að vera aðgreindar eftir því hvort úrgangurinn kemur frá heimilum eða atvinnulífi, svo og eftir afdrifum úrgangsins. Ætla má að magntölur yfir þann úrgang sem fellur til séu þokkalega áreiðanlegar, en mun meiri óvissa ríkir um afdrifin. Ein ástæða þess er sú að úrgangsverktaki sem þjónustar mörg sveitarfélög á sama svæði safnar gjarnan eða umstaflar tilteknum úrgangsflokkum miðsvæðis og kemur úrganginum síðan áfram í mismunandi meðhöndlun. Á þeirri leið koma auk heldur við sögu ýmsir milliliðir sem endurflokka og umstafla úrgangi á nýjan leik eftir því sem best hentar miðað við markaðsaðstæður hverju sinni. Af þessu leiðir að oft er erfitt eða ómögulegt að sannreyna frá hvaða sveitarfélögum tiltekinn farmur af úrgangi til meðhöndlunar sé í raun ættaður.

Sveitarfélög bera ábyrgð á að lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs sé náð (sbr. kafla 6). Samkvæmt lið 1(c) í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs, sem íslensk úrgangslöggjöf byggir á, skulu þessi hlutföll reiknuð út frá því magni sem skilar sér inn í endurvinnslustöð þegar búið er að vinsa úr þann hluta úrgangsins sem ekki hentar í vinnsluna.⁴ Af þessu er ljóst að ekki er mögulegt að reikna endurvinnsluhlutfallið beint út frá því magni sem safnað er sérstaklega í hverju sveitarfélagi til endurvinnslu, heldur þarf jafnframt að áætla hversu stór hluti þessa magns skilar sér á endanum inn í endurvinnsluna.

5.2 Stefnumótun

Lögð voru drög að stefnu og aðgerðaáætlun sveitarfélaganna á Vestfjörðum í úrgangsmálum á fundi fulltrúa sveitarfélaganna með ráðgjafa og fulltrúa Vestfjarðastofu, sem haldinn var á Patreksfirði 15. apríl 2024. Auk þess sem komu einstök stefnumótandi atriði fram og voru rædd á fundum vinnuhóps sveitarfélaganna og í samskiptum ráðgjafa við fulltrúa einstakra sveitarfélaga. Samtals tóku 17 fulltrúar sveitarfélaganna á

⁴ „For the purpose of calculating whether the targets ... have been attained: ... the weight of the municipal waste recycled shall be calculated as the weight of waste which, having undergone all necessary checking, sorting and other preliminary operations to remove waste materials that are not targeted by the subsequent reprocessing and to ensure high-quality recycling, enters the recycling operation whereby waste materials are actually reprocessed into products, materials or substances“. (Liður 1(c) í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs).

Vestfjörðum þátt í stefnumótunarfundinum, auk ráðgjafa og starfsfólks Vestfjarðastofu. Öll sveitarfélögin áttu fulltrúa á fundum, að Árneshreppi frátöldum. Niðurstöður fundarins mynduðu grunn að þeirri stefnu sveitarfélaganna í úrgangsmálum sem birt er í kafla 2, svo og að aðgerðaáætluninni (kafla 3). Hvort tveggja hefur síðan verið mótað áfram í samvinnu við sveitarfélögin.

5.3 Hugtakanotkun

Við gerð svæðisáætlunarinnar var kappkostað að nota hugtök í úrgangsmálum á þann hátt sem mælt er fyrir um í skilgreiningarköflum laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og í reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. nr. 803/2023. Þetta felur m.a. í sér notkun eftirfarandi skilgreininga:

Endurnýting: Aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Endurnýting skiptist annars vegar í efnisendurnýtingu, þar á meðal undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu, og hins vegar í orkuendurnýtingu, þar á meðal uppvinnslu sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti.

Endurvinnsla: Hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinnna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar.

Fylling: Sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áður nefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi.

Förgun: Hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting.

Heimilisúrgangur: Úrgangur sem flokkast sem:

- i. blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,
- ii. blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,
- iii. en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróm, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.

Lífúrgangur: Lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, heildsölum, smásölum, veitingastöðum, mótuneytum og veisluþjónustufyrirtækjum, og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Óvirkur úrgangur: Úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Við útreikning endurvinnsluhlutfalla var sem fyrr segir farið eftir lið 1(c) í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs, sem íslensk úrgangslöggjöf byggir á, en samkvæmt því skulu endurvinnsluhlutföll reiknuð út frá því magni sem skilar sér inn í endurvinnslustöð þegar búið er að vinsa úr þann hluta úrgangsins sem ekki hentar í vinnsluna.⁵

Við gerð svæðisáætlunarinnar var litið svo á að ráðstöfun lífúrgangs teldist því aðeins endurvinnsla að afurðin nýtist sem jarðvegsbætir. Þessi túlkun er í samræmi við lið 4 í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs, þar sem gerð er krafa um að afurðin hafi í för með sér *“benefits to agriculture or ecological improvement”*. Fylling uppfyllir ekki þetta skilyrði og telst endurnýting en ekki endurvinnsla (sjá framar). Í þeim tilvikum þar sem lífúrgangur nýtist hvorki sem jarðvegsbætir eða til fyllingar verður að líta svo á að honum sé fargað.

Til frekari skýringa á því hvað teljist endurvinnsla, hvað teljist fylling og hvað teljist förgun þegar um lífúrgang er að ræða, vísast í bækling Umhverfisstofnunar frá því í apríl 2024 um endurnýtingu úrgangs í fyllingar. Þar kemur m.a. fram að aðeins sé *„leyfilegt að nota úrgang í fyllingar ef hann kemur í stað annars efnis sem hefði verið fengið í verkið. Fylling [skuli] ávallt vera í samræmi við skipulag og [skuli] uppfylla allar eftirfarandi kröfur“*:⁶

1. *Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingar þarf að koma í staðinn fyrir efni (sem ekki er úrgangur) sem annars væri keypt eða fengið sérstaklega fyrir framkvæmdina, t.d. úr námu.*
2. *Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er má einungis vera í því magni sem þarf fyrir framkvæmdina.*
3. *Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingu skal henta í fyrirhugaða framkvæmd.*

Í umræddum bæklingi er áréttað að fylling sé ekki leið til að losa sig við úrgang og að úrgangurinn sem er notaður megi *„ekki menga, auka mengun á, í eða við fyllingarsvæðið“*. Þá séu fyllingar þar sem endurnýtt eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar (sbr. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana). Einnig er á það bent að orðið *landmótun* sé ekki skilgreint í umhverfislöggjöfinni. Umhverfisstofnun mælir því með að notkun orðsins sé hætt í þessu samhengi og að hugtökin urðun eða fylling séu eingöngu notuð.⁷

⁵ Sjá kafla 5.1.

⁶ Umhverfisstofnun (2024).

⁷ Sama heimild.

6 Markmið stjórnvalda á beinni ábyrgð sveitarfélaga

6.1 Töluleg markmið um heimilisúrgang

Í 7. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, og í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum,⁸ er að finna ýmis markmið sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist. Nokkur þeirra markmiða sem snúa beint að sveitarstjórnnum eru eftirtalin. (Ártöl í svigum sýna hvenær markmiði skuli náð):

- Endurvinnsla heimilisúrgangs
 - 50%
 - 55% (2025)
 - 60% (2030)
 - 65% (2035)
- Urðun heimilisúrgangs
 - 10% (2035)

Markmið stjórnvalda um endurvinnsluhlutföll snúa einnig að einstökum úrgangsflokkum, en í þeim efnum liggur ábyrgðin að miklu leyti á herðum Úrvinnslusjóðs. Hér er sjónum því einkum beint að heimilisúrganginum.

Heimilisúrgangur er skilgreindur svo í 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003:

- i. *blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,*
- ii. *blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum, en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.*
- iii.

Skilgreiningin hér að framan endurspeglar ekki að öllu leyti í þeirri flokkun úrgangs sem lesa má úr fyrirliggjandi tölum, sem stafar af því að nokkrir úrgangsflokkar innihalda bæði heimilisúrgang og rekstrarúrgang í ótilgreindum hlutföllum. Þetta á einkum við um úrgangsflokkinn „Annar grófur úrgangur“, sem svo er nefndur í úrgangstölfræði þjónustuaðila. Alla jafna má ætla að þessi úrgangsflokkur innihaldi fyrst og fremst byggingar- og niðurrifsúrgang, en í honum leynast einnig m.a. húsgögn, dýnur o.fl., sem í reynd er ekki byggingar- og niðurrifsúrgangur og ætti því að skilgreinast sem heimilisúrgangur og hafa þar áhrif á endurvinnsluhlutföll. Við gerð þessarar svæðisáætlunar var farin sú leið að áætla að 20% af „Öðrum grófum úrgangi“ sé í raun heimilisúrgangur. Úrgangsflokkurinn „Hreint timbur“ inniheldur væntanlega einnig bæði heimilisúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang. Að öllum líkindum eru þó vörubretti uppistaðan í þessum úrgangsflokki – og þar sem litið er á vörubretti sem viðarumbúðir teljast þau heimilisúrgangur í skilningi laganna. Hér er því farin sú leið að líta á allt „Hreint timbur“ sem heimilisúrgang.

⁸ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021).

6.2 Önnur töluleg markmið

Auk þeirra markmiða um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs sem fjallað er um í kafla 6.1, hafa stjórnvöld sett töluleg markmið sem leggja tilteknar skyldur á sveitarstjórnir hvað varðar urðun lífræns úrgangs og endurnýtingu byggingar- og niðurrifsúrgangs. Um er að ræða eftirtalin markmið. (Ártöl í svigum sýna hvenær markmiði skuli náð):

- Urðun lífræns úrgangs (sbr. 7. gr. rgl. nr. 803/2023)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (heimilisúrgangur) (2020) (Hámark 25.244 tonn á landsvísu)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (rekstrarúrgangur) (2020) (Hámark 58.905 tonn á landsvísu)
- Urðun lífræns úrgangs (sbr. stefnu ráðherra (Aðgerð 16))
 - Bann (2025)?
- Byggingar- og niðurrifsúrgangur
 - 70% efnisendurnýting (2020)

Markmiðin um hámarksurðun lífræns úrgangs eru gömul að grunni til og hafa að vissu leyti verið leyst af hólmi með öðrum markmiðum. Engu að síður er þau enn að finna í löggjöf um úrgangsmál. Þarna er um að ræða markmið um að árið 2020 skuli lífrænn úrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna úrgangs sem féll til 1995, annars vegar fyrir heimilisúrgang og hins vegar rekstrarúrgang. Í reynd er ógjörningur fyrir einstök sveitarfélög eða svæði að ganga úr skugga um hvort þetta markmið hafi náðst, bæði vegna þess að upplýsingar um raunverulegt magn 1995 eru óáreiðanlegar og vegna þess að ekki er hægt að lesa núverandi magn (eða magnið 2020 sem var eindagi markmiðsins) út úr úrgangstölfræðinni eins og hún er sett fram. Ástæða þess síðarnefnda er að inn í tölurnar ber að reikna allan lífrænan úrgang, þ.m.t. þann lífræna úrgang sem falinn er í blönduðum úrgangi. Vissulega er hægt að áætla hlutdeild lífræna úrgangsins í einstökum flokkum úrgangs sem sendur er til urðunar, en í slíkum áætlunum eru jafnan notaðar staðlaðar prósentutölur sem endurspeglar ekki breytileika milli sveitarfélaga, svo sem vegna mismunandi árangurs í sersöfnun lífúrgangs. Niðurstaðan verður því óhjákvæmilega marklítill. Enn fremur voru viðmiðunartölur fyrir 1995 reiknaðar fyrir einstaka urðunarstaði og síðan þá hafa orðið töluverðar breytingar á því hvert einstök sveitarfélög senda úrgang til urðunar. Þetta gerir útreikninga og samanburð enn ómarkvissari en ella. Með hliðsjón af þessu var ákveðið við gerð þessarar svæðisáætlunar að reyna ekki að leggja mat á hvort umrædd markmið hafi náðst. Vandséð er að frekari úrvinnsla hvað þetta varðar komi að nokkru gagni í því starfi sem framundan er í úrgangsmálum sveitarfélaga.

Samkvæmt síðara markmiðinu sem hér er til umfjöllunar áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi að fara til efnisendurnýtingar 2020. Í minnisblaði sem Environice vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga 2022 var komist að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórnir beri ekki ábyrgð á að þessu markmiði verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta feli í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs, (sbr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003). Á sveitarstjórnnum hvíli einnig sú skylda að

ákveða fyrirkomulag söfnunar og þær geta sett sérstök ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs um skyldu lögaðila til að flokka úrganginn sem um ræðir. Ákvæði um þá skyldu er reyndar þegar að finna í byggingarreglugerð, þar sem fram kemur að úrgangurinn skuli flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.⁹

Þrátt fyrir að sveitarstjórnir beri ekki beinlínis ábyrgð á að markmiðið um 70% efnisendurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs náist er gerð tilraun til þess í kafla 8 að leggja mat á stöðu hvers sveitarfélags um sig gagnvart þessu markmiði. Fyrirliggjandi tölur eru hins vegar ekki nægjanlega sundurliðaðar til að hægt sé að aðgreina magn byggingar- og niðurrifsúrgangs frá öðrum magntölum með óyggjandi hætti.

6.3 Rusl á víðavangi

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, kemur fram að eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til skuli koma fram í áætluninni „*ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess*“ (sjá framar) og samkvæmt 14. gr. sömu reglugerðar skal sveitarstjórn „*sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum*“. Í 8. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, kemur fram að í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda plastvara og veiðarfæra felist að þeir skuli fjármagna söfnun þessara vara „*þegar þær eru orðnar að úrgangi, fjármagna upplýsingagjöf og fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi, sbr. 37. gr. h laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998*“. Á stjórnarfundum Úrvinnslusjóðs 14. apríl 2023 var samþykkt fyrirkomulag greiðslna úr sjóðnum fyrir slíka söfnun á víðavangi. Samkvæmt þessu verða greiddar 262 kr/kg fyrir einnota plastvörur sem bera úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóði ber að greiða af vegna söfnunar á víðavangi, þ.m.t. úrgangur úr ruslabiðum sem stjórnvöld hafa komið fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang. Ekki er gerð krafa um að efni verði sérgreint frá öðru efni sem safnast á víðavangi heldur er gengið út frá því að hlutfall einnota plastvara af heildarsöfnun úrgangs sem safnast sé 5%. Greiðslur eru bundnar við hreinsun á vegum sveitarfélaga og annarra opinberra aðila eða hreinsun sem gerð er í umboði þeirra.¹⁰

Ljóst er að aðferðir og umfang hreinsunar á rusli á víðavangi ræðst mjög af aðstæðum á hverjum stað. Svæðisáætlunin sem hér um ræðir nær til átta sveitarfélaga sem eru hvert öðru ólík m.t.t. íbúafjölda, landstærðar, o.fl. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að ná yfir víðáttumikil strandsvæði þar sem mikið af rusli á vanda til að safnast fyrir. Flest sveitarfélögin hafa staðið fyrir hreinsunarátökum, þar sem m.a. er leitast við að tína saman rusl sem dreifst hefur um viðkomandi svæði. Nýtilkomnar greiðslur úr Úrvinnslusjóði eru til þess fallnar að auðvelda þessa starfsemi, en hrökkva þó fljótt á litið skammt. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum síðsumars 2024 höfðu þá enn engar greiðslur borist frá Úrvinnslusjóði¹¹ þrátt fyrir að 16 mánuðir væru liðnir frá því

⁹ Stefán Gíslason(2022).

¹⁰ Úrvinnslusjóður (2023).

¹¹ Upplýsingar á fundi með tengiliðum sveitarfélaga 22. ágúst 2024.

að stjórn sjóðsins tók ákvörðun um fyrirkomulag greiðslna. Því ríkir mikil óvissa um fjármögnun aðgerða til að hreinsa rusl á víðavangi.

6.4 Þýðingarmikil hráefni

Eins og fram kemur í kafla 4.2 skal, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til, m.a. fjalla í svæðisáætlun um sérstakt fyrirkomulag vegna úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum. Hugtakið *Þýðingarmikil hráefni* (e. critical raw materials) er ekki skilgreint í íslenskri löggjöf, að öðru leyti en því sem fram kemur í 3. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs þar sem hugtakið er skilgreint sem „*hráefni sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir þýðingarmikil hráefni*“.

Þýðingarmikil hráefni eru skilgreind í Viðauka II við Evrópureglugerð um þessi hráefni frá því í apríl 2024,¹² en í viðaukanum er birt 5. útgáfa af lista yfir efnin. Fyrsta útgáfan birtist 2011 og hefur síðan verið uppfærð á þriggja ára fresti.¹³ Vitað er að nokkur þessara hráefna koma við sögu í meðhöndlun úrgangs á Íslandi, svo sem antímon, beryllíum, kóbalt, líþíum, magnesíum, kísilmálmur, platína, títan og vanadíum, en þessi efni er væntanlega einkum að finna í eldvarnarefnum, blýrafgeymum, raftækjum og rafeindatækjum (þ.m.t. lækningatækjum), rafhlöðum, hálfleiðurum, hvarfakútum, efnahvötum, gleri, keramík, tilbúnum áburði og hergögnum, svo eitthvað sé nefnt.

Sveitarfélögum er augljóslega vandi á höndum þegar kemur að umfjöllun um þýðingarmikil hráefni í svæðisáætlun, annars vegar vegna þess að þau hafa engin lagaákvæði né leiðbeiningar til að styðjast við og hins vegar vegna þess að árangur af endurheimt þessara efna ræðst öllu öðru fremur í námuvinnslu, á framleiðslustað þess varnings sem efnin eru notuð í og á stöðum þar sem unnið er að endurvinnslu slíks varnings (svo sem málmendurvinnslu og endurvinnslu á rafhlöðum og öðrum rafbúnaði). Hlutverk sveitarfélag hlýtur einkum að lúta að því að tryggja að varningur sem inniheldur þessi efni eigi greiðan farveg í endurvinnslu í stað þess að vera fargað á urðunarstöðum eða með öðrum hætti. Þetta á væntanlega einkum við um málma og raftækjaúrgang.

Með hliðsjón af framanskráðu verður ekki fjallað nánar um þýðingarmikil hráefni í þessari svæðisáætlun, heldur aðeins vísað í almenna umfjöllun áætlunarinnar um úrgangsforvarnir og bættu aðstöðu til söfnunar og flokkunar úrgangs.

¹² Framkvæmdastjórn ESB (2024b).

¹³ Framkvæmdastjórn ESB (2023).

7 Staða úrgangsmála á Vestfjörðum í árslok 2023

Þessi kafli hefur að geyma helstu atriðin úr ítarlegri greiningu sem gerð var á stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum á Vestfjörðum á útmánuðum 2024 miðað við árslok 2023, en í kafla 8 er fjallað nánar um stöðuna í hverju sveitarfélagi um sig. Greiningin miðast við þáverandi sveitarfélagamörk, þar sem hún var gerð áður en Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð sameinuðust vorið 2024. Einnhverjar breytingar á fyrirkomulagi kunna einnig að hafa verið gerðar það sem af er árinu 2024, en þær breytingar endurspeglast ekki í stöðugreiningunni.

Þann 1. janúar 2024 voru íbúar á Vestfjörðum samtals 7.168 í nýu sveitarfélögum. Tafla 1 sýnir íbúafjöldann í hverju sveitarfélagi um sig, flatarmál sveitarfélaga og hlutfallsskiptingu íbúa milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Tafla 1. Flatarmál og íbúafjöldi sveitarfélaga á Vestfjörðum 1. janúar 2024.

Sveitarfélag	Flatarmál km ²	Íbúafjöldi 1.1.2024	Þar af (%)		Íbúar á hvern km ²
			Í þéttbýli	Í dreifbýli	
Reykholahreppur	1.096	236	45,8%	54,2%	0,22
Vesturbyggð	1.336	1.106	91,5%	8,5%	0,83
Tálknafjarðarhreppur	175	250	93,6%	6,4%	1,43
Ísafjarðarbær	2.380	3.797	95,7%	4,3%	1,59
Bolungarvíkurkaupstaður	108	989	98,2%	1,8%	9,18
Súðavíkurhreppur	750	219	76,7%	23,3%	0,29
Strandabyggð	1.834	414	70,5%	29,5%	0,23
Kaldrananeshreppur	458	104	61,5%	38,5%	0,23
Árneshreppur	705	53	0,0%	100,0%	0,08
Samtals	8.842	7.168	90,5%	9,5%	0,81

Eins og sjá má í töflunni hér að framan þjuggu rúm 90% af 7.168 íbúum Vestfjarða í þéttbýli í árslok 2023 en tæp 10% í dreifbýli. Atvinnulíf í landshlutanum er fremur fjölbreytt. Þar veða útgerð og fiskvinnsla þungt, en einnig fiskeldi, landbúnaður og ferðaþjónusta, auk ýmissar annarrar önnur þjónustu og iðnaðar. Þess er að vænta að úrgangur sem til fellur í landshlutanum endurspegli fjölbreytni atvinnulífsins.

7.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í árslok 2023 höfðu fimm af nýu sveitarfélögum á Vestfjörðum komið á einhverri útgáfu af fjögurra flokka kerfi með aðstöðu fyrir sérsöfnun pappírsumbúða, plastumbúða og lífúrgangs, auk blandaðs úrgangs. Þó var lífúrgangi ekki safnað í dreifbýli Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps og Súðavíkurhrepps. Í Reykhólahreppi var pappír og plasti safnað í sama ílát („græntunnu“) og á Ströndum var aðeins safnað blönduðum úrgangi við heimahús en íbúum ætlað að skila flokkuðum úrgangi miðsvæðis.

Ekkert þeirra fimm sveitarfélaga sem komið höfðu á fjögurra flokka kerfi notuðu fjögur ílát við söfnunina. Í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi var blönduðum úrgangi safnað í 240 l ílát (hér eftir nefnt „grátunna“) og lífúrgangi í 120 l ílát (hér eftir nefnt „brúntunna“). Þriðja ílátið var svo að grunni til ætlað fyrir pappír, en í því var 55 l hólf fyrir plastumbúðir. Við Ísafjarðardjúp (Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og

Súðavíkurhreppur) var lífúrgangi safnað í 35 l hólfi innan í grátunnunni en pappír og plasti í tvískipt ílát.

Almennt þjónustuðu sveitarfélögin ekki rekstraraðila hvað söfnun úrgangs varðar, en þeir gátu skilað úrgangi á söfnunarstöð gegn gjaldi og/eða samið við þjónustuaðila um þá þjónustu sem þeim hentaði.

Eftirfarandi tafla hefur að geyma yfirlit yfir tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Vestfjörðum í árslok 2023. Sums staðar var ekki viðhaft sama fyrirkomulag í dreifbýli og þéttbýli og því er gerð grein fyrir losunartíðni í hvorri gerð byggðar fyrir sig.

Tafla 2. Tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Vestfjörðum í árslok 2023. Tölur tákna fjölda vikna milli losana.

	Reykholahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðarhreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
Þéttbýli									
Pappírsumbúðir		2	2	2	2	2			
Plastumbúðir		2	2	2	2	2			
Pappírsumbúðir/plastumbúðir	6								
Lífúrgangur	6 (3)	2	2	2	2	2			
Blandaður úrgangur	4	4	4	2	2	2	2	2	
Dreifbýli									
Pappírsumbúðir		3	3	2	2				
Plastumbúðir		3	3	2	2				
Pappírsumbúðir/plastumbúðir	6								
Lífúrgangur				2	2				
Blandaður úrgangur	4	3	3	2	2				

Athugasemdir

Reykholahreppur: Lífúrgangi safnað oftast yfir sumarmánuðina (júní-september)

7.2 Grenndarstöðvar

Eftirfarandi tafla gefur gróft yfirlit yfir tilvist og tilhögun grenndarstöðva í sveitarfélögum á Vestfjörðum í árslok 2023. Flokkunarbarir (lúgur) á söfnunarstöðvum eru taldar með í töflunni, svo og aðrir losunarstaðir sem almenningur hefur aðgang að allan sólarhringinn. Í Reykhólahreppi er stöðvum fjölgað yfir sumarmánuðina. Þar er sumartalan tilgreind í sviga.

Tafla 3. Grenndarstöðvar í árslok 2023 – Fjöldi og fyrirkomulag.

	Reykholahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðahreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
Fjöldi í þéttbýli	1	2	1	5	0	0	1	1	1
Fjöldi í dreifbýli	2 (4)	10		0	0	10	x	1	x
Málmumbúðir		x	x	x			(x)	x	(x)
Glerumbúðir		x	x	x			(x)	x	(x)
Textíll		x	x	x			(x)	x	(x)
Pappírsumbúðir		x	x				(x)	x	(x)
Plastumbúðir		x	x				(x)	x	(x)
Blandaður úrgangur	x					x	x	x	x

Athugasemdir

Reykholahreppur:

Stöðvum fjölgað yfir sumarmánuðina.

Strandabyggð og Árneshreppur:

Grenndarstöðvar í dreifbýli aðeins fyrir blandaðan úrgang

7.3 Söfnunarstöðvar

Söfnunarstöðvar eru reknar á öllum helstu þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum og er rekstur þeirra alla jafna í höndum úrgangsverktaka sem þjónusta sveitarfélögin. Eftirfarandi tafla gefur gróft yfirlit yfir tilvist og tilhögun söfnunarstöðva í sveitarfélögum á Vestfjörðum í árslok 2023.

Tafla 4. Söfnunarstöðvar á Vestfjörðum í árslok 2023 – Fjöldi og fyrirkomulag.

	Reykholahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðahreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
Fjöldi	1	2	1	4	1	1	1	0	0
Opnunartími (klst/viku)	6	6/4	4	35/2	12	12	?		
Lúgur	nei	já	já	nei	nei	nei	já		
Gjaldtaka	?	G	G	G	G	G	?		

Skýringar:

G = Gjaldtaka á staðnum

7.4 Önnur söfnun og flokkun

Algennt er að tilteknum úrgangsflokkum sé safnað án beinnar aðkomu sveitarfélaga. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að skv. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, skal sveitarstjórn „ákveða fyrirkomulag söfnunar á

heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir“. Sveitarstjórnir þurfa með öðrum orðum ekki að vera beinir þátttakendur í söfnuninni sem slíkri.

Þeir úrgangsflokkar sem helst er safnað án beinnar aðkomu sveitarfélaga teljast að hluta til heimilisúrgangs og fyrirkomulagið hefur því áhrif á hvernig viðkomandi sveitarfélagi gengur að ná endurvinnslumarkmiðum fyrir heimilisúrgang. Því er ljóst að sveitarfélögin þurfa að hafa yfirsýn yfir söfnun af því tagi sem hér er nefnd og vera tilbúin að grípa inn í ef söfnunin leggst af eða er ekki talin samrýmast markmiðum laga eða því fyrirkomulagi söfnunar sem sveitarstjórn hefur ákveðið.

Það söfnunarfyrirkomulag sem hér um ræðir getur m.a. átt við um nytjahluti, fatnað (textíl) og skilagjaldsskyldar umbúðir. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fyrirkomulag þessara mála í öllum sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Fljótt á litið virðist aðgengi að söfnun af þessu tagi allgott, sérstaklega á þéttbýlisstöðum. Í nokkrum sveitarfélögum er auk þess ráðist í árstíðabundin hreinsunaráttök, sem snúast þá öðru fremur um brotamálma og garðaúrgang. Víða er heyrulluplast einnig sótt reglulega til bænda, að einhverju leyti fram skv. beinu samkomulagi úrgangsverktaka við bændur.

Eftirfarandi tafla gefur gróft yfirlit yfir aðra söfnun og flokkun í sveitarfélögum á Vestfjörðum í árslok 2023, að svo miklu leyti sem upplýsingar um þetta lágu fyrir:

Tafla 5. Önnur söfnun og flokkun (árslok 2023).

	Reykholahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðarhreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
Nytjagámur		G					G		
Nytjamarkaður		+							
Fatasöfnun	+	+					+		
Skilagjaldsskyldar umbúðir		+	+						
Heyrulluplast – söfnun	6/ár	+				+	+	+	2/ár
Garðaúrgangur		T	T	G	S	T			
Seyra – ráðstöfun	H								

Skýringar:

G = Gámar

S = Söfnunarstöð

T = Tippur

H = Flutt til Hólmavíkur

7.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Stærstur hluti þess úrgangs sem fellur til á Vestfjörðum er fluttur til meðhöndlunar í öðrum héruðum eða erlendis. Aðeins þrír staðir í fjórðungnum hafa starfsleyfi frá Umhverfisstofnunar til meðhöndlunar úrgangs:

1. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. rekur urðunarstað í landi Skeljavíkur við Hólmavík. Þar er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum á ári til urðunar, úrvinnslu og geymslu, enda sé úrgangurinn uppruninn á Ströndum eða í dreifbýli Súðavíkurhrepps.
2. Bolungarvíkurkaupstaður rekur urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Hóls. Þar er heimilt að taka þar á móti og urða allt að 600 tonn af óvirkum úrgangi á ári, auk þess sem taka má á móti viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar.
3. Ísafjarðarbær rekur móttökustöð í Engidal. Þar er heimilt að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, pökkunar og geymslu.

Þessu til viðbótar hefur Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gefið út starfsleyfi fyrir a.m.k. tvo staði þar sem tekið er við úrgangi af einhverju tagi:

1. Í námu sem Ísafjarðarbær rekur við Úlfsá í Dagverðardal er heimilt að nýta árlega 100 tonn af óvirkum jarðvegsúrgangi, lífrænan garðaúrgang og trjáaflippur til „landmótunar“ og frágangs.
2. Ísafjarðarbær hefur heimild til ótilgreindrar endurvinnslu á ótilgreindu magni úrgangs í Funa í Engidal. Að sögn rúmast jarðgerð innan þessa starfsleyfis.

Á Vestfjörðum eru tveir aflagðir urðunarstaðir sem vaktaðir eru í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun:

1. Aflagður urðunarstaður er staðsettur í Vatnseyrarhlíð í Vesturbyggð. Fyrirmæli um frágang og vöktun gilda til 29. janúar 2045.
2. Sorpbrennslan Funi rak á sínum tíma urðunarstað við Klofning á Flateyri. Fyrirmæli um frágang og vöktun voru gefin út 15. nóvember 2012. Gildistími kemur ekki fram í skjalinu, en almennt er miðað við 30 ár í þessu sambandi. Samkvæmt því gilda fyrirmælin væntanlega fram í nóvember 2042.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt er vitað um nokkra óvaktaða staði á Vestfjörðum þar sem úrgangi hefur verið fargað. Upptalningin byggir á upplýsingum sem fram komu við svæðisáætlunargerðina og er væntanlega ekki tæmandi:

1. Brjánslækur á Barðaströnd: Talsvert magn af brotajárni o.fl.
2. Við Vaðalsá á Barðaströnd: Mikið magn af úr sér gengum bílum og tækjum.
3. Við vegamót á Rauðasandi, við Bjarngötudal: Talsvert magn af brotajárni o.fl.
4. Við botn Patreksfjarðar. Stálskipið Garðar í fjöruborði með svartolíu í lestum og greinileg merki um olíuleka.
5. Hvalsker við Patreksfjörð: Mikið safn af vinnuvélum, bílhræjum og bortajárni.
6. Norður-Botn, Tálknafirði: Urðaður plastúrgangur, járnarusl og sýktur fiskur.
7. Strandgata 39-41, Tálknafirði: Járn, vélarhlutar o.fl. urðað í fjöru.
8. Strandgata, „á sandinum“, Tálknafirði: Líklega urðuð bílhræ og annað járnarusl.

9. Við Naustatanga í Tálknafirði: Brotajárn í sjávarkambi.
10. Við geymslusvæði í Hrafnadal, Tálknafirði: Urðað brotajárn og brennsluleifar.
11. Innan og neðan við Pollinn, Tálknafirði: Brotajárn og brennsluleifar.
12. Kvígindisfell í Tálknafirði: Urðuð bílhræ.
13. Við Járnhól í Bíldudal: Mikið magn af brotajárni.
14. Auðahrísdalur í Arnarfirði: Ýmiss konar uppsafnaður úrgangur.
15. Foss í Fossfirði: Ýmiss konar uppsafnaður úrgangur.
16. Við Sanda í Dýrafirði: Gamall brennslu- og urðunarstaður, m.a. fyrir olíuúrgang.
17. Flateyri: Olíumengaður jarðvegur vegna leka úr olútanki fyrr á árum.
18. Flateyri: Vestan við eyrina er mikið af gömlu brotajárni.
19. Torfnes, Ísafirði: Gamall urðunarstaður.
20. Neðstakaupstað, Ísafirði (nálægt gatnamótum Sindragötu og Njarðarsunds): Gamall urðunarstaður.
21. Skarfasker við Hnífsdal: Lengi starfrækt sorpbrennslustöð.
22. Við Bolungarvík: Aflögð olíubirgðastöð án fullnægjandi frágangs.
23. Látrar í Aðalvík: Niðurgrafinn olútankur með vísbendingar um leka.
24. Straumnesfjall: Gamall urðunarstaður.
25. Straumnesfjall: Aflögð ratsjástöð.
26. Garðsstaðir í Ögurvík: Mikið magn bílhræja.
27. Ögurvík: Skipsflak í fjöru, úrgangur brenndur og urðaður á staðnum.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hefur garðaúrgangur verið afsettur á nokkrum stöðum á Vestfjörðum, án þess að sótt hafi verið um starfsleyfi eða komið á kerfi til eftirlits. Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, er óheimilt er losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma, þó með þeim undantekningum að heimilt er að losa lífúrgang í heimajarðgerð. Einnig er heimilt að brenna úrgang á skipulögðum brennum, svo sem áramótabrennum, sem hefur verið veitt starfsleyfi fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Vitað er um a.m.k. 12 miltisbrunagrafir á Vestfjörðum. Gerð er grein fyrir þeim í köflum um stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig.

Umhverfisstofnun hefur útbúið sérstaka kortasjá um mengaðan jarðveg þar sem m.a. má sjá aflagða urðunarstaði og miltisbrunagrafir.¹⁴ Þessi kortasjá nýtist sveitarstjórnnum í skipulagsvinnu – og sömuleiðis er mikilvægt að sveitarstjórnir aðstoði við uppfærslu hennar ef fram koma upplýsingar sem þar er ekki að finna. Í aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög leiti leiða til úrbóta á megnuðum förgunarstöðum, m.a. í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun, úrgangshafa og landeigendur.

Ljóst er að forsendur fyrir meðhöndlun úrgangs breytast verulega á næstu árum með breyttum lagaákvæðum og hugsanlega vegna breytinga á neyslu. Þess er m.a. að vænta að magn blandaðs úrgangs minnki umtalsvert vegna krafna um aukna endurvinnslu og endalok urðunar sem ráðstöfunarleiðar. Jafnframt þarf þá að finna aðrar leiðir til afsetningar þess blandaða úrgangs sem falla mun til þrátt fyrir breyttar áherslur. Þetta kallar á að byggðar verði upp sorporkustöðvar sem framleiða raforku og varmaorku úr

¹⁴ Umhverfisstofnun (2023b).

úrganginum, en slík ráðstöfun úrgangs telst endurnýting en ekki förgun í skilningi laga. Vilji er til að kanna hagkvæmni uppsetningar slíkrar stöðvar á Vestfjörðum, en margt bendir þó til að vegna stærðarhagkvæmni kunni að vera fýsilegast að byggja upp eina slíka stöð fyrir landið allt, eða jafnvel að flytja úrgang utan til brennslu. Fljótt á litið er útflutningurinn kostnaðarsamari, en á móti kemur að orka sem framleidd er í sorporkustöðvum t.d. á meginlandi Evrópu kemur að miklu leyti í stað orku sem nú er framleidd með kolum. Sú er ekki raunin á Íslandi almennt, þar sem nær öll raforkuframleiðsla byggir á endurnýjanlegum orkugjöfum. Af þessu leiðir að orkuvinnsla úr úrgangi erlendis leiðir til mun meiri lækkunar á samanlögðu kolefnisspori en sambærileg vinnsla á Íslandi. Flutningar milli landa breyta þeirri mynd ekki svo neinu nemi. Í desember 2021 kom út yfirgripsmikil skýrsla starfshóps sem falið hafði verið að leggja mat í fýsileika þess að reisa sorporkustöð á Íslandi. Meginniðurstaða skýrslunnar var að hagkvæmt gæti verið að reisa eina stöð sem þjónar landinu öllu, væntanlega þá í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.¹⁵

Hagkvæmt kann að vera að koma upp miðlægri aðstöðu til jarðgerðar eða annarrar úrvinnslu lífræns úrgangs í smáum stíl (<1000 tonn/ár) í byggðarlögum á Vestfjörðum. Ætla má að úrvinnsla í stærri stöð sé hagkvæmari að öðru jöfnu, en við skoðun valkosta þarf að taka tillit til flutningskostnaðar sem er óhjákvæmilega verulegur þegar um er að ræða flutninga á milli Vestfjarða og annarra landshluta.

Þörf er á að bæta aðstöðu til meðhöndlunar og nýtingar seyru, en við gerð svæðisáætlunarinnar komu ekki fram nein dæmi um að seyra væri til landgræðslu né nokkurs annars. Í seyru liggja verðmæti, bæði vegna lífrænu efnanna sem þar er að finna og áburðarefna, einkum fosfórs.

Hagkvæmt kann að vera að bæta aðstöðu til urðunar óvirks úrgangs á Vestfjörðum, en alla jafna eru gerðar mun minni kröfur til mengunarvarna við urðunarstaði sem eingöngu taka við slíkum úrgangi. Með þessu má hugsanlega draga úr kostnaði, annars vegar vegna flutninga og hins vegar vegna urðunar, þar sem móttökugjöld á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang hljóta alla jafna að vera umtalsvert lægri en á sérhæfðum stöðum fyrir blandaðan úrgang. Í þessu sambandi hljóta einhvern tímann að koma til skoðunar þau óljósu mörk sem virðast vera milli urðunar annars vegar (sem krefst starfsleyfis frá Umhverfisstofnunar) og afsetningar á einhvers konar „tippum“ hins vegar (sem í einhverjum tilvikum er stunduð samkvæmt starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits).

7.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Blandaður úrgangur sem til fellur á Ströndum er allur urðaður á staðbundnum urðunarstað í landi Skeljavíkur við Hólmavík. Nokkurt magn af óvirkum úrgangi er urðað á Hóli í Bolungarvík, en að öðru leyti nýta sveitarfélög á Vestfjörðum urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum á Mýrum. Leiðin þangað er alllöng. Sem dæmi má nefna að aksturleið frá Ísafirði að Fíflholtum er 337 km þegar fært er yfir Dynjandisheiði, en 383 km ef aka þarf um Steingrímsfjarðarheiði og Þröskulda.

¹⁵ Helgi Þór Ingason (ritstj.), (2021).

Lífrænn úrgangur frá Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi og Ísafjardjúpi er jarðgerður á Ísafirði, en endar síðan í námu á Dagverðardal í ferli sem ekki uppfyllir lagaskilyrði um endurvinnslu. Lífrænn úrgangur úr Reykhólahreppi er sendur til meðhöndlunar í jarðgerðarstöðinni GAJA á höfuðborgarsvæðinu, en lífrænum úrgangi hefur ekki verið sérsafnað á Ströndum.

Þjónustuaðilar sjá um að koma flokkuðum úrgangi (öðrum en lífúrgangi) til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun.

Eftirfarandi tafla gefur gróft yfirlit yfir afdrif stærstu úrgangsflokkanna frá sveitarfélögum á Vestfjörðum eins og staðan var í árslok 2023.

Tafla 6. Förgun og önnur ráðstöfun úrgangs frá Vestfjörðum (árslok 2023).

	Reykhólahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðarhreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
Blandaður úrgangur	F	F	F	F	F	F	H	H	H
Óvirkur úrgangur	F	F	F	B	B	B	H	H	H
Lífúrgangur	G	Í	Í	Í	Í	Í	H	H	H
Annað endurvinnslufni	Þ	Þ	Þ	Þ	Þ	Þ	Þ	Þ	Þ

Skýringar:

- F = Urðað í Fíflholtum
- H = Urðað við Hólmavík
- B = Urðað í Bolungarvík
- G = Jarðgert í GAJA
- Í = Jarðgert á Ísafirði
- Þ = Þjónustuaðilar sjá um þennan þátt

7.7 Samningar við verktaka

Sveitarfélögin þrjú á Ströndum standa sameiginlega að Sorpsamlagi Strandasýslu ehf, en það félag sér um alla úrgangsþjónustu fyrir sveitarfélögin og kemur úrgangi í viðeigandi farvegi. Félagið sinnir einnig úrgangsþjónustu í dreifbýli Súðavíkurhrepps. Sveitarfélögin þrjú við Ísafjarðardjúp eru með samning við Kubb ehf. á Ísafirði og það sama gildir um Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepps. Íslenska gámafélagið ehf. í Reykjavík sinnir hins vegar úrgangsþjónustu fyrir Reykhólahrepp. Flestir eða allir samningar við þjónustuaðilana renna út í árslok 2024 eða á árinu 2025.

7.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Um það bil helmingur sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur sett sér sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs, en fljótt á litið tekur aðeins samþykkt Ísafjarðarbæjar mið af þeim breytingum á úrgangslöggjöfnni sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Að öllum líkindum er vinna hafin víðar við uppfærslu eldri samþykkt með hliðsjón af þessum breytingum. Öll sveitarfélögin innheimta sorpgjöld skv. gjaldskrá, sem í nær öllum tilvikum hefur verið

birt í Stjórnartíðindum. Gjaldskrár Ísafjarðarbæjar, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar taka mið af meginreglunni um „Borgað þegar hent er“ (BÞHE). Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gildandi samþykktir og gjaldskrár vegna meðhöndlunar úrgangs, sem gilda í sveitarfélögunum sem hlut eiga að þessari svæðisáætlun. Yfirlitið miðast við stöðuna eins og hún var 15. júní 2024, með fyrirvara um samþykktir og gjaldskrár sem ekki höfðu verið birtar í Stjórnartíðindum fyrir þann tíma.

Tafla 7. Gildandi samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna meðhöndlunar úrgangs, (miðað við 15. júní 2024).

Sveitarfélag	Númer	Heiti skjals (stytt)
Reykholahreppur	662/2016	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	1728/2023	Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs
Vesturbyggð	1691/2023	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
		Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs
Tálknafjarðarhreppur	989/2022	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	1532/2023	Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs
Ísafjarðarbær	1033/2023	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	1474/2023	Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs
Bolungarvíkurkaupstaður		Engin samþykkt í gildi Gjaldskrá aðeins birt á heimasíðu sveitarfélags
Súðavíkurhreppur	816/2003	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	754/2022	Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs
Strandabyggð	206/2024	Engin samþykkt í gildi
		Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu
Kaldrananeshreppur	1743/2023	Engin samþykkt í gildi
		Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu
Árneshreppur	1746/2023	Engin samþykkt í gildi
		Gjaldskrá fyrir sorphirðu og rotþróatæmingu

Árið 2023 námu útgjöld sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna „sorphreinsunar og sorpeyðingar“ (málaf. 08-2 í bókhaldi sveitarfélaga) samtals 363.396.704 kr. Á móti komu tekjur vegna sorpgjalda, móttökugjalda o.þ.h. upp á 292.773.761 kr. Nettókostnaður sveitarsjóða vegna málaflokksins var því 70.622.943 kr. eða 9.853 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. janúar 2024 (7.168 íbúar).^{16,17}

¹⁶ Byggt á upplýsingum frá sveitarfélögunum um kostnað ársins 2023, að því frátöldu að tölur fyrir Súðavíkurhrepp og Strandabyggð eru fengnar úr ársreikningum 2022 (sbr. Samband íslenskra sveitarfélaga (2023)).

¹⁷ Athygli vekur að yfirskrift málaflokksins í bókhaldi sveitarfélaga virðist enn vera „Sorphreinsun og sorpeyðing“ enda þótt sú hugtakanotkun samræmist illa skilgreiningum í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum. Eðlilegra væri í þessu samhengi að tala um „Úrgangsmál“ eða „Meðhöndlun úrgangs“. Einnig kann að vera þörf á betri samræmingu á því hvernig sveitarfélög skrá kostnað á þennan málaflokk og hvernig sá kostnaður er sundurliðaður.

Tafla 8. Tekjur og gjöld vegna úrgangsmála sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna meðhöndlunar úrgangs 2023.

Sveitarfélög	Íbúar	Heildarútgjöld		Tekjur málaflokksins		Nettóútgjöld	Niðurgr. úr sveitarsj.	
	1. jan. 2024	Kr	Kr/íbúa	Kr	Kr/íbúa	Krónur	Kr/íbúa	%
Reykholahreppur	236	28.384.513	120.273	13.046.550	55.282	15.337.963	64.991	54%
Vesturbyggð	1.106	78.181.792	70.689	69.015.872	62.401	9.165.920	8.287	12%
Tálknafjarðarhreppur	250	20.283.595	81.134	10.345.787	41.383	9.937.808	39.751	49%
Ísafjarðarbær	3.797	148.632.197	39.145	139.617.538	36.770	9.014.659	2.374	6%
Bolungarvíkurkaupstaður	989	33.795.986	34.172	26.245.500	26.537	7.550.486	7.634	22%
Súðavíkurhreppur	219	13.642.433	62.294	7.116.945	32.497	6.525.488	29.797	48%*
Strandabyggð	414	25.740.708	62.176	20.233.439	48.873	5.507.269	13.303	21%*
Kaldraneshreppur	104	7.298.538	70.178	5.074.130	48.790	2.224.408	21.389	30%
Árneshreppur	53	7.436.942	140.320	2.078.000	39.208	5.358.942	101.112	72%
SAMTALS og meðaltöl	7.168	363.396.704	50.697	292.773.761	40.845	70.622.943	9.853	19%

Samkvæmt 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Eins og taflan hér að framan sýnir var Ísafjarðarbær eina sveitarfélagið á Vestfjörðum sem komst nálægt því að uppfylla þetta ákvæði laganna miðað við tiltækar tölur frá árinu 2023.

Árið 2023 voru að meðaltali um 19% af heildarkostnaði vegna úrgangsmála sveitarfélaganna á Vestfjörðum greidd úr sveitarsjóðum, en sú tala fer í 29% ef Ísafjarðarbær er tekinn út úr myndinni. Hæst var niðurgreiðslan í Árneshreppi (72%). Þar var einnig kostnaður við málaflokkinn hlutfallslega mestur, eða um 140 þús. kr. á íbúa. Reykhólahreppur kom þar næstur á eftir með um 120 þús. kr. á íbúa, en í langflestum tilvikum var kostnaðurinn á bilinu 69-80 þús. kr. á íbúa. Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður skáru sig úr vegna lægri kostnaðar, en almennt er kostnaður við málaflokkinn hlutfallslega mun lægri í þéttbýli en dreifbýli. Minni munur er hins vegar á álögðum sorpgjöldum á hvern íbúa, enda væntanlega erfitt vegna samkeppnissjónarmiða að skera sig mjög úr hvað það varðar.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri úrgangsmálaflokksins í sveitarfélögunum í kjölfar gildistöku nýrra ákvæða úrgangslöggjafarinnar 1. janúar 2023. Flest bendir til að heildarkostnaður hafi hækkað við breytingarnar, en það kann að einhverju marki að stafa af þeirri óvissu sem breytingunum fylgir og af viðleitni verktaka til að tryggja sig gegn þessari óvissu við tilboðsgjöf og samningsgerð. Hugsanlega er hækkunin því að hluta til tímabundin. Breytingar á hlutverki Úrvinnslusjóðs kunna að sporna gegn kostnaðarhækkunum, en fljótt á litið má þó efast um að kostnaðarþátttaka sjóðsins breyti miklu í heildarsamhenginu.

Ljóst er að tekjuöflun sveitarfélaga mun breytast verulega með innleiðingu meginreglunnar um að borgað skuli þegar hent er (BPHE), ekki aðeins hvað upphæðir varðar, heldur ekki síður skiptingu gjaldanna á milli úrgangshafa. Í árslok 2023 virtust aðeins tvær sveitarstjórnir á Vestfjörðum vera komnar áleiðis í því að laga gjaldskrár sínar að þessum breytingum.

7.9 Útgáfa og kynning

Flest sveitarfélögin á Vestfjörðum birta hirðudagatöl og aðrar upplýsingar um úrgangsmál á vefsíðum sínum – og í mörgum tilvikum er einnig vísað í upplýsingar á heimasíðu þjónustuaðila. Ekkert sveitarfélaganna hefur hins vegar birt „upplýsingar um

innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vefsínum“, eins og skylt er skv. 3. mgr. 23. g. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

7.10 Framtíðarsýn

Auk vinnunnar við gerð Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum hafa flest sveitarfélögin sett stefnumótandi ákvæði um úrgangsmál inn í aðalskipulag. Meginlínan er í öllum tilvikum sú að draga skuli úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og lágmarka förgun.

7.11 Magntölur og endurvinnsluhlutföll

Töflurnar hér á eftir gefa yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá sveitarfélögum á Vestfjörðum 2023, annars vegar í kg og hins vegar í kg/íbúa, einkum byggt á upplýsingum frá þjónustuaðilum. Tölur um magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlaðar út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Töflurnar í töflunum ættu að vera nokkuð tæmandi hvað varðar úrgang sem safnað var frá heimilum og á móttökustöðvum. Meiri óvissa er í upplýsingum um úrgang frá fyrirtækjum með beina samninga við úrgangsverktaka, en þó er ástæða til að ætla að mikill meirihluti þess úrgangs endurspeglar í töflunum. Hafa ber í huga að í einhverjum tilvikum er misræmi í því hvernig þjónustuaðilar hafa skráð skiptingu úrgangs milli flokka og milli sveitarfélaga. Auk þess eru upplýsingar um raunverulega ráðstöfun ónákvæmar.

Tafla 9. Magn og ætluð ráðstöfun úrgangs frá sveitarfélögum á Vestfjörðum 2023.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:		7.168			
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans						
		Förgun		Endurnýting				
		Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals	
Númer	Tegund úrgangs							
Landbún., ræktun, veidar, matv. vinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0	
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	40.640	40.640	
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0	
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	
Heimilisúrgangur - Um búðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	298.186	298.186	
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	269.581	269.581	
	15 01 02a	Plastubúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	20.931	83.725	104.656	
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	28.672	28.672	
	15 01 04a	Málmubúðir (án skilagjalds)	0	0	0	743	743	
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	34.406	34.406	
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	3.987	95.681	99.668	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	1.415	1.415	
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	114.688	114.688		
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	113.300	113.300	
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	5.020	5.020	
	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	0	7.287	7.287	
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	70.290	316.258	0	0	386.548	
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	8.700	177.364	0	107.762	293.826	
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	476.689	0	0	0	476.689	
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	
	17 02 03	Plast	23.350	0	0	0	23.350	
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0	
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	
17 09 04	Annar grófur úrgangur	609.576	0	0	0	609.576		
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	4	0	0	4	
Heimilisúrgangur og samþæringlegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	293.348	0	0	9.200	302.548
	20 01 10/11	Fatnaður, skófátnaður og textíl	0	0	0	0	0	
	20 01 25	Mataróla og feiti	0	0	3.591	0	3.591	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	22.261	22.261
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	513.931	513.931
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	13.851	2.308	111	0	0	16.270
	20 02 01	Garðúrgangur	0	296.014	0	0	0	296.014
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	966.189	0	0	0	0	966.189
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	453.414	0	1.107	0	0	454.521
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	912.378	0	0	0	0	912.378
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	0
Samtals (kg)		3.534.437	1.085.296	29.727	107.762	1.638.736	6.395.958	

Tafla 10. Magn og áætluð ráðstöfun úrgangs frá sveitarfélögum á Vestfjörðum 2023 í kílóum á hvern íbúa.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024: 7.168				
Úrgangur á hvern íbúa		Úrgangur sem fellur til (kg/íbúa) og afdrif hans					
		Förgun		Endurnýting			Samtals
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Kalka	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún-, ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	6
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	42
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	38
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	3	0	12
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	4
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	5
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	1	0	13
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	16	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	16
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	1
	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	0	0	1
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	10	44	0	0	54
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	1	25	0	15	41
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	67	0	0	0	67
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	3	0	0	0	3
	17 05 03	Ólufumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
17 09 04	Annar grófur úrgangur	85	0	0	0	85	
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkráhusum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	41	0	0	1
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarólia og feiti	0	0	1	0	1
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	3
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	72
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	2	0	0	0	2
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	41	0	0	41
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	135	0	0	0	135
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	63	0	0	0	63
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	127	0	0	0	127
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
Samtals (kg)		493	151	4	15	229	892

Eins og sjá má á töflunum hér að framan féllu samtals til um 6.400 tonn af úrgangi á Vestfjörðum skv. fyrirbyggjandi tölum. Þar af fóru um 4.600 tonn (um 72%) í urðun eða aðra förgun, tæp 140 tonn (um 2%) í endurnýtingu (aðra en endurvinnslu) og um 1.640 tonn (tæp 26%) í endurvinnslu.

Eins og fram hefur komið gefur fyrirbyggjandi úrgangstölfræði ekki góða möguleika á að reikna „rétt“ endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs, þar sem ekki liggur í reynd fyrir hversu mikið af slíkum úrgangi fellur til í einstökum sveitarfélögum. Ofan á þetta bætist

síðan óvissa um hversu stór hluti þess úrgangs sem flokkaður er og sendur til endurvinnslu, er í raun endurunninn. Engu að síður er í töflunni hér að neðan gerð tilraun til að áætla magn og endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs sem féll til á Vestfjörðum 2023 miðað við fyrirbyggjandi tölur og með öllum þeim fyrirvörum sem nefndir hafa verið. Af töflunni hér að neðan má ráða að árið 2023 hafi endurvinnsluhlutfallið verið um 23%, en eins og fram kemur í kafla 6.1 átti endurvinnsluhlutfallið að vera komið í 50% árið 2020 og árið 2025 þarf hlutfallið að vera komið í 55%. Enn virðist því vanta mikið upp á hvað þetta varðar. Tækifæri til úrbóta eru nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum, en eitt af forgangsverkefnum hlýtur að vera að hefja sérsöfnun lífúrgangs frá heimilum og fyrirtækjum og koma honum til endurvinnslu, þ.e.a.s. í þeim sveitarfélögum þar sem það hefur ekki þegar verið gert. Sérsöfnun lífúrgangs er lögbundin og stutt í að óheimilt verði að farga úrgangi sem hefur verið sérsafnað. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að hafa í huga að nýting lífúrgangs til fyllingar telst ekki endurvinnsla.

Að fenginni reynslu er ekki fráleitt að áætla að vel heppnuð sérsöfnun lífúrgangs frá heimilum og fyrirtækjum geti skilað allt að 100 kg á íbúa á ári. Væri sérsöfnun á Vestfjörðum komin í það horf myndi það eitt og sér nægja til að hækka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs úr 23% í 32% miðað við fyrirbyggjandi tölur, enda sé þá um raunverulega endurvinnslu að ræða. Með því að koma skráðum garðaúrgangi einnig í endurvinnslufarveg myndi hlutfallið hækka í 42%. Við núverandi aðstæður virðist allur sá garðaúrgangur sem skráður er í úrgangsbókhaldið fara til förgunar, þ.e. til einhvers konar „landmótunar“ sem hefur nánast þann eina tilgang að losna við garðaúrganginn.

Forsenda þess að endurvinnslumarkmiðin náist er almennt sú að dregið verði úr magni blandaðs úrgangs með úrgangsforvörnum, betri flokkun og betri skilum til endurvinnslu.

Tafla 11. Magn og reiknað endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs frá sveitarfélögum á Vestfirðum 2023.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		2023	Íbúar:	7.168	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaumbúðir (bylgjupappi)	298.186	298.186	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappaumb. (sléttur pappi og fernur)	269.581	269.581	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	104.656	83.725	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	28.672	28.672	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	743	743	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	34.406	34.406	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	99.668	95.681	96%
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	1.415	1.415	100%
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	114.688	114.688	100%
Ýmisl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	7.287	7.287	100%
Bygg	17 02 01 a	Timbur (hreint)	293.826	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	121.915	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	302.548	9.200	3%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarólía og feiti	3.591	0	0%
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	22.261	22.261	100%
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	25.697	25.697	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	16.270	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	296.014	0	0%
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	966.189	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	454.521	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	912.378	0	0%
		Samtals (kg)		4.374.512	991.542
	Samtals (kg/íbúa)		610	138	23%

Eins og fram kemur í kafla 6.2 áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi að fara til efnisendurnýtingar árið 2020. Sveitarstjórnir bera þó ekki ábyrgð á að þessu markmiði verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta felur í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs. Á sveitarstjórnnum hvílir einnig sú skylda að ákveða fyrirkomulag söfnunar og þær geta sett sérstök ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs um skyldu lögaðila til að flokka úrganginn sem um ræðir. Ákvæði um þá skyldu er reyndar þegar að finna í byggingarreglugerð, þar sem fram kemur að úrgangurinn skuli flokkaður

með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.¹⁸

Fyrirliggjandi tölur eru ekki nægjanlega sundurliðaðar til að hægt sé að aðgreina magn byggingar- og niðurrifsúrgangs frá öðrum magntölum með óyggjandi hætti. Í töflunni hér að neðan er þó gerð tilraun til að leggja mat á stöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum gagnvart þessu markmiði, enda þótt sveitarstjórnir beri ekki ábyrgð á að það náist.

Tafla 12. Áætlað magn og endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs frá sveitarfélögum á Vestfjörðum 2023.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		2023	Íbúar:	7.168	
Byggingarúrgangur		Samtals (kg)	Þar af til endurnýtingar		
			Kg.	%	
Númer	Tegund úrgangs				
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	386.548	0	0%
	17 02 01 a	Tímur (hreint)	0	0	
	17 02 01 b	Tímur (annað eða óflokkað)	476.689	0	0%
	17 02 02	Gler	0	0	
	17 02 03	Plast	23.350	0	0%
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	487.661	0	0%
	Samtals (kg)		1.374.247	0	0%
Samtals (kg/íbúa)		192	0	0%	

Í stuttu máli benda fyrirliggjandi gögn ekki til að neinn byggingar- og niðurrifsúrgangur sem féll til á Vestfjörðum 2023 hafi farið til endurnýtingar. Miðað við það er afar langt í land með að ná 70 prósentu endurnýtingarmarkmiðinu. Rétt er þó að benda á að hér er gert ráð fyrir að sú ráðstöfun litaðs timbers að kurla það og nýta á urðunarstöðum eða á annan sambærilegan hátt sé í raun förgun en ekki endurnýting, þar sem efnið komi ekki í stað annars efnis sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Sama er látið gilda um úrgangsflokkinn „Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“ (óvirkur úrgangur), þó að þar kunni efnið í einhverjum tilvikum að vera nýtt til „landmótunar“ sem ekki hefur þann eina tilgang að afsetja efnið. Sé litið á ráðstöfun þessara úrgangsflokka sem endurnýtingu hækkar endurnýtingarhlutfallið verulega.

7.12 Framtíðarhorfur í úrgangsstraumum og flutningum

Í svæðisáætlun ber, eftir því sem við á, að leggja mat á það magn úrgangs sem líklegt er að verði flutt frá svæðinu eða til þess í náinni framtíð, auk mats á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni.

Tafla 9 hér að framan hefur að geyma yfirlit yfir það magn úrgangs sem féll til á Vestfjörðum 2023. Tölurnar í töflunni byggja sem fyrr segir á upplýsingum frá

¹⁸ Stefán Gíslason (2022).

Þjónustuaðilum og ættu sem slíkar að gefa nokkuð skýra mynd af úrgangsmagninu. Tölurnar sem þjónustuaðilarnir létu í té sýna uppruna úrgangsins eftir sveitarfélögum, en fela hins vegar ekki í sér upplýsingar um afdrif úrgangsins, þ.e.a.s. hver endanlegur áfangastaður hans var. Afdrifin sem lesa má úr töflunni eru því að einhverju leyti byggð á líkum og ágiskunum. Af sömu ástæðu er erfitt að greina nákvæmlega hversu mikill úrgangur var fluttur út af svæðinu.

Samkvæmt töflunni fóru samtals um 3.557 tonn af úrgangi frá sveitarfélögum á Vestfjörðum til urðunar árið 2023. Þar af var u.þ.b. 281 tonn urðuð á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu hf. í Skeljavík og þá u.þ.b. 3.276 tonn í Fíflholtum. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpurðum Vesturlands hf. voru þó aðeins urðuð þar 2.343 tonn frá Vestfjörðum þetta ár.¹⁹ Ekki liggur fyrir í hverju þessi munur liggur, en sem fyrr segir eru upplýsingar frá þjónustuaðilum um endanlegan áfangastað ekki nákvæmar. Þannig kann urðun í Fíflholtum að vera ofreiknuð í umræddri töflu, en urðun eða afsetning á ótilgreindum stöðum á Vestfjörðum (með eða án starfsleyfis) vanreiknuð að sama skapi.

Samkvæmt töflunni var u.þ.b. 1.085 tonnum fargað annars staðar en í Fíflholtum og í Skeljavík. Þar af fóru að öllum líkindum rúm 2 tonn til brennslu í Kólku (spilliefni og sóttmengaður úrgangur), en um 1.083 tonn voru afsett með öðrum hætti. Langstærstur hluti þess fór í „landmótun“ á Dagverðardal, en nokkurt magn var einnig afsett á urðunastað á Hóli í Bolungarvík og á ótilgreindum „tippum“ annars staðar í landshlutanum.

Tafla 9 gefur til kynna að u.þ.b. 30 tonn af úrgangi frá Vestfjörðum hafi farið til orkuvinnslu erlendis á árinu 2023. Langstærsti hlutinn af þessu voru plastumbúðir sem voru fjarlægðar í flokkunarmiðstöð úr öðrum sérsöfnum plastumbúðum vegna óhreininda eða af öðrum ástæðum – og sendar þaðan til orkuvinnslu. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um magn þessara umbúða, en við gerð svæðisáætlunarinnar var magnið áætlað út frá upplýsingum frá þjónustuaðilum og gert ráð fyrir að það næmi um 20% af heildarmagni sérsafnaðra plastumbúða.

Samkvæmt töflunni fóru um 108 tonn af hreinu timbri til endurnýtingar 2023. Það er áætluð tala yfir timbur sem notað var í stígagerð eða með öðrum þeim hætti sem uppfyllir lagaskilyrði um fyllingu.²⁰

Tafla 9 gefur til kynna að u.þ.b. 1.639 tonn af úrgangi frá Vestfjörðum hafi farið til endurvinnslu árið 2023. Eins og staðan er í dag er engin endurvinnsla stunduð í landshlutanum og því var þetta allt sent á suðvesturhornið og að stærstum hluta í útflutning þaðan.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir flutninga úrgangs frá Vestfjörðum 2023 miðað við upplýsingarnar hér að framan.

¹⁹ Rafbréf frá Sorpurðun Vesturlands hf. 26. ágúst 2024.

²⁰ Sjá kafla 5.3.

Tafla 13. Flutningar úrgangs frá Vestfjörðum 2023.

Áfangastaður	Tonn samtals
Til urðunar í Fíflholtum	3.276
Til brennslu í Kólku án orkunýtingar	2
Plast o.fl. til orkuvinnslu erlendis	30
Til endurvinnslu	1.639
Samtals	4.947

Af töflunni hér að framan má ráða að samtals hafi um 4.947 tonn af úrgangi verið flutt frá Vestfjörðum til annarra landshluta eða landa á árinu 2023. Ekki er vitað til að neinn úrgangur hafi verið fluttur inn á svæðið.

Eðli málsins samkvæmt standa vonir til að aðgerðir í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar leiði til þess að minni úrgangur falli til á næstu árum en undanfarin ár og að endurvinnsla verði stærri þáttur í meðhöndlun þess úrgangs sem til fellur. Út frá fyrirbyggjandi upplýsingum er erfitt að gera magnbundna áætlun um þessa þróun, en Tafla 14 gefur yfirlit yfir þau atriði sem vænta má að vegi þyngst í þeim efnum, svo og líkleg áhrif þessara atriða hvers um sig á þörfina fyrir flutning úrgangs innan svæðisins, til annarra svæða og inn á svæðið.

Tafla 14. Líkleg framtíðarþróun í magni úrgangs og flutningaþörf.

Líkleg framtíðarþróun	Líkleg áhrif á flutningaþörf		
	Innan Vestfjarða	Frá Vestfjörðum	Til Vestfjarða
1. Nokkur fjölgun íbúa (um 0,5% á ári).	Nokkur aukning	Nokkur aukning	Engin áhrif
2. Hægt minnkandi úrgangsmagn pr. íbúa vegna breyttrar neytendahegðunar, endurbættra umbúða o.fl.	Nokkur samdráttur	Nokkur samdráttur	Engin áhrif
3. Töluverð aukning í endurvinnslu lífræns úrgangs í kjölfar bættrar söfnunar lífúrgangs og væntanlegs banns við urðun lífræns úrgangs.	Töluverð aukning (Um 400 tonn/ár miðað við úrvinnslu innan svæðis)	Nokkur samdráttur (Um 400 tonn/ár miðað við úrvinnslu innan svæðis)	Engin áhrif
4. Nokkur aukning í endurvinnslu pappírs, plasts, glerumbúða og málma í kjölfar bættrar flokkunar.	Óveruleg breyting	Óveruleg breyting (Felst einkum í breyttum áfangastað utan svæðis)	Engin áhrif
5. Bætt nýting efna úr byggingar- og niðurrifsúrgangi í kjölfar bættrar flokkunar á byggingarstað og á móttökustöðvum.	Lítill breyting	Lítill breyting (Felst einkum í breyttum áfangastað utan svæðis)	Engin áhrif

6. Vaxandi urðun óvirks úrgangs á þar til gerðum urðunarstöðum í stað fullbúinna urðunarstaða með sigvatnskerfi og gassöfnun.	Nokkur aukning (Urðunarstaðir nær uppruna)	Nokkur samdráttur (Urðunarstaðir nær uppruna)	Engin áhrif
7. Bætt nýting seyru frá því að vera fargað yfir í endurvinnslu.	Lítill breyting (Felst einkum í breyttum áfangastað innan svæðis)	Lítill breyting (Að litlu leyti flutt út fyrir svæði við núv. aðstæður)	Engin áhrif
8. Bætt nýting garðaúrgangs frá því að vera fargað með haugsetningu yfir í endurvinnslu.	Nokkur aukning (Flutningur til meðhöndlunar í stað förgunar í nærumhverfi)	Engin áhrif (Miðað við úrvinnslu innan svæðis)	Engin áhrif
9. Minnkandi urðun í kjölfar framanskráðra breytinga, hugsanlegrar álagningar urðunarskatts, breyttrar stefnu og breytinga á gjaldskrár rekstraraðila.	Lítill breyting (Ráðstöfun áfram að mestu leyti utan svæðis)	Lítill breyting (Felst einkum í breyttum áfangastað utan svæðis)	Engin áhrif

Af töflunni hér að framan má ráða að ekki sé að vænta mikilla breytinga á þörf fyrir flutninga innan Vestfjarða, að öðru leyti en því að flutningar á lífúrgangi aukast væntanlega með bættum árangri í söfnun þessa úrgangsflokks. Heildarflutningsþörfin ræðst þá af því hvort byggð verði upp endurvinnsla á lífúrgangi í landshlutanum. Verði sú raunin mun flutningur út af svæðinu minnka, þar sem lífúrgangur sem nú fer til urðunar í Fíflholtum með blönduðum úrgangi verður þess í stað unninn heima fyrir.

Samdráttur í heildarmagni úrgangs dregur almennt úr flutningsþörf en fólksfjölgun vegur þar að einhverju leyti á móti.

Í þessari umfjöllun um flutningsþörf er ekki gert ráð fyrir að byggð verði upp sorporkustöð á Vestfjörðum. Verði sú raunin mun það hafa í för með sér verulegan samdrátt í flutning úrgangs út af svæðinu, en aukningu á flutningi innan svæðis.

Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir ítarlegri greiningu á mögulegri tækni til jarðgerðar í smáum stíl og uppsetning jarðgerðaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum að teknu tilliti til hagkvæmni og bestu nýtingar auðlinda. Þetta er til þess fallið að draga úr flutningaþörf, en reyndin ræðst af niðurstöðum þeirra greininga sem ætlunin er að ráðast í.

8 Viðauki 1: Staða úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum

Þessi viðauki hefur að geyma greiningu á stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum á Vestfjörðum í árslok 2023, en þessi greining var lögð til grundvallar við mótun þessarar svæðisáætlunar. Aftar í skjalinu er annar viðauki með skýringum sem varða einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra, þ.á m. skýringum um forsendur sem gengið var út frá við gerð stöðugreiningarinnar. Greiningin byggir í aðalatriðum annars vegar á tölum verktaka um magn og afdrif úrgangs frá einstökum sveitarfélögum árið 2023 og hins vegar á upplýsingum um fyrirkomulag úrgangsmála í sveitarfélögunum í lok sama árs. Þeirra upplýsinga var einkum aflað með netleit og með samskiptum við fulltrúa sveitarfélaganna sem í hlut eiga. Einnig var stuðst við viðbótarupplýsingar frá verktökum og aðrar heimildir, sem þá er getið neðanmáls.

Stöðugreining af því tagi sem hér birtist getur aldrei verið tæmandi. Ein af veigamestu ástæðunum fyrir því er að á hverju ári fellur til talsvert magn af úrgangi sem ekki ratar inn í úrgangsbókhaldið, eða er þá aðeins skráður þar að takmörkuðu leyti. Dæmi um slíkan úrgang eru t.d. textíluúrgangur sem félagasamtök safna í sérstaka fatagáma, garðaúrgangur, jarðvegur sem mokað er upp úr húsgrunnum og ekið á tipp, fiskúrgangur o.fl. Þessir „ósýnilegu úrgangsflokkar“ eiga það sameiginlegt að vera ráðstafað að einhverju eða öllu leyti án beinnar aðkomu sveitarfélaga og án þess að hefðbundnir úrgangsverktakar séu kallaðir til. Af þessu leiðir að þessir aðilar fá gjarnan takmarkaðar upplýsingar um magn viðkomandi úrgangsflokka.

8.1 Reykhólahreppur

Reykhólahreppur í núverandi mynd varð til 15. maí 1987 þegar Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur voru sameinaðir hinum upphaflega Reykhólahreppi.²¹ Sveitarfélagið nær frá Skiptaá í Kjálkafirði í vestri að Gilsfjarðarbotni í austri og spannar fjölda eyja á norðanverðum Breiðafirði, þ.á m. Flatey. Í vestri liggur Reykhólahreppur að Vesturbyggð, að Súðavíkurreppi og Strandabyggð í norðri og norðaustri og að Dalabyggð til suðurs. Aðalvegurinn í gegnum sveitarfélagið er um 100 km frá vestri til austurs. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.096 km² og þar bjuggu 236 íbúar 1. janúar 2024. Þar af bjuggu 108 (46%) í þéttbýlinu á Reykhólum skv. tölum Hagstofu Íslands.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er stærsta fyrirtækið í Reykhólahreppi utan reksturs sveitarfélagsins, en af annarri atvinnustarfsemi má m.a. nefna Dvalarheimilið Barmahlíð sem sveitarfélagið rekur. Í sveitarfélaginu er einnig rekin töluverð ferðaþjónusta, auk annarrar þjónustustarfsemi, landbúnaðar og útgerðar í smáum stíl.

8.1.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í Reykhólahreppi (að Flatey undanskilinni) eru þrjú ílát við hvert heimili, þ.e. grátt ílát fyrir blandaðan úrgang, grænt fyrir pappír, plast og málma og brúnt fyrir lífúrgang. Gráa ílátið er alla jafna losað á fjögurra vikna fresti og græna ílátið og brúna ílátið á sex vikna fresti. Yfir sumarmánuðina (júní-september) er þó bætt við aukalosun á brúna ílátinu, þannig að ekki líði nema þrjár vikur á milli losana. Í Flatey er ekki úrgangsilát við hús, heldur aðeins grenndargámar við höfnina. Þangað er blönduðum og flokkuðum úrgangi skilað og efnið betur aðskilið í landi. Íslenska gámafélagið (ÍGF) hefur séð um úrgangspjónustuna í Reykhólahreppi síðan í júní 2021.

8.1.2 Grenndarstöðvar

Fimm grenndarstöðvar eru til staðar í Reykhólahreppi, þ.e. í Króksfjarðarnesi, í Bjarkarlundi, í Djúpadal, á Klettshálsi og í Skálmarfirði. Tvær þær síðastnefndu eru þó aðeins reknar yfir sumartímann. Í Króksfjarðarnesi og í Bjarkarlundi eru framhlaðningsgámar fyrir blandaðan úrgang, en í Djúpadal, á Klettshálsi og í Skálmarfirði eru 600 l. kör.

8.1.3 Söfnunarstöðvar

Reykhólahreppur rekur söfnunarstöð að Suðurbraut 10 á Reykhólum. Þangað geta íbúar og rekstraraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er mánudaga og miðvikudaga kl. 15-17 og laugardaga kl. 11-13. Þar er m.a. tekið við blönduðum úrgangi, bylgjupappa, dagblöðum, pappír, fernum, grófum úrgangi, hjólbörðum, spilliefnum, málmum, rafhlöðum, rafgeymum og raftækjum.

8.1.4 Önnur söfnun og flokkun

Landbúnaðarplast er sótt heim á bæi sex sinnum á ári (annan hvorn mánuð) skv. sorphirðudagatali.

²¹ Byggðastofnun (2023).

8.1.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Engir staðir í Reykhólahreppi eru með starfsleyfi til förgunar úrgangs.

Vitað er um þrjár miltisbrunagrafir í Reykhólahreppi, þ.e. við Gillastaði, Barma og á Reykhólum.²² Þörf er á að tilgreina grafir af þessu tagi með sem nákvæmustum hætti í svæðisáætlun og merkja þá inn á skipulagsuppdraetti til að draga úr hættu á að þeim verði raskað í náinni framtíð.

8.1.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

ÍGF sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Reykhólahreppi. Blandaður úrgangur er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang og óvirkan úrgang. Lífrænn úrgangur er sendur til GAJA. Árið 2023 nýttist þetta efni ekki til endurvinnslu þar sem það blandaðist saman við lítið flokkaðan úrgang frá höfuðborgarsvæðinu og var í framhaldinu nýtt til „landmótunar“ í Álfnesi. Úr þessu var bætt snemma árs 2024. Auk fasta efnisins er metan framleitt úr úrganginum og selt sem orkugjafi. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum.

8.1.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir er Reykhólahreppur með samning við ÍGF, sem sér um söfnun úrgangs og rekstur söfnunarstöðvar. Gildistími samningsins liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

8.1.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi, nr. 662/2016.²³ Gjaldtaka fer eftir gjaldskrá nr. 1728/2023, en þar er ekki vísað í samþykktina.²⁴ Samkvæmt gjaldskránni leggst 87.837 kr. sorpeyðingargjald á hverja íbúð, 43.919 kr. á sumarhús og 52.306 kr. á lögbýli og atvinnuhúsnæði. Þessar fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2023 (604 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Reykhólahrepps var kostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu árið 2023 um 120 þús. kr. á íbúa, sem er með því hæsta sem gerist. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega þús. kr. á íbúa og stóðu þannig aðeins undir 46% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 54% voru því greidd úr sameiginlegum sjóði. Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi.

8.1.9 Útgáfa og kynning

Sorphirðudagatal er birt á vefsíðu sveitarfélagsins, ásamt upplýsingum um flokkun úrgangs.²⁵

8.1.10 Framtíðarsýn

Fjallað er um úrgangsmál í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2036. Þar er sett fram sú stefna að „[í]búar, stofnanir og fyrirtæki geti á auðveldan og aðgengilegan hátt nýtt

²² Umhverfisstofnun (2023b).

²³ Reykhólahreppur (2016).

²⁴ Reykhólahreppur (2023b).

²⁵ Reykhólahreppur (2024).

umhverfissvæðisáætlun leiðir til meðhöndlunar úrgangs“.²⁶ Þetta er ekki útfært nánar í skipulaginu, heldur tilgreint að stefnan skuli útfærð í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Ekki er fjallað um úrgangsmál í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.²⁷

Snemma árs 2023 hófst vinna við verkefnið *Reykhólar hringrásarsamfélag*, þar sem Reykhólahreppur í samvinnu með Vestfjarðastofu og ráðgjafarfyrtækið YORTH group leitar leiða til að hámarka nýtingu auðlinda á svæðinu með það að markmiði að samfélagið í heild verði sjálfbært, skilji ekki eftir úrgang og láti ekki frá sér mengandi efni. Þetta felur m.a. í sér áherslu á endurnýtingu og fullvinnslu á efni og afurðum.²⁸

8.1.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Reykhólahreppi 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá ÍGF, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til tæp 297 tonn af úrgangi í Reykhólahreppi 2023, eða 1.256 kg á hvern íbúa. Það er meira en í öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum, þar sem meðaltalið er 895 kg/íb. Skýringin virðist að mestu leyti felast í miklu magni málma (410 kg/íb samanborið við 72 kg/íb að meðaltali), sem stafar líklega af því að á árinu 2023 hafi uppsafnað magn frá fyrri árum verið sent til endurvinnslu. Samkvæmt töflunni fóru tæp 140 tonn (46%) af því sem til féll til urðunar í Fíflholtum.

Nokkra úrgangsflokka vantar að mestu eða öllu leyti í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Hjólbörðum er safnað í opinn gám sem ÍGF losar reglulega. Væntanlega var engin slík losun framkvæmd 2023.
- Úr sér gengin ökutæki eru sett í brotajárnskáma og flutt í þeim til endurvinnslu. Ökutækin eru því innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
- Óvirkur úrgangur („Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“) hefur verið settur á „tipp“ á endurvinnslusvæði.
- ÍGF sér ekki um söfnun timburs í Reykhólahreppi, hvorki litaðs né ólitaðs. Allt timbur er afsett á áramótabrennu.
- Rauði krossinn hefur safnað textílúrgangi fram til þessa. Magntölur liggja ekki fyrir.
- Íbúar losa sig sjálfir við garðaúrgang.
- Seyra er flutt á samþykktan seyrulosunarstað í Skeljavík við Hólmavík.

²⁶ Reykhólahreppur (2023). (Bl. 149).

²⁷ Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð (2018).

²⁸ Reykhólahreppur (á.á.).

Tafla 15. Úrgangstölfræði Reykhólahrepps 2023.

Sveitarfélag: Reykhólahreppur		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024: 236					
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans						
		Förgun		Endurnýting				
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals	
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0	
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	19.080	19.080	
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0	
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	0	
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	0	
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	0	0	0	
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	944	944	
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	1.133	1.133	
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	676	0	16.224	16.900
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	3.776	3.776		
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	0	
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	
	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	0	0	0	1.469	1.469	
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	0	0	0	0	
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	0	0	0	0	
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	0	0	0	0	0	
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	
	17 05 03	Oliume ngaður jarðvegur	0	0	0	0	0	
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0	
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	
17 09 04	Annar grófur úrgangur	39.690	0	0	0	39.690		
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	4	0	0	4	
Heimilisúrgangur og samþærllegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	9.200	9.200	
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	
	20 01 25	Mataróla og feiti	0	0	51	0	51	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	7.461	7.461	
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	96.850	96.850	
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	13.851	864	111	0	14.826	
	20 02 01	Garðúrgangur	0	0	0	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	17.130	0	0	0	17.130	
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	66.860	0	1.107	0	67.967	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	0	0	0	
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	
Samtals (kg)		137.531	868	1.945	0	156.137	296.481	
Samtals (kg/íbúa)		583	4	8	0	662	1.256	

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Reykhólahreppi 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 16. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Reykhólahreppi 2023.

Sveitarfélag: Reykhólahreppur		2023	Íbúar:	236	
Heimilisúrgangur		Heimilisúrgangur			
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu		
			Kg	%	
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjuþappi)	0	0	
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur þappi og fernur)	0	0	
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	0	0	
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	944	944	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	1.133	1.133	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	16.900	16.224	96%
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	3.776	3.776	100%
Í misl.	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	1.469	1.469	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	0	0	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	7.938	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	9.200	9.200	100%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	51	0	0%
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	7.461	7.461	100%
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	4.843	4.843	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	14.826	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	17.130	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	67.967	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	
	Samtals (kg)			153.637	45.049
Samtals (kg/íbúa)			651	191	29%

8.2 Vesturbyggð

Vesturbyggð varð til 17. mars 1994 við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps, en sjö árum fyrr höfðu Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur verið sameinaðir í Bíldudalshrepp.²⁹ Sveitarfélagið nær frá Langanesi í Arnarfirði í norðri að Skiptaá í Kjálkafirði í austri og nær upp á Glámuhálendið þar sem það mætir Ísafjarðarbæ, Súðavíkurhreppi og Reykhólahreppi í einum punkti nokkrum km sunnan við Sjónfríð. Sveitarfélagið umlykur Tálknafjarðarhrepp, en þessi tvö sveitarfélög verða sameinuð á vormánuðum 2024.³⁰

Vesturbyggð er 1.336 km² að flatarmáli og þar bjuggu 1.106 íbúar 1. janúar 2024. Þar af bjuggu 756 (68%) á Patreksfirði og 256 (23%) á Bíldudal skv. tölum Hagstofu Íslands. Samkvæmt þessu búa innan við 10% íbúanna í dreifbýli.

Útgerð og fiskvinnsla hafa löngum verið burðarstoðir atvinnulífs í Vesturbyggð, en vægi fiskeldis hefur aukist mjög á allra síðustu árum. Kalkþörungaverksmiðja er rekin á Bíldudal og einnig er ferðaþjónusta rekin víða í sveitarfélaginu, auk annarrar þjónustu af ýmsu tagi.

8.2.1 Fyrirkomulag söfnunar

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur vinna saman að úrgangsmálum. Þar eru þrjú ílát við hvert heimili í þéttbýli, þ.e. grátt ílát fyrir blandaðan úrgang, blátt/grænt fyrir pappír og plast og brúnt fyrir lífúrgang. Í bláa/græna ílátinu eru pappír og plast aðskilin með því að plastið er sett í 55 l hólfi innan í ílátinu. Gráa ílátið er losað á fjögurra vikna fresti í þéttbýli en á þriggja vikna fresti í dreifbýli. Bláa/græna ílátið er losað á tveggja vikna fresti í þéttbýli en á þriggja vikna fresti í dreifbýli. Brúna ílátið er losað á tveggja vikna fresti í þéttbýli, en lífúrgangi er ekki safnað í dreifbýli. Þeir aðilar í dreifbýli sem greiða sorphirðugjald geta hins vegar fengið ílát til moltugerðar. Kubbur ehf. hefur séð um úrgangsjónustuna frá því í september 2021, en áður var Terra með samning við sveitarfélögin.

8.2.2 Grenndarstöðvar

Samtals eru reknar 10 grenndarstöðvar í dreifbýli Vesturbyggðar. Á söfnunarstöðvum eru auk þess svonefndir flokkunarbarir þar sem hægt er að losa sig við málma, gler, rafhlöður, kertaafganga og annað endurvinnsluefni inn um lúgur allan sólarhringinn.

8.2.3 Söfnunarstöðvar

Vesturbyggð rekur söfnunarstöðvar á Patreksfirði og Bíldudal. Stöðin á Patreksfirði er opin þrjú daga í viku, tvo tíma í senn – og á Bíldudal er opið tvo daga í viku, tvo tíma í senn. Tekið er gjald fyrir móttöku á gjaldskyldum úrgangi, svo sem fyrir blandaðan úrgang, húsgögn o.fl.

8.2.4 Önnur söfnun og flokkun

Ætlast er til að garðaúrgangi sé skilað á söfnunarstöðvar, sé hann ekki nýttur heima. Söfnunarstaður fyrir garðaúrgang á Patreksfirði er á Drengjaholti í mynni Mikladals, en á

²⁹ Bygðastofnun (2023).

³⁰ Samband íslenskra sveitarfélaga (2023b).

Bíldudal er garðaúrgangur haugsettur þar sem Hnúksá mætir Litlu-Eyrará um 1,5 km innan við þorpið.

8.2.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Aflagður urðunarstaður er staðsettur í Vatnseyrarhlíð í Vesturbyggð. Umhverfisstofnun gaf út fyrirmæli um frágang og vöktun staðarins 29. janúar 2015, sem gilda til sama dags 2045.³¹ Samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar er heimilt að nota allt að 400 tonn af óvirkum úrgangi til frágangs á staðnum.³²

Vitað er um eina miltisbrunagröf í Vesturbyggð, nánar tiltekið í útsuðurhorni kirkjugarðsins að Saurbæ á Rauðasandi. Þar hvíla tveir menn sem fengust við sjóreknar húðir, smituðust af miltisbrandi og dóu.³³ Þörf er á að tilgreina grafir af þessu tagi með sem nákvæmustum hætti í svæðisáætlun og merkja þá inn á skipulagsupprætti til að draga úr hættu á að þeim verði raskað í náninni framtíð.

Rétt vestan við Vaðalsá á Barðaströnd hefur safnast mikið magn af úr sér gengum bílum og tækjum sem sum hafa verið geymd á svæðinu í langan tíma.³⁴ Þá liggur Garðar, elsta stálskip landsins, uppi í fjöruborði við botn Patreksfjarðar. Þar er enn mikið af svartolíu í lestum og í sandinum má sjá greinileg merki um leka úr skipinu.³⁵

Á Hvalskeri við Patreksfjörð er mikið safn af vinnuvélum, bílhraejum og ýmiss konar bortajárni sem hefur dagað þar uppi í gegnum tíðina í ósætti við íbúa annars staðar í Vesturbyggð. Einnig er mikið safn af brotajárni við Járnhól í Bíldudal. Mikið hefur verið reynt til að losna við þennan haug, en án árangurs enn sem komið er. Í Auðahrísdal í Arnarfirði hafa safnast upp ýmsir hlutir sem sagðir eru vera þar í geymslu. Á Fossi í Fossfirði innst í Arnarfirði hefur einnig safnast upp nokkurt magn af úrgangi.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hefur talsvert magn af járn og öðrum hlutum safnast upp við Brjánslæk á Barðaströnd. Svipaða sögu er af segja frá vegamótum þar sem komið er niður á Rauðasand af Bjarngötudal. Þar er ekki enn búið að fjarlægja gamlar vinnuvélar sem úr námu við gatnamótin þrátt fyrir kröfur þar um.

8.2.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Kubbur sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Vesturbyggð. Blandaður úrgangur er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang og óvirkan úrgang. Lífrænn úrgangur er fluttur til jarðgerðar á Ísafirði en er á endanum fargað í Dagverðardal. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærnum aðilum.

³¹ Umhverfisstofnun (2015).

³² Vesturbyggð (2021).

³³ Umhverfisstofnun (2023b).

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild.

8.2.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir eru Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur með samning við Kubbb, sem sér um söfnun úrgangs og rekstur söfnunarstöðva. Gildistími samningsins er til 31. ágúst 2025.

8.2.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Í gildi er ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð, en hún hefur enn ekki birst í Stjórnartíðindum. Gjaldtaka fer eftir gjaldskrá sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins.³⁶

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Vesturbyggðar var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 tæplega 71 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 62 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig undir u.þ.b. 88% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 12% voru því greidd úr sameiginlegum sjóði, sem er mun minna en árið áður. Með enn frekari hækkun sorpgjalda 2024 er áætlað að gjöldin nægi til að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins í málaflöknum.

8.2.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Vesturbyggðar er að finna ýmsar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðudagatal fyrir árið 2024.³⁷

8.2.10 Framtíðarsýn

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er fjallað með úrgangsmál með almennum hætti. Þar kemur m.a. fram að horfa þurfi til „*nýjustu lausna við skipulags sorpmála og gæta að því sveitarfélagið nái að standa undir þeim skuldbindingum sem krafa er um*“, auk þess sem áhersla er lögð á „*að hægt verði að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar*“.³⁸

8.2.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Vesturbyggð 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Kubbi ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til um 1.201 tonn af úrgangi í Vesturbyggð 2023, eða 1.086 kg á hvern íbúa. Þetta er talsvert umfram meðaltal sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg), en ekki hefur verið leitað skýringa á því. Samkvæmt töflunni fóru tæp 603 tonn (um 50%) af því sem til féll í urðun í Fíflholtum á Mýrum. Þá voru um 180 tonn (um 15%) (lífrænn úrgangur frá eldhúsum og garðaúrgangur) afsett í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Nokkra úrgangsflokka vantar að mestu eða öllu leyti í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.

³⁶ Vesturbyggð (2024).

³⁷ Vesturbyggð (2023b).

³⁸ Vesturbyggð (2021).

- Ekki liggja fyrir upplýsingar um ráðstöfun sóttmengaðs úrgangs.
- Rauði krossinn sér um söfnun á textíl („Fatnaði, skófatnaði og textíl“) til ársloka 2024. Unnið er að samningsgerð við Rauða krossinn um framtíðarfyrirkomulag á þeirri vinnu.

Tafla 17. Úrgangstölfræði Vesturbyggðar 2023.

Sveitarfélag: Vesturbyggð		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:		1.106		
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
Númer	Tegund úrgangs	Förgun		Endurnýting		Samtals	
		Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt		Endurvinnsla
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	0
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	28.522	28.522
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	82.402	82.402
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	7.713	30.853	38.566
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	4.424	4.424
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	5.309	5.309
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	17.696	17.696
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	93.800	93.800
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	5.020	5.020
	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	54.900	0	0	0	54.900
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	0	0	88.337	88.337
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	45.094	0	0	0	45.094
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	22.690	0	0	0	22.690
	17 05 03	Olíume ngaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	156.890	0	0	0	156.890
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	88.756	0	0	88.756
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	3.540	0	3.540
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	50.580	50.580
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	0	0	0
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	91.270	0	0	91.270
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	124.734	0	0	0	124.734
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	36.403	0	0	0	36.403
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	139.575	0	0	0	139.575
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		580.286	180.026	11.253	88.337	318.606
Samtals (kg/íbúa)		525	163	10	80	288	1.066

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Vesturbyggð 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 18. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Vesturbyggð 2023.

Sveitarfélag: Vesturbyggð		2023	Íbúar:	1.106	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	28.522	28.522	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	82.402	82.402	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	38.566	30.853	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	4.424	4.424	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	5.309	5.309	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	17.696	17.696	100%
misl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	88.337	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	31.378	0	0%
Heimilisúrgangur og samþæring	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	88.756	0	0%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	3.540	0	0%
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	2.529	2.529	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	
	20 02 01	Garðaúrgangur	91.270	0	0%
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	124.734	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	36.403	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	139.575	0	0%
	Samtals (kg)		783.441	171.735	22%
	Samtals (kg/ibúa)		708	155	22%

8.3 Tálknafjarðarhreppur

Tálknafjarðarhreppur nær yfir Tálknafjörð. Að norðanverðu liggja sveitarfélagamörkin um Kálfadal og að sunnanverðu yst undir Tálkna milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Vesturbyggð umlykur Tálknafjarðarhrepp á alla vegu landmegin, en þessi tvö sveitarfélög verða sameinuð á vormánuðum 2024.³⁹

Tálknafjarðarhreppur er 175 km² að flatarmáli og þar bjuggu 250 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjuggu 234 (94%) í þéttbýlinu í Tálknafirði.

Útgerð og fiskvinnsla hafa löngum verið burðarstoðir atvinnulífs í Tálknafirði, en vægi fiskeldis hefur farið vaxandi. Þar er einnig rekin ferðaþjónusta, auk annarrar þjónustu af ýmsu tagi.

8.3.1 Fyrirkomulag söfnunar

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur vinna saman að úrgangsmálum og fyrirkomulag söfnunar er það sama í báðum sveitarfélögunum, bæði hvað varðar fjölda íláta, losunartíðni og samning við verktaka (sjá kafla 8.2.1).

8.3.2 Grenndarstöðvar

Á söfnunarstöð eru svonefndir flokkunarbarir þar sem hægt er að losa sig við málma, gler, rafhlöður, kertaafganga og annað endurvinnsluefni inn um lúgur allan sólarhringinn. Unnið er að uppsetningu eiginlegrar grenndarstöðvar.

8.3.3 Söfnunarstöðvar

Söfnunarstöð við Strandgötu á Tálknafirði er opin tvo daga í viku, tvo tíma í senn. Tekið er gjald fyrir móttöku á gjaldskyldum úrgangi, svo sem fyrir blandaðan úrgang, húsgögn o.fl.

8.3.4 Önnur söfnun og flokkun

Garðaúrgangi er komið fyrir á sérstöku söfnunarsvæði í Hrafnadal og er nú unnið að deiliskipulagi fyrir það svæði í heild. Auglýst hefur verið eftir eigendum eigna og lausamuna á svæðinu, auk þess sem aðilar sem leigt hafa geymsluaðstöðu á svæðinu hafa verið beðnir um að staðfesta slíkt.⁴⁰

Unnið er að samningum við Vesturbyggð um að losunarstaður fyrir óvirkan úrgang í Mikladal verði notaður sameiginlega eftir sameiningu sveitarfélaganna.

8.3.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Engir skráðir förgunarstaðir eru í Tálknafjarðarhreppi og ekki er getið um miltisbrunagrafir eða annan mengaðan jarðveg í kortasjá Umhverfisstofnunar.⁴¹ Hins vegar er vitað um nokkra eldri förgunarstaði við fjörðinn sem hafa ekki verið kortlagðir sérstaklega fyrr en nú, sbr. upptalningu hér að neðan.

³⁹ Samband íslenskra sveitarfélaga (2023b).

⁴⁰ Tálknafjarðarhreppur (2024b).

⁴¹ Umhverfisstofnun (2023b).

Við Strandgötu 39-41 er vitað um járnarusl sem hent var í fjöruna og síðan mokað yfir. Um er að ræða ýmis konar járn, vélarhluta og annað sem kann að vera mengað af olíu. Á milli húsanna við Strandgötu 27 og 37 er þar að auki uppfylling sem nefnd er í daglegu tali „á sandinum“, en þar er mjög líklega að finna bílhræ og annað járnarusl sem þarf að skoða vel ef farið verður í framkvæmdir á þessum lóðum.

Í fjöruborðinu við Naustatanga á milli þorpsins og skólasvæðisins var á sínum tíma losað járnarusl sem kemur reglulega í ljós þegar sjórinn brýtur úr kambinum.

Undir geymslusvæðinu í Hrafnadal, ofan við þorpið, var urðað ýmiss konar rusl, þ.m.t. ónýtt lína og brotajárn. Þar rétt fyrir ofan, milli hesthúsa og vatnstanks, var urðaður úrgangur eftir brennslu í brennsluofni sem eitt sinn var á svæðinu.

Innan og neðan við Pollinn var úrgangi sturtað niður í fjöru og hann brenndur. Þar stendur eftir eitthvað af járnarusli.

Á flestum sveitabæjum hafa útihús verið rifin og urðuð. Þá er malarnáma á Kvígingindisfelli og rétt neðan við hana var bílakirkjugarður sem var mokað yfir. Gerður var samningur milli landeiganda og sveitarfélagsins um að hvorugur aðili ætti kröfu á hinn vegna þessa. Í Norður Botni á áreyrum frammi í dalnum, framan við geymslugerði, var urðaður plastúrgangur úr endurvinnslukerfum ásamt járnarusli og sýktum fiski.

8.3.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Kubbur sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Tálknafjarðarhreppi. Blandaður úrgangur er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang og óvirkan úrgang. Lífrænn úrgangur er fluttur til jarðgerðar á Ísafirði en er á endanum fargað í Dagverðardal. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum.

8.3.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir eru Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur með samning við Kubb, sem sér um söfnun úrgangs og rekstur söfnunarstöðvar. Samningurinn gildir til 31. ágúst 2025.

8.3.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi, nr. 989/2022. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfesti þann 19.12.2023 nýja samþykkt⁴² sem er í yfirlestri hjá ráðuneyti. Samþykktin tekur tillit til þeirra breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem tóku gildi 1. janúar 2023, m.a. hvað varðar fyrirkomulag gjaldtöku í anda meginreglunnar um „Borgað þegar hent er“ (BPHE).⁴³ Gjaldtakan fer eftir gjaldskrá nr. 1532/2023. Samkvæmt henni er sorphirðugjald lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu og er gjaldið miðað við rúmmál íláta. Þannig er gjaldið 33.570 kr. fyrir hverja 240 l tunnu fyrir heimilisúrgang með hefðbundinni losunartíðni, en einnig er boðið upp á 120 l tunnu fyrir 25.177 kr. Gjald fyrir hverja 240 l tunnu fyrir endurvinnsluefni er 16.784 kr. og sé annarri slíkri tunnu bætt við er tekið 80% gjald fyrir hana. Gjald fyrir 120 l tunnu fyrir lífrænt efni er 16.784 kr. Við

⁴² Tálknafjarðarhreppur (2023).

⁴³ Tálknafjarðarhreppur (2022).

fjöleignahús er heimilt af fækka smærri ílátum og fá 660 l tunnu í staðinn. Gjald fyrir slíkt ílát er 92.317 kr. Loks er húseigendum heimilt að semja um sameiginleg sorpílát.

Auk sorphirðugjalds er sorpeyðingagjald lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er 55.726 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og 40.498 kr. fyrir sumarhús. Gjaldið er einnig lagt á fyrirtæki og stofnanir.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Tálknafjarðarhrepps var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 um 81 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 41 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig aðeins undir rúmum helmingi (51%) af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 49% voru greidd úr sameiginlegum sjóði. Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi. Með hækkun gjalda fyrir árið 2024 er áætlað að gjöldin nægi til að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins í málaflokknunum.

8.3.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Tálknafjarðar er að finna ýmsar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðudagatal fyrir árið 2024.⁴⁴

8.3.10 Framtíðarsýn

Í nýju aðalskipulagi fyrir Tálknafjarðarhrepp er m.a. að finna eftirfarandi stefnumótandi ákvæði um úrgangsmál:

- Aðstaða á gámavelli verði sem best til flokkunar og skila á hlutum og vörum sem hægt er að endurnýta.
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki í umhverfið.
- Horfa þarf til nýjustu lausna við skipulag sorpmála og gæta að því sveitarfélagið nái að standa undir þeim skuldbindingum sem krafa er um.
- Áhersla verði á að hægt verði að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar.⁴⁵

8.3.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Tálknafjarðarhreppi 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Kubbi ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til rúm 263 tonn af úrgangi í Tálknafjarðarhreppi 2023, eða 1.053 kg á hvern íbúa. Þetta er nokkuð umfram meðaltal sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg). Samkvæmt töflunni fóru tæp 164 tonn (um 62%) af því sem til féll í urðun í Fíflholtum á Mýrum. Þá voru um 12 tonn af lífrænum úrgangi afsett í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Nokkra úrgangsflokka vantar að mestu eða öllu leyti í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

⁴⁴ Tálknafjarðarhreppur (2024c).

⁴⁵ Tálknafjarðarhreppur (2024).

- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
- Rauði krossinn sá um söfnun á textíl („Fatnaði, skófatnaði og textíl“) til ársloka 2023. Kubbur tók hins vegar við söfnuninni um áramót.
- Íbúar losa sig sjálfir við garðaúrgang.

Tafla 19. Úrgangstölfræði Tálknafjarðarhrepps 2023.

Sveitarfélag: Tálknafjarðarhreppur		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:				250
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
		Förgun		Endurnýting			Samtals
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahræ)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	0
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Um búúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	5.490	5.490
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	10.426	10.426
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	1.670	0	6.680
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.000
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.200
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	4.000
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	1.620
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	9.540	0	0	0	9.540
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	0	0	19.425	0
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	5.140	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	660	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	75.815	0	0	0	0
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkráhusum ofi.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	12.014	0	0	0
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	36.069
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	0	0	0
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	21.699	0	0	0	0
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	14.209	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	36.609	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþrósm (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		163.672	12.014	1.670	19.425	66.485
Samtals (kg/íbúa)		655	48	7	78	266	1.053

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Tálknafjarðarhreppi 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 20. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Tálknafjarðarhreppi 2023.

Sveitarfélag: Tálknafjarðarhreppur		2023	Íbúar:	250	
Heimilisúrgangur		Heimilisúrgangur			
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu		
			Kg	%	
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjuþappi)	5.490	5.490	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur þappi og fernur)	10.426	10.426	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	8.350	6.680	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	1.000	1.000	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	1.200	1.200	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	4.000	4.000	100%
	6 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	19.425	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	15.163	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	12.014	0	0%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	1.803	1.803	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	21.699	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	14.209	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	36.609	0	0%
		Samtals (kg)		151.388	30.599
	Samtals (kg/íbúa)		606	122	20%

8.4 Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 við sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar, Þingeyrarhrepps, Mýrahrepps, Mosvallahrepps, Flateyrarhrepps og Suðureyrarhrepps, en sum þessara sveitarfélaga höfðu áður orðið til við sameiningu smærri hreppa.⁴⁶ Hornstrandir, Jökulfirðir og Snæfjallaströnd tilheyra öll Ísafjarðarbæ, nánar tiltekið allt svæðið norðvestan við línu frá Kaldalóni að Geirólfsgrúpi. Þessi lína skilur Ísafjarðarbæ frá Árneshreppi austan Drangajökuls og frá Strandabyggð vestan Drangajökuls. Sunnan við Ísafjarðardjúp liggja sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps um austanvert Arnarnes og þaðan suður fyrir Sjónfríð á Glámuhálendinu. Þaðan liggja svo sveitarfélagamörkin við Vesturbyggð út á Langanes í Arnarfirði. Ísafjarðarbær umlykur Bolungarvíkurkaupstað landmegin. Mörkin milli sveitarfélaganna liggja um Ófæru sunnan Skálavíkur, inn á Gilsbrekkuheiði og þaðan eftir hæstu hæðum út á Ófæru á Óshlíð.

Ísafjarðarbær er 2.380 km² að flatarmáli og þar bjuggu 3.797 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjuggu 2.679 á Ísafirði, 296 á Suðureyri, 261 á Þingeyri, 210 í Hnífsdal og 189 á Flateyri. Samtals bjuggu samkvæmt þessu 3.635 manns (96%) í byggðakjörnum sveitarfélagsins, en aðeins 162 (4%) í dreifbýli.

Atvinnulíf í Ísafjarðarbæ er fjölbreytt. Þar er fjöldi fyrirtækja í útgerð, matvælaframleiðslu og annarri framleiðslu, auk menntastofnana, ferðaþjónustu og annarrar þjónustu, svo eitthvað sé nefnt.

8.4.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í Ísafjarðarbæ eru í flestum tilvikum tvö ílát við hvert heimili, annað fyrir blandaðan úrgang og hitt fyrir úrgang til endurvinnslu. Í því fyrrnefnda er hólf fyrir lífúrgang og í endurvinnsluflátinu eru tvö hólf; annað fyrir pappír og hitt fyrir plast. Talsverður sveigjanleiki er til staðar varðandi stærð íláta og fyrirkomulag og tekur gjaldtaka mið af því (sjá síðar). Öll ílát eru losuð á tveggja vikna fresti.

Í samræmi við samþykkt Ísafjarðarbæjar um meðhöndlun úrgangs er lögaðilum og/eða eigendum atvinnuhúsnæðis í þéttbýli heimilt að semja við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs og skal staðfesting þess efnis send Ísafjarðarbæ við gerð samnings þar um. Að öðrum kosti annast sveitarfélagið söfnun úrgangs lögaðilans,⁴⁷ enda ber sveitarstjórn ábyrgð á reglulegri tæmingu sorpílata og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum á viðkomandi svæðum, sbr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

Sveitarfélagið er með samning við Kubb ehf. um úrgangsjónustuna, en Terra annaðist þessa þjónustu fram á mitt ár 2022.

8.4.2 Grenndarstöðvar

Á árinu 2023 voru teknar í notkun fimm grenndarstöðvar í Ísafjarðarbæ fyrir málma, gler og textíl.

⁴⁶ Byggðastofnun (2023).

⁴⁷ Ísafjarðarbær (2023b).

8.4.3 Söfnunarstöðvar

Í Ísafjarðarbæ eru í reynd reknar fjórar söfnunarstöðvar. Ein þeirra er móttökustöðin Funi í Engidal, sem er opin alla virka daga kl. 10-12 og 13-18 og á laugardögum kl. 12-16. Þar að auki gegnir gámabíll hlutverki söfnunarstöðva á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, en bíllinn hefur viðkomu á hverjum þessara staða í eina klst. í senn, þrisvar í viku yfir sumarmánuðina (júní-ágúst) en tvisvar í viku þar fyrir utan. Í bílnum er tekið við nær öllum úrgangi sem á annað borð er tekið við í Funa, en ekki er mögulegt að flokka í bílinn þar sem hann er eingöngu með eitt hólf. Innihaldið úr bílnum er losað í Funa og flokkað þar í viðeigandi gáma. Tekið er gjald fyrir móttökuna.

8.4.4 Önnur söfnun og flokkun

Gámum fyrir garðaúrgang er komið fyrir í Hnífsdal, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri í byrjun sumars. Garðaúrgangurinn fer í ferli með lífúrgangi frá heimilum og hreinu timbri (sjá kafla 8.4.6).

8.4.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Móttökustöðin í Engidal er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Starfsleyfið var gefið út 16. febrúar 2012 og gildir til 16. febrúar 2028.⁴⁸

Sorpbrennslan Funi rak á sínum tíma urðunarstað við Klofning á Flateyri. Þar mátti urða allt að 1.000 tonnum af óbrennanlegum úrgangi á ári. Starfsleyfi staðarins var fellt úr gildi 23. mars 2011 og Umhverfisstofnun gaf út fyrirmæli um lokun og vöktun 15. nóvember 2012.⁴⁹

Til eru upplýsingar um að við Sanda í Dýrafirði hafi verið brennslu- og urðunarstaður fyrir Þingeyri og að þar hafi m.a. verið urðaðar 200 lítra tunnur af úrgangsolíu.⁵⁰

Á Flateyri mun hafa verið olútankur fyrr á árum, sem olía flæddi úr einhvern tímann þegar tankurinn var yfirfylltur.⁵¹

Tveir urðunarstaðir munu hafa verið starfræktir innan bæjarmarka Ísafjarðar, annar á íþróttavallarsvæðinu á Torfnesi og hinn í Neðstakaupstað nálægt gatnamótum Sindragötu og Njarðarsunds.⁵²

Í gildi er starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir tiltekna starfsemi í námu við Úlfsá í Dagverðardal. Auk efnistöku er þar heimilt að nýta óvirkan jarðvegsumgang, þ.e. uppgröft úr lóðum og götum (mold, mól, sand og grjót), hrein steypubrot þar sem járn og kaplar hafa verið skildir frá og sand úr sandföngum, auk lífræns garðaúrgangs og trjáafklippna án allra plastefna, til „landmótunar“ og frágangs á svæðinu. Samkvæmt starfsleyfinu verður tekið við u.þ.b. 100 tonnum af jarðvegsefnum á svæðinu.⁵³ Af samhengi og eldri skjölum má ráða að þessi magntala eigi við árlega móttöku á

⁴⁸ Umhverfisstofnun (2012b).

⁴⁹ Umhverfisstofnun (2012).

⁵⁰ Umhverfisstofnun (2023b).

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Sama heimild.

⁵³ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (2018).

gildistíma starfsleyfisins, sem er til 8. desember 2029. Svo virðist sem lífrænn úrgangur, annar en garðaúrgangur, hafi einnig verið afsettur á svæðinu, auk þess sem árlegt heildarmagn virðist hafa verið talsvert umfram 100 tonn (sjá síðar). Unnið er að endurnýjun starfsleyfisins, þannig að það endurspegli betur rekstur námunnar.⁵⁴

Á Skarfaskeri utan við Hnífsdal var lengi starfrækt sorpbrennslustöð.⁵⁵

Eftir því sem næst verður komist er garðaúrgangur í einhverju mæli afsettur á tilteknum stöðum á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Enginn þessara staða er þó með starfsleyfi.

Vitað er um þrjá staði á Hornströndum þar sem mengaðan jarðveg er að finna. Einn þessara staða er að Látrum í Aðalvík, en þar mun vera niðurgrafinn olútankur frá árunum 1957-1962. Vísbendingar eru um að olía hafi lekið frá tankinum niður í fjöru. Hinir tveir staðirnir eru á Straumnesfjalli og tengjast ratstjástöðinni sem þar var starfrækt um tíma. Annars vegar er um að ræða urðunarstað fyrir stöðina og hins vegar byggingar stöðvarinnar sjálfar.⁵⁶ Ekki liggur fyrir hvort eða hvernig mengun frá þessum stöðum er vöktuð.

8.4.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Kubbur sér um nær alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Ísafjarðarbæ. Blandaður úrgangur er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft frá því að sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal í Skutulsfirði var lokað árið 2010. Óvirkur úrgangur er hins vegar nýttur til „landmótunar“ í námu á Dagverðardal og það sama gildir um hreint timbur eftir að það hefur verið kurlað.⁵⁷ Skiptar skoðanir eru um hvort líta beri á þessa ráðstöfun sem förgun eða endurnýtingu (fyllingu), en skv. 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, er forsenda þess að ráðstöfun að þessu tagi teljist endurnýting (fylling) sú að úrgangurinn komi „í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi“. Með öðrum orðum verður úrgangurinn að þjóna hlutverki sem „efni sem er ekki úrgangsefni“ hefði að öðrum kosti verið notað í. Eins og ráða má af töflu í kafla 8.4.11 var hér farin sú leið að líta á þessa ráðstöfun sem förgun. Þó má færa rök fyrir því að líta megi á ráðstöfun fyrstu 100 tonnanna hvert ár sem endurnýtingu, (sbr. kafla 8.4.5).

Lífrænn úrgangur er jarðgerður á Ísafirði. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða rúmast jarðgerðin innan starfsleyfis fyrir endurvinnslu úrgangs í Funa.⁵⁸ Starfsleyfið var gefið út 2. febrúar 2023 og gildir til 2. febrúar 2025.⁵⁹ Leyfið gildir fyrir endurvinnslu úrgangs, án þess að hún sé skilgreind nánar. Ekki eru heldur ákvæði í starfsleyfinu um árlegt hámarks magn endurvinnslu.

⁵⁴ Upplýsingar frá Ísafjarðarbæ 11. mars 2024.

⁵⁵ Markaðsstofa Vestfjarða (á.á.).

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Upplýsingar frá Kubbi ehf. 20. febrúar 2024.

⁵⁸ Upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 22. febrúar 2024.

⁵⁹ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (2023).

Afurð jarðgerðarinnar hefur ekki reynst nothæf sem jarðvegsbætir og því fer hún í „landmótun“ á Dagverðardal.⁶⁰ Sama virðist gilda um garðaúrgang. Líta verður á þessa ráðstöfun sem förgun (sjá framar).

Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum. Hjólbörðum er til að mynda komið til Hringrásar sem baggar þá og flytur út til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

8.4.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir er Ísafjarðarbær með samning við Kubb ehf., sem sér um söfnun úrgangs, rekstur söfnunarstöðva og flutning úrgangs til meðhöndlunar. Gildistími samningsins er til 31. desember 2024.

8.4.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ, nr. 1033/2023. Samþykktin tekur tillit til þeirra breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem tóku gildi 1. janúar 2023, m.a. hvað varðar fyrirkomulag gjaldtöku í anda meginreglunnar um „Borgað þegar hent er“ (BPHE).⁶¹ Gjaldtakan fer eftir gjaldskrá nr. 1474/2023. Sem fyrr segir er þar gert ráð fyrir talsverðum sveigjanleika í gjaldtöku í takti við stærð íláta og fyrirkomulag. Þar með er leitast við að fylgja meginreglunni um BPHE. Í gjaldskránni er m.a. að finna upplýsingar um gjaldtöku á móttökustöðinni í Engidal.⁶² Auk birtingar í Stjórnartíðindum er gjaldskráin kynnt fyrir íbúum með aðgengilegri framsetningu á vefsíðum bæjarins.⁶³

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Ísafjarðarbæjar var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 rúmlega 39 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu tæplega 37 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig undir 94% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. Aðeins 6% voru greidd úr sameiginlegum sjóði, þannig að Ísafjarðarbær var nálægt því að uppfylla ákvæði laga þess efnis að gjaldtaka skuli endurspegla raunkostnað.

Ísafjarðarbær tekur þátt í verkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnað og tekjur sveitarfélaga í úrgangsstjórnun, ásamt Garðabæ, Rangárþingi eystra, Skagafirði og Suðurnesjabæ. Markmið verkefnisins er að ná betri yfirsýn yfir kostnað sveitarfélaga í málaflöknum, sjá hvernig hann hefur þróast síðastliðin ár og leggja fram tillögur að hagræðingu í rekstri út frá niðurstöðum greiningar. Verkefnið er í tveimur áföngum og hófst í janúar 2024.⁶⁴

8.4.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Ísafjarðarbæjar er að finna ítarlegar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðudagatal fyrir árið 2024⁶⁵

⁶⁰ Upplýsingar frá Kubbi ehf. 20. febrúar 2024.

⁶¹ Ísafjarðarbær (2023b).

⁶² Ísafjarðarbær (2023).

⁶³ Ísafjarðarbær (2024b).

⁶⁴ Ísafjarðarbær (2004).

⁶⁵ Ísafjarðarbær (2024b).

8.4.10 Framtíðarsýn

Gildistími núverandi aðalskipulags fyrir Ísafjarðarbæ rann út 2020. Unnið er að endurskoðun og er gert ráð fyrir að nýtt aðalskipulag muni gilda til ársins 2030.⁶⁶ Ekki verður séð í fljótu bragði að stefnumótandi ákvæði um úrgangsmál hafi verið felld inn í stefnumótun sveitarfélagsins.⁶⁷

8.4.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Ísafjarðarbæ 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Kubbi ehf, en magn skilgjaldsambúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til tæplega 3.217 tonn af úrgangi í Ísafjarðarbæ 2023, eða 847 kg á hvern íbúa. Þetta er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg/íb). Samkvæmt töflunni fóru um 1.773 tonn (um 55%) af því sem til féll í urðun í Fíflholtum á Mýrum. Þá voru um 748 tonn (um 23%) (óvirkur úrgangur, hreint timbur, lífrænn úrgangur frá eldhúsum og garðaúrgangur) afsett í Dagverðardal.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um ráðstöfun sóttmengaðs úrgangs.
- Rauði krossinn sá um söfnun á textíl („Fatnaði, skófatnaði og textíl“) til ársloka 2023. Kubbur tók hins vegar við söfnuninni um áramót.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um skiptingu fyrirtækjaúrgangs milli sveitarfélaganna þriggja við Ísafjarðardjúp. Því var heildarmagninu skipt milli sveitarfélaga eftir höfðatölu.

⁶⁶ Ísafjarðarbær (á.á.).

⁶⁷ Vestfjarðastofa (2023).

Tafla 21. Úrgangstölfræði Ísafjarðarbæjar 2023.

Sveitarfélag: Ísafjarðarbær		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024: 3.797				
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
		Förgun		Endurnýting			
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	0
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	195.054	195.054
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	115.645	115.645
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	7.745	30.982	38.727
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	15.188	15.188
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	18.226	18.226
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	1.961	47.068	49.029
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	60.752	60.752	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	9.580	9.580
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	261.791	0	0	261.791
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	153.617	0	0	153.617
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflökkað)	296.001	0	0	0	296.001
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Oliume ngaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	247.692	0	0	0	247.692
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og samþærllegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	162.715	0	0	162.715
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Mataróla og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	194.054	194.054
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	0	0	0
	20 02 01	Garðúrgangur	0	169.768	0	0	169.768
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	426.531	0	0	0	426.531
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	244.250	0	0	0	244.250
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	558.213	0	0	0	558.213
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		1.772.687	747.891	9.707	0	686.548
Samtals (kg/íbúa)		467	197	3	0	181	847

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Ísafjarðarbæ 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 22. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Ísafjarðarbæ 2023.

Sveitarfélag: Ísafjarðarbær		2023	Íbúar:	3.797	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	195.054	195.054	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	115.645	115.645	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	38.727	30.982	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	15.188	15.188	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	18.226	18.226	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	49.029	47.068	96%
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	60.752	60.752	100%
Ómisl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	153.617	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	49.538	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	162.715	0	0%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	9.703	9.703	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	
	20 02 01	Garðaúrgangur	169.768	0	0%
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	426.531	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	244.250	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	558.213	0	0%
	Samtals (kg)		2.266.956	492.617	22%
	Samtals (kg/íbúa)		597	130	22%

8.5 Bolungarvíkurkaupstaður

Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi 10. apríl 1974 og þar með fékk sveitarfélagið sitt núverandi nafn í stað Hólshrepps áður. Ísafjarðarbær umlykur Bolungarvíkurkaupstað landmegin. Mörkin milli sveitarfélaganna liggja um Ófæru sunnan Skálavíkur, inn á Gilsbrekkuheiði og þaðan eftir hæstu hæðum út á Ófæru á Óshlíð.

Bolungarvíkurkaupstaður er 108 km² að flatarmáli og þar bjuggu 989 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjó 971 (98%) í Bolungarvík og aðeins 18 (2%) í dreifbýli.

Útgerð og fiskvinnsla hafa löngum verið burðarstoðir atvinnulífs í Bolungarvík en þar er einnig rekin ferðaþjónusta, auk annarrar framleiðslu og þjónustu af ýmsu tagi.

8.5.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í Bolungarvíkurkaupstað eru tvö ílát við hvert heimili, annað fyrir blandaðan úrgang með hólfi fyrir lífúrgang og hitt fyrir úrgang til endurvinnslu. Síðarnefnda ílátin er ætlað fyrir pappírsumbúðir og í því er hólfi fyrir plastumbúðir. Ílátin eru hvort um sig losuð á tveggja vikna fresti. Kubbur ehf. sér um úrgangspjónustuna.

8.5.2 Grenndarstöðvar

Engin eiginleg grenndarstöð er í Bolungarvík. Glerumbúðum og málmumbúðum er þess í stað safnað saman í söfnunarstöð sveitarfélagsins.

8.5.3 Söfnunarstöðvar

Söfnunarstöð Bolungarvíkurkaupstaðar er við áhaldahús bæjarins að Tjarnarkambi 1. Þar er opið þrjú daga í viku 3,5 klst. í senn. Einnig er stöðin opin á laugardögum yfir sumartímam kl. 10-14. Á söfnunarstöðinni geta íbúar m.a. losað sig við allt að 1 m³ af blönduðum heimilisúrgangi á dag (eða 8 m³ á ári), án gjaldtöku. Greitt er fyrir blandaðan úrgang umfram það, svo og fyrir allan gjaldskyldan úrgang frá fyrirtækjum.⁶⁸

8.5.4 Önnur söfnun og flokkun

Ætlast er til að farið sé með garðaúrgang á söfnunarstöð, en íbúum er einnig bent á þann möguleika að koma sér upp safnhaug eða safnkassa í eigin garði og setja garðaúrgang þar. Garðaúrgangur er fluttur á urðunarstaðinn við Hól, væntanlega til jarðgerðar. Að öllum líkindum er afurðin þó ekki nýtt og því eðlilegt að líta á ráðstöfunina sem förgun.

8.5.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Bolungarvíkurkaupstaður rekur urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Hóls. Samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun er heimilt að taka þar á mót og urða allt að 600 tonn af óvirkum úrgangi á ári, auk þess sem taka má á mót viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar. Starfsleyfið var gefið út 20. ágúst 2019 og gildir til 20. ágúst 2035.⁶⁹ Vitað er til þess að urðuð hafi verið á svæðinu efni sem ekki er heimild fyrir s.s.

⁶⁸ Bolungarvíkurkaupstaður (2024).

⁶⁹ Umhverfisstofnun (2019).

dekk, plast o.fl.⁷⁰ Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá því í júlí 2023 er getið um fleiri frávik frá starfsleyfi staðarins.⁷¹

Sorpurðun hófst á Hóli í kringum 1985. Til að byrja með tók staðurinn við öllum óbrennanlegum úrgangi, en brennanlegur úrgangur var sendur í brennslustöð á Skarfaskeri og síðar í stöð Funa í Engidal þar til brennslu þar var hætt 2010. Eftir það var blandaður úrgangur sendur til urðunar í Fíflholtum en óvirkur úrgangur urðaður á Hóli. Urðunarstaðurinn er umdeildur vegna nálægðar við Hólsá, Hólskirkju, fornminjar og ýmsa starfsemi.⁷²

Í aðalskipulagi Bolungarvíkur fyrir tímabilið 2008-2020 var gert ráð fyrir að urðun og efnisvinnsla við Hól yrði „*hætt á seinni hluta skipulagstímabilsins, eða í kjölfar svæðisáætlunar fyrir meðhöndlun úrgangs*“. Árið 2018 var unnið deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn, þar sem gert var ráð fyrir „*áframhaldandi urðun fram að gildistöku endurskoðaðs aðalskipulags*“.⁷³ Hið endurskoðaða aðalskipulag gildir fyrir tímabilið 2020-2032.⁷⁴

Aflögð olíubirgðastöð er nálægt innri bæjarmörkum Bolungarvíkur. Ekki mun hafa verið gengið frá stöðinni með fullnægjandi hætti.⁷⁵

8.5.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Kubbur sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Bolungarvíkurkaupstað. Blandaður úrgangur er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang. Óvirkur úrgangur fer á urðunarstaðinn í landi Hóls. Lífrænn úrgangur er fluttur til jarðgerðar á Ísafirði en er á endanum fargað í Dagverðardal. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum.

8.5.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir er Bolungarvíkurkaupstaður með samning við Kubb, sem sér um söfnun úrgangs, rekstur söfnunarstöðvar og flutning úrgangs til meðhöndlunar. Gildistími samningsins liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

8.5.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Í Stjórnartíðindum er hvorki að finna samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bolungarvíkurkaupstað né tilheyrandi gjaldskrá. Á vefsíðum sveitarfélagsins er hins vegar birt gjaldskrá fyrir „sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld“ árið 2024. Samkvæmt henni nemur sorphreinsigjaldið 39.862 kr. og sorpeyðingargjaldið 31.470 kr. Þar kemur einnig fram að sorpgjöld á fyrirtæki og lögaðila séu „*samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem tekur mið af sorpmagni*“.⁷⁶ Sú gjaldskrá finnst hins vegar ekki við fljótlega leit á vefsíðum sveitarfélagsins.

⁷⁰ Umhverfisstofnun (2023b).

⁷¹ Umhverfisstofnun (2023).

⁷² Bolungarvíkurkaupstaður (2018).

⁷³ Sama heimild.

⁷⁴ Bolungarvíkurkaupstaður (2022).

⁷⁵ Umhverfisstofnun (2023b).

⁷⁶ Bolungarvíkurkaupstaður (2024b).

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 rúmlega 34 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 26 þús. kr. á íbúa. Þessi gjöld stóðu því undir um 78% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. Þar af leiðir að um 22% voru greidd úr sameiginlegum sjóði. Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi.

8.5.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Bolungarvíkurkaupstaðar er að finna ýmsar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðudagatal fyrir árið 2024.⁷⁷

8.5.10 Framtíðarsýn

Í Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2020-2032 er lögð áhersla á að úrgangsmál í sveitarfélaginu verði til fyrirmyndar, enda geti meðhöndlun úrgangs „haft áhrif á ímynd svæðis og þar afleiðandi samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana“, auk hugsanlegra áhrifa á val fólks um búsetu. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að urðunarstaðurinn við Hól verði áfram í notkun, en að urðunin og fyrirkomulag úrgangsmála almennt verði endurskoðað þegar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verður gerð. Leita skuli leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélaginu og lögð áhersla á endurnotkun og endurnýtingu, svo sem jarðgerð. Fræðsla um úrgangsmál verði aukin og aðstaða til flokkunar bætt.⁷⁸

8.5.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Bolungarvíkurkaupstað 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Kubbi ehf, en magn skilagjaldsambúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til rúm 825 tonn af úrgangi í Bolungarvíkurkaupstað 2023, eða 835 kg á hvern íbúa. Þetta er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg/íb). Samkvæmt töflunni fóru rúm 473 tonn (um 57%) af því sem til féll í urðun í Fíflholtum á Mýrum. Þá voru um 128 tonn (tæp 16%) (óvirkur úrgangur, hreint timbur, lífrænn úrgangur frá eldhúsum og garðaúrgangur) afsett á urðunarstað í landi Hóls, eða þá í Dagverðardal í Skutulsfirði. Eins og fram hefur komið er staðurinn á Hóli með starfsleyfi til urðunar á óvirkum úrgangi, auk þess sem taka má á móti viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar. Í Dagverðardal er til staðar leyfi til að nota tiltekið hámarksmagn af óvirkum úrgangi og garðaúrgangi til „landmótunar“ í námu, en lífrænn úrgangur frá eldhúsum fellur ekki þar undir, jafnvel þótt hann hafi áður farið í gegnum einhvers konar jarðgerð.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um ráðstöfun sóttmengaðs úrgangs.
- Rauði krossinn sá um söfnun á textíl („Fatnaði, skófátnaði og textíl“) til ársloka 2023. Kubbur tók hins vegar við söfnuninni um áramót.

⁷⁷ Bolungarvíkurkaupstaður (á.á.).

⁷⁸ Bolungarvíkurkaupstaður (2022).

Ekki eru tiltækar upplýsingar um skiptingu fyrirtækjaúrgangs milli sveitarfélaganna þriggja við Ísafjarðardjúp. Því var heildarmagninu skipt milli sveitarfélaga eftir höfðatölu.

Tafla 23. Úrgangstölfræði Bolungarvíkurkaupstaðar 2023.

Sveitarfélag:		Bolungarvíkurkaupstaður		Tímabil:	2023		Íbúar 1. jan. 2024:	989	
		SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
				Förgun		Endurnýting			
		Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals
Landbún., ræktun, veiðar, matv. vinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	2.770	2.770	2.770
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	52.321	52.321	52.321
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	26.312	26.312	26.312
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	1.283	0	5.133	6.416	6.416
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	3.956	3.956	3.956
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	4.747	4.747	4.747
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	1.330	0	31.930	33.260	33.260
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	15.824	15.824	15.824	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	8.300	8.300	8.300
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	0	0
	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	52.017	0	0	0	52.017	52.017
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	19.217	0	0	0	19.217	19.217
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflökkað)	80.240	0	0	0	0	80.240	80.240
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	74.156	0	0	0	0	74.156	74.156
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkráhusum ofl.	0	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	27.264	0	0	0	27.264	27.264
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	69.817	69.817	69.817
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	0	0	0	0	0
	20 02 01	Garðúrgangur	0	29.771	0	0	0	29.771	29.771
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	124.290	0	0	0	0	124.290	124.290
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	50.712	0	0	0	0	50.712	50.712
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	144.032	0	0	0	0	144.032	144.032
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	0	0
Samtals (kg)			473.430	128.269	2.614	0	221.110	825.422	
Samtals (kg/íbúa)			479	130	3	0	224	835	

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Bolungarvíkurkaupstað 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 24. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Bolungarvíkurkaupstað 2023.

Sveitarfélag: Bolungarvíkurkaupstaður		2023	Íbúar:	989	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	52.321	52.321	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	26.312	26.312	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	6.416	5.133	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	3.956	3.956	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	4.747	4.747	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	33.260	31.930	96%
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	15.824	15.824	100%
misl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	19.217	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	14.831	0	0%
Heimilisúrgangur og samþæring	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	27.264	0	0%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	3.491	3.491	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	
	20 02 01	Garðaúrgangur	29.771	0	0%
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	124.290	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	50.712	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	144.032	0	0%
	Samtals (kg)		556.444	143.713	26%
	Samtals (kg/ibúa)		563	145	26%

8.6 Súðavíkurhreppur

Súðavíkurhreppur í núverandi mynd varð til 21. september 1994 þegar Ögurhreppur og Reykjarfjarðarhreppur voru lagðir undir þáverandi Súðavíkurhrepp.⁷⁹ Mörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar liggja um austanvert Arnarnes og þaðan suður fyrir Sjónfríð á Glámuhálendinu. Mörk Súðavíkurhrepps og Reykhólahrepps liggja þaðan til austurs og síðan skiptir Torfdalur inn af Ísafirði löndum milli Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar. Eyjan Vigur tilheyrir Súðavíkurhreppi.

Súðavíkurhreppur er 750 km² að flatarmáli og þar bjuggu 219 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjuggu 168 (77%) í Súðavík en 51 (23%) í dreifbýli. Útgerð og fiskvinnsla hafa löngum verið burðarstöðir atvinnulífs í Súðavík, en hefðbundinn landbúnaður í sveitunum. Hlutur ferðaþjónustu hefur þó farið vaxandi.

8.6.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í Súðavík eru að jafnaði tvö ílát við hvert heimili, annað fyrir blandaðan úrgang með hólfi fyrir lífúrgang og hitt fyrir úrgang til endurvinnslu. Síðarnefnda ílátin er ætlað fyrir pappírsumbúðir og í því er hólf fyrir plastumbúðir. Ílátin eru hvort um sig losuð á tveggja vikna fresti. Kubbur ehf. sér um úrgangsjónustuna. Í stað hefðbundinnar söfnunar í sveitum eru þar staðsettir gámar fyrir blandaðan úrgang á tíu stöðum, ætlaðir íbúum í dreifbýli og umsjónarfólki sumarhúsa. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. þjónustar þessa gáma.

8.6.2 Grenndarstöðvar

Gámastöð við Njarðarbraut gegnir sem stendur einnig hlutverki grenndarstöðvar. Þar er móttaka á gleri og málmum auk móttöku á gjaldskyldum úrgangi.

8.6.3 Söfnunarstöðvar

Í Súðavík er söfnunarstöð við Njarðarbraut. Stöðin er opin þrjá daga í viku, frá 13:00-17:00. Á stöðinni er innheimt kílóagjald fyrir blandaðan og grófan úrgang, en ekki fyrir flokkaðan úrgang.⁸⁰

8.6.4 Önnur söfnun og flokkun

Garðúrgangi er safnað við Réttarholt. Spilliefni eru sótt óreglulega og plast frá lögbýlum þar sem búskapur er stundaður.

8.6.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Engir skráðir förgunarstaðir eru í Súðavíkurhreppi en í kortasjá Umhverfisstofnunar yfir mengaðan jarðveg eru þrjár staðir í hreppnum tilgreindir. Í fyrsta lagi hefur miklu magni af bílhræjum verið safnað saman við Garðsstaði í Ögurvík – og í öðru lagi mun skipsflak sem liggur í fjörunni þar skammt frá (á móts við Æðarsker) hafa verið rifið að hluta og úrgangur úr því bæði brenndur og grafinn á svæðinu.⁸¹ Málmar úr skipinu hafa hins vegar verið hlutaðir niður, pressaðir og fluttir til förgunar eða til sölu í brotajárn. Í þriðja lagi er gömul miltisbrunagröf við Birnustaði í Laugardal. Vitað er um aðra

⁷⁹ Byggðastofnun (2023).

⁸⁰ Súðavíkurhreppur (2022).

⁸¹ Umhverfisstofnun (2023b).

miltisbrunagröf í landi Minni-Hattardals í Álftafirði,⁸² en hennar er ekki getið í kortasjóni.

Á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 er gert ráð fyrir förgunarsvæði fyrir garðaúrgang við Réttarholt í útjaðri byggðarinnar í Súðavík,⁸³ en þessi staður virðist hafa verið nýttur í þessum tilgangi um nokkurt skeið. Ekki liggja fyrir upplýsingar um starfsleyfi staðarins.

8.6.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Kubbur sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Súðavík, en Sorpsamlag Strandasýslu ehf. sinnir dreifbýlinu sem fyrr segir. Blandaður úrgangur frá Súðavík er urðaður í Fíflholtum og það sama gildir um grófan úrgang. Óvirkur úrgangur mun vera afsettur í Dagverðardal í Skutulsfirði, en þar er heimilt að nota takmarkað magn óvirks úrgangs til „landmótunar“. Lífrænn úrgangur frá eldhúsum er fluttur til jarðgerðar á Ísafirði en er á endanum fargað í Dagverðardal. Garðaúrgangur virðist haugsettur á Réttarholti. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum. Blandaður úrgangur úr dreifbýlinu er urðaður við Hólmavík.

8.6.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir er Súðavíkurhreppur með samning við Kubb, sem sér um söfnun úrgangs, rekstur söfnunarstöðvar og flutning úrgangs til meðhöndlunar. Gildistími samningsins liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

8.6.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Svo virðist að enn sé í gildi samþykkt um sorphirðu í Súðavíkurhreppi, nr. 816/2003.⁸⁴ Gjaldtaka fer eftir gjaldskrá nr. 754/2022,⁸⁵ en gjaldskráin var tekin til gagngerrar endurskoðunar í ársbyrjun 2024. Ný gjaldskrá hefur ekki verið birt opinberlega, en skv. henni er gert ráð fyrir að sorpgjöld hækki um 100% í þremur áföngum til 2027 og standi þá að fullu undir kostnaði við málaflökkinn.⁸⁶

Samkvæmt tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga úr bókhaldi sveitarfélaga 2022 var kostnaður vegna úrgangsmála í Súðavíkurhreppi þá um 58 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 30 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig aðeins undir 52% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 48% voru þannig greidd úr sameiginlegum sjóði.⁸⁷ Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi. Ekki fengust upplýsingar frá sveitarfélaginu um kostnaðarskiptinguna 2023.

⁸² Hörður Kristjánsson (2021).

⁸³ Súðavíkurhreppur (2020).

⁸⁴ Umhverfissráðuneytið (2003).

⁸⁵ Súðavíkurhreppur (2022).

⁸⁶ Súðavíkurhreppur (2024).

⁸⁷ Samband íslenskra sveitarfélaga (2023).

8.6.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Súðavíkurhrepps er að finna ýmsar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu, en þessar upplýsingar hafa ekki verið uppfærðar síðan 2020.⁸⁸ Unnið er að endurskoðun samþykka og gjaldskráa sveitarfélagsins og verða uppfærðar upplýsingar birtar á heimasíðu síðar í því ferli.

8.6.10 Framtíðarsýn

Í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 er að finna eftirfarandi stefnu í úrgangsmálum:

- *Að dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu hans.*
- *Að fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins, þ.á m. ásýnd móttökusvæða.*
- *Áhersla lögð á það að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft og tryggt að spilliefni berist ekki út í umhverfið.*

Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að stefnt sé að aukinni fræðslu fyrir íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs. Ekki sé gert ráð fyrir urðunarstöðum í Súðavíkurhreppi, en þó stefnt að því að svæðið á Réttarholti vestan við aðstöðu Orkubús Vestfjarða verði áfram nýtt til förgunar garðaúrgangs.⁸⁹

8.6.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Súðavíkurhreppi 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Kubbi ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til rúmlega 183 tonn af úrgangi í Súðavíkurhreppi 2023, eða 837 kg á hvern íbúa. Þetta er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg/íb). Samkvæmt töflunni fóru tæp 126 tonn (um 69%) af því sem til féll í urðun í Fíflholtum á Mýrum og á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu við Hólmavík. Þá voru tæp 15 tonn (8%) (óvirkur úrgangur, hreint timbur, lífrænn úrgangur frá eldhúsum og garðaúrgangur) afsett í Dagverðardal í Skutulsfirði eða á Bólholti. Ekki er leyfilegt að afsetja lífrænan úrgang á þessum stöðum.

Nokkru minna fellur til af lífúrgangi í Súðavíkurhreppi (um 12 kg/íbúa) en í Ísafjarðarbæ (43 kg/íbúa) og í Bolungarvíkurkaupstað (28 kg/íbúa). Þetta skýrist væntanlega af því að söfnun hófst síðar í Súðavík en í hinum sveitarfélögum og því var kerfið ekki í fullri virkni allt árið 2023. Auk heldur er lífrænum úrgangi ekki safnað í dreifbýli Súðavíkurhrepps, en þar búa um 25% íbúanna eins og fram hefur komið.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.

⁸⁸ Súðavíkurhreppur (á.á.).

⁸⁹ Súðavíkurhreppur (2020).

-
- Rauði krossinn sér um söfnun á textíl („Fatnaði, skófatnaði og textíl“) með söfnunargámi sem staðsettur er við Grundarstræti 1 í Súðavík.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um skiptingu fyrirtækjaúrgangs milli sveitarfélaganna þriggja við Ísafjarðardjúp. Því var heildarmagninu skipt milli sveitarfélaga eftir höfðatölu.

Tafla 25. Úrgangstölfraði Súðavíkurhrepps 2023.

Sveitarfélag: Súðavíkurhreppur		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024: 219				
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
Númer	Tegund úrgangs	Förgun		Endurnýting			Samtals
		Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún., ræktun, veifar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	3.560
	02 01 99	Veifaræri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	8.999
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	10.598
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	919	0	3.675
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	876
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.051
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	19	0	460
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	3.504	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	0
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	5.850	2.450	0	0	0
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	4.530	0	0	0
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	6.515	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Oliume ngaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
17 09 04	Annar grófur úrgangur	15.332	0	0	0	0	
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og samþærllegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	2.599	0	0	0
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	9.121
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	0	0	0
	20 02 01	Garðúrgangur	0	5.205	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	23.095	0	0	0	0
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	40.980	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	33.949	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		125.721	14.784	938	0	41.845
Samtals (kg/íbúa)		574	68	4	0	191	837

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Súðavíkurhreppi 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 26. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Súðavíkurbreppi 2023.

Sveitarfélag: Súðavíkurbreppi		2023	Íbúar:	219	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjuþappi)	8.999	8.999	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur þappi og fernur)	10.598	10.598	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	4.594	3.675	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	876	876	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	1.051	1.051	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	479	460	96%
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	3.504	3.504	100%
Í misl.	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	4.530	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	3.066	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	2.599	0	0%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	456	456	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	0	
	20 02 01	Garðaúrgangur	5.205	0	0%
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	23.095	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	40.980	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	33.949	0	0%
		Samtals (kg)		143.982	29.620
	Samtals (kg/íbúa)		657	135	21%

8.7 Strandabyggð

Strandabyggð í núverandi mynd varð til 11. mars 2006 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps.⁹⁰ Áður höfðu Hrófbergshreppur, Nauteyrarhreppur og Kirkjubólshreppur verið sameinaðir Hólmavíkurhreppi í áföngum 1986-2002, auk þess sem Broddaneshreppur varð til (öðru sinni) við sameiningu Óspakseyrar- og Fellshreppa 1991.

Að sunnanverðu liggur Strandabyggð að Húnaþingi vestra og eru mörk sveitarfélaganna á Stíkuhálsi milli Bitrufjarðar og Hrutafjarðar og þaðan í Rjúpnafell. Frá Rjúpnafelli liggja mörk Strandabyggðar og Dalabyggðar til vestur og síðan norðurs eftir hæstu hæðum, norður á Steinadalsheiði. Þaðan liggja svo mörk Strandabyggðar og Reykhólshrepps til norðvesturs og vesturs eftir hæstu hæðum að Torfdal inn af Ísafirði – og loks skipta Torfdalur og Ísafjörður löndum milli Strandabyggðar og Súðavíkurhrepps. Í norðvestri liggja sveitarfélagamörkin við Ísafjarðarbæ um Kaldalón og Drangajökul og þar fyrir sunnan á Strandabyggð land að Árneshreppi og Kaldrananeshreppi að ósum Selár í Steingrímsfirði.

Strandabyggð er 1.834 km² að flatarmáli og þar bjuggu 414 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjuggu 292 (70%) á Hólmavík en 122 (30%) í dreifbýli. Helstu atvinnuvegir eru útgerð, landbúnaður og ferðaþjónusta, auk heilbrigðisþjónustu og annarra þjónustu af ýmsu tagi.

8.7.1 Fyrirkomulag söfnunar

Hingað til hafa heimili á Hólmavík aðeins haft grá flát fyrir blandaðan úrgang, en íbúar hafa sjálfir farið með flokkaðan úrgang á söfnunarstöð, þar sem hægt er að setja flokkaðan úrgang í þar til gerða gáma (áður lúgur). Í dreifbýli hafa hins vegar verið gámar fyrir blandaðan úrgang, sem hver um sig hefur þjónað nokkrum bæjum. Ílát eru almennt losuð á tveggja vikna fresti á sumrin, en í dreifbýli eru losanir strjálly yfir vetrarmánuðina. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. sér um alla þætti úrgangsmála í sveitarfélaginu, svo og í öðrum sveitarfélögum sem eiga hlut í samlaginu (Kaldrananeshreppi og Árneshreppi).

8.7.2 Grenndarstöðvar

Engar grenndarstöðvar eru í sveitarfélaginu, aðrar en fyrrnefndir gámar í sveitum. Gámar við söfnunarstöðina á Hólmavík gegna þó í reynd hlutverki grenndarstöðvar.

8.7.3 Söfnunarstöðvar

Söfnunarstöð er á Skeiði í útjaðri Hólmavíkur. Unnið er að afmörkun svæðisins í samræmi við breytt fyrirkomulag móttöku og í framhaldi af því verður nýr opnunartími ákveðinn. Utan við stöðina eru gámar fyrir helstu flokka úrgangs, sem aðgengilegir eru allan sólarhringinn. Þetta fyrirkomulag er í endurskoðun.

8.7.4 Önnur söfnun og flokkun

Heyrúlluplasti er safnað reglulega í sveitum.

⁹⁰ Byggðastofnun (2023).

8.7.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Sorpsamslag Strandasýslu ehf. rekur urðunarstað í landi Skeljavíkur við Hólmavík. Þar er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum á ári til urðunar, úrvinnslu og geymslu, enda sé úrgangurinn uppruninn á Ströndum eða í dreifbýli Súðavíkurhrepps. Starfsleyfi staðarins var gefið út 10. júlí 2012 og gildir til sömu dagsetningar 2028.⁹¹

Vitað er um a.m.k. þrjár miltisbrunagrafir í Strandabyggð, en aðeins tvær þeirra sjást í kortasjá Umhverfisstofnunar yfir mengaðan jarðveg. Þar er annars vegar um að ræða gröf í landi Brunngils í Bitrufirði og hins vegar í landi Lágadals í Ísafjarðardjúpi.⁹² Einnig er þekkt miltisbrunagröf við Smiðjuhús í Húsadal,⁹³ skammt innan við Þverárvirkjun við Hólmavík. Þörf er á að tilgreina grafir af þessu tagi með sem nákvæmustum hætti í svæðisáætlun og merkja þá inn á skipulagsupprætti til að draga úr hættu á að þeim verði raskað í náinni framtíð.

8.7.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Sorpsamslag Strandasýslu sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Strandabyggð. Blandaður úrgangur er urðaður á urðunarstaðnum í Skeljavík og það sama gildir um grófan úrgang og óvirkan úrgang. Lífrænn úrgangur hefur hingað til farið sömu leið, að öðru leyti en því að fólk hefur sjálft losað sig við garðaúrgang. Móttaka á slíkum úrgangi er við urðunarstaðinn. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum.

8.7.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir sér Sorpsamslag Strandasýslu um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Strandabyggð og hið sama gildir um Kaldrananeshrepp og Árneshrepp.

8.7.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Ekki verður séð að í gildi sé samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð. Gjaldtaka fer eftir gjaldskrá nr. 206/2024. Samkvæmt henni er árlegt sorpgjald upp á 65.285 kr. lagt á íbúðir í þéttbýli, en lögbýli og íbúðarhús í dreifbýli greiða 53.820 kr. Þá er 32.640 kr. sorpgjald lagt á sumarhús og sorpgjald vegna gáma er 8.990 kr. Einnig er lagt sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis, enda sér Sorpsamslag Strandasýslu um alla úrgangspjónustu við atvinnulífið á svæðinu. Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum, stofnunum og öðrum lögaðilum í 11 mismunandi gjaldflokka eftir eðli og umfangi starfseminnar og eru árgjöld í hverjum flokki á bilinu 65.285-5.222.965 kr.⁹⁴

Samkvæmt tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga úr bókhaldi sveitarfélaga 2022 var kostnaður vegna úrgangsmála í Strandabyggð þá um 60 þús. kr. á íbúa. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 47 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig undir 79% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 21% voru því greidd úr sameiginlegum sjóði.⁹⁵ Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi

⁹¹ Umhverfisstofnun (2012c).

⁹² Umhverfisstofnun (2023b).

⁹³ Hörður Kristjánsson (2021).

⁹⁴ Strandabyggð (2024).

⁹⁵ Samband íslenskra sveitarfélaga (2023).

viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi. Ekki fengust upplýsingar frá sveitarfélaginu um kostnaðarskiptinguna 2023.

Unnið er er að uppstokkun á starfsemi Sorpsamlags Strandasýslu með það að markmiði að reksturinn standi undir sér. Ráðist hefur verið í miklar fjárfestingar í farartækjum, gámum, pressu o.fl., til að mæta kröfum nýrra laga og auka hagkvæmni. Framundan er aukin gjaldtaka af fyrirtækjum, afmörkun móttökustöðvar á Skeiði og gjaldtaka fyrir losun á tilgreindum opnunartímum.

8.7.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Strandabyggðar er að finna upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu.⁹⁶ Þessar upplýsingar eru þó fremur takmarkaðar.

8.7.10 Framtíðarsýn

Aðalskipulag Strandabyggðar var með gildistíma til ársloka 2022.⁹⁷ Unnið er að endurskoðun skipulagsins og var stefnt að frumkynningu á vormánuðum 2024.

Ekki er fjallað um úrgangsmál í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.⁹⁸ Ekki verður heldur séð í fljótu bragði að stefnumótandi ákvæði um úrgangsmál hafi verið felld inn í aðra stefnumótun sveitarfélagsins.⁹⁹

8.7.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Strandabyggð 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Sorpsamlagi Strandasýslu ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til rúm 284 tonn af úrgangi í Strandabyggð 2023, eða 686 kg á hvern íbúa. Þetta er nokkru minna magn en í öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum (895 kg), en ekki hefur fundist einhlít skýring á því. Samkvæmt töflunni fóru um 172 tonn (um 61%) af því sem til féll í urðun á urðunarstaðnum í Skeljavík.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Hjólbörðum er safnað og þeir fluttir af svæðinu á 2-3 ára fresti, að jafnaði um 7 tonn í hverri ferð. Engin slík ferð var farin á árinu 2023.
- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
- Óvirkur úrgangur („Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“) fer til urðunar með blönduðum úrgangi og er ekki tilgreindur sérstaklega. Sama gildir um „Annan grófan úrgang“.
- Sóttmengaður úrgangur frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hólmavík er væntanlega sendur til förgunar án milligöngu sorpsamlagsins.

⁹⁶ Strandabyggð (á.á.).

⁹⁷ Strandabyggð (2011).

⁹⁸ Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð (2018).

⁹⁹ Vestfjarðastofa (2023).

- Spilliefnum er safnað í gám til að ná sem mestri hagkvæmni í flutningum. Af þeim sökum voru nær engin spilliefni send til meðhöndlunar árið 2023.
- Íbúar losa sig sjálfir við garðaúrgang (sjá framar).

Tafla 27. Úrgangstölfraði Strandabyggðar 2023.

Sveitarfélag: Strandabyggð		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:				414
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
Númer	Tegund úrgangs	Förgun			Endurnýting		Samtals
		Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	9.840
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	7.800
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	16.917
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	1.159	0	4.634
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.656
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	727
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.987
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	1.415
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	6.624
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	0
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	0	0	4.213
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	8.700	0	0	0	8.700
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	43.700	0	0	0	43.700
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	0	0	0
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum of.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og samþæringlegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	0	0
	20 01 10/11	Fatnaður, skófátnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarólía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	10.718
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	42.940
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	1.046	0	0	1.046
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	120.070	0	0	0	120.070
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
Samtals (kg)		172.470	1.046	1.159	0	109.472	284.146
Samtals (kg/íbúar)		417	3	3	0	264	686

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Strandabyggð 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 28. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Strandabyggð 2023.

Sveitarfélag: Strandabyggð		2023	Íbúar:	414	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Par af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Um búðauðrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	7.800	7.800	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	16.917	16.917	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrulluplast)	5.793	4.634	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	1.656	1.656	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	727	727	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	1.987	1.987	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	1.415	1.415	100%
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	6.624	6.624	100%
í misl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	4.213	4.213	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	8.700	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	10.718	10.718	100%
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	2.147	2.147	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	1.046	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	120.070	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	
	Samtals (kg)		189.813	58.839	31%
	Samtals (kg/íbúa)		458	142	31%

8.8 Kaldrananeshreppur

Mörk Kaldrananeshrepps hafa verið óbreytt um aldir, eða í það minnsta frá 1876.¹⁰⁰ Að sunnan og vestan liggja mörkin við Strandabyggð um Selá upp á Hvannadalshraun. Mörk milli Kaldrananeshrepps og Árneshrepps liggja svo þaðan til austurs um Hvannadalborg, Búrfell, Kjósarhraun og Háafell, alla leið út á Spena, sunnan Kolbeinsvíkur.

Kaldrananeshreppur er 458 km² að flatarmáli og þar bjuggu 104 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Þar af bjó 64 (62%) á Drangnesi en 40 (38%) í dreifbýli. Helstu atvinnuvegir eru útgerð, landbúnaður og ferðaþjónusta.

8.8.1 Fyrirkomulag söfnunar

Fyrirkomulag söfnunar í Kaldrananeshreppi hefur verið það sama og í Strandabyggð (sjá framar).

8.8.2 Grenndarstöðvar

Sorpsamlag Strandasýslu rekur tvær svonefndar flokkunarstöðvar í Kaldrananeshreppi, annars vegar við bryggjuna á Drangnesi og hins vegar við brúna yfir Bjarnarfjarðará. Hægt er að fara með flokkaðan endurvinnanlegan úrgang í þessar stöðvar allan sólarhringinn og setja inn um lúgur. Ef um mikið magn af endurvinnanlegum úrgangi er að ræða er ætlast til að haft sé samband við starfsmenn sorpsamlagsins og fundinn tími fyrir móttöku.¹⁰¹

8.8.3 Söfnunarstöðvar

Engin eiginleg söfnunarstöð er í Kaldrananeshreppi, sjá þó kaflann um grenndarstöðvar hér að framan.

8.8.4 Önnur söfnun og flokkun

Heyrúlluplasti er safnað reglulega í sveitum.

8.8.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Í kortasjá Umhverfisstofnunar yfir mengaðan jarðveg er getið um tvær miltisbrunagrafir í Kaldrananeshreppi, annars vegar við Gautshamar 2 km sunnan við Drangnes og hins vegar á Grund á Drangnesi.¹⁰²

8.8.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Sorpsamlag Strandasýslu sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Kaldrananeshreppi. Blandaður úrgangur er urðaður á urðunarstaðnum í Skeljavík og það sama gildir um grófan úrgang og óvirkan úrgang. Lífrænn úrgangur hefur hingað til farið sömu leið. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærum aðilum.

¹⁰⁰ Byggðastofnun (2023).

¹⁰¹ Kaldrananeshreppur (2023b).

¹⁰² Umhverfisstofnun (2023b).

8.8.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir sér Sorpsamslag Strandasýslu um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Kaldrananeshreppi.

8.8.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Ekki verður séð að í gildi sé samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi. Hins vegar er í gildi gjaldskrá „fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi“, nr. 1743/2023. Samkvæmt henni er árlegt sorpgjald upp á 41.300 kr. lagt á íbúðir, lögbyli og sumarhús í þéttbýli, en sumarhús í dreifbýli greiða 33.500 kr. Einnig er lagt sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis, enda sér Sorpsamslag Strandasýslu um alla úrgangspjónustu við atvinnulífið á svæðinu. Sveitarstjórn raðar aðilum í 8 mismunandi gjaldflokka eftir eðli og umfangi starfseminnar og eru árgjöld í hverjum flokki á bilinu 44.400-554.700 kr.¹⁰³

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Kaldrananeshrepps var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 um 70 þús. kr. á íbúa. Á móti voru tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) tæplega 49 þús. kr. á íbúa og stóðu því undir 70% af kostnaði við málaflokkinn. Niðurgreiðsla úr sveitarsjóði nam samkvæmt því um 30%.

8.8.9 Útgáfa og kynning

Á vefsíðu Kaldrananeshrepps er að finna takmarkaðar upplýsingar um úrgangsmál í sveitarfélaginu. Þar er eingöngu um að ræða stuttan texta um Sorpsamslag Strandasýslu.¹⁰⁴

8.8.10 Framtíðarsýn

Í aðalskipulagi fyrir Kaldrananeshrepp 2010-2030 er að finna nokkur atriði sem varða framtíð úrgangsmála í sveitarfélaginu. Þar er m.a. gengið út frá því að flokkun úrgangs (nefnt „flokkun sorps“ í skipulaginu) verði „eðlilegur hluti af daglegu lífi fólks“, enda er lögð „rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað“.¹⁰⁵

8.8.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Kaldrananeshreppi 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Sorpsamslagi Strandasýslu ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til rúmlega 103 tonn af úrgangi í Kaldrananeshreppi 2023, eða 993 kg á hvern íbúa. Þetta er nokkuð yfir meðaltali sveitarfélaga á Vestfjörðum (895 kg/íb). Samkvæmt töflunni fóru um 78 tonn (um 76%) af því sem til féll í urðun á urðunarstaðnum í Skeljavík.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Hjólbörðum er safnað og þeir fluttir af svæðinu á 2-3 ára fresti, að jafnaði um 7 tonn í hverri ferð. Engin slík ferð var farin á árinu 2023.

¹⁰³ Kaldrananeshreppur (2023).

¹⁰⁴ Kaldrananeshreppur (2023b).

¹⁰⁵ Kaldrananeshreppur (2011). (Bls. 26).

-
- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.
 - Óvirkur úrgangur („Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“) fer til urðunar með blönduðum úrgangi og er ekki tilgreindur sérstaklega. Sama gildir um „Annan grófan úrgang“.
 - Sorpsamlag Strandasýslu hefur ekki tekið við neinu timbri í Kaldrananeshreppi. Hugsanlega er því timbri sem ekki nýtist brennt á staðnum.
 - Spilliefnum er safnað í gám til að ná sem mestri hagkvæmni í flutningum. Af þeim sökum voru engin spilliefni send til meðhöndlunar árið 2023.
 - Íbúar losa sig sjálfir við garðaúrgang.

Tafla 29. Úrgangstölfraði Kaldrananeshrepps 2023.

Sveitarfélag: Kaldrananeshreppur		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:			104	
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
		Förgun		Endurnýting			Samtals
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	2.580
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	0
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	3.960
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	288	0	1.154
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	416
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	16
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	499
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	1.664	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	0
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	0	0	1.142
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	0	0	0	0
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	0	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Oliume ngaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	0	0	0	
Sjúkd.	18 00 99	Sóttme ngaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofi.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og samþærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	0	0
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	2.905
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	10.100
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	283	0	0	0
	20 02 01	Garðúrgangur	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	78.240	0	0	0	0
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
Samtals (kg)		78.240	283	288	0	24.436	103.247
Samtals (kg/íbúa)		752	3	3	0	235	993

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Kaldrananeshreppi 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 30. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Kaldrananeshreppi 2023.

Sveitarfélag: Kaldrananeshreppur		2023	Íbúar:	104	
Heimilisúrgangur		Heimilisúrgangur			
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu		
			Kg	%	
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgiupappi)	0	0	
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	3.960	3.960	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	1.442	1.154	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	416	416	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	16	16	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	499	499	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	1.664	1.664	100%
Þ. misl.	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	1.142	1.142	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	0	0	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	2.905	2.905	100%
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	505	505	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	283	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	78.240	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	
Samtals (kg)			91.072	12.261	13%
Samtals (kg/íbúa)			876	118	13%

8.9 Árneshreppur

Mörk Árneshrepps hafa verið óbreytt um aldir, eða í það minnsta frá 1876.¹⁰⁶ Að sunnan liggja mörkin við Kaldrananeshrepp frá Spena sunnan við Kolbeinsvík og þaðan vestur um Háafell, Kjósarhraun, Búrfell, Hvannadalsborg og upp á Hvannadalshraun. Þaðan á Árneshreppur land að Strandabyggð, norður á Drangajökul, og loks liggja mörk Árneshrepps og Ísafjarðarbæjar af jöklinum út á Geirólfsgrúp, norðan við Skjaldarbjarnarvík.

Árneshreppur er 705 km² að flatarmáli og þar bjuggu 53 íbúar 1. janúar 2024 skv. tölum Hagstofu Íslands. Allt sveitarfélagið er skilgreint sem dreifbýli. Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður og ferðapjónusta, auk þess sem verslun er rekin í Norðurfirði. Þar er einnig smábátaútgerð og umsvif sem henni tengjast.

8.9.1 Fyrirkomulag söfnunar

Fyrirkomulag söfnunar í Árneshreppi hefur verið það sama og í Strandabyggð (sjá framar). Losanir eru þó strjálly yfir vetrarmánuðina, þar sem samgöngur við hreppinn eru ótryggar.

8.9.2 Grenndarstöðvar

Engar eiginlegar grenndarstöðvar hafa verið í Árneshreppi, en þar er þó flokkunarbar, þ.e.a.s. hús með lúgum þar sem íbúar geta losað sig við flokkaðan úrgang.

8.9.3 Söfnunarstöðvar

Engin eiginleg söfnunarstöð er í Árneshreppi, en í Norðurfirði eru þó gámar sem gegna í raun svipuðu hlutverki.

8.9.4 Önnur söfnun og flokkun

Heyrúlluplasti er safnað tvisvar á ári (mars og júní).

8.9.5 Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Í Árneshreppi er enginn skráður förgunarstaður fyrir úrgang. Talið er að gömul miltisbrunagröf sé í Ófeigsfirði, líklega í Sýrárdal.¹⁰⁷

8.9.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Sorpsamslag Strandasýslu sér um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Árneshreppi. Blandaður úrgangur er urðaður á urðunarstaðnum í Skeljavík og það sama gildir um grófan úrgang. Lífrænn úrgangur hefur hingað til farið sömu leið. Öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun hjá þar til bærnum aðilum.

8.9.7 Samningar við verktaka

Sem fyrr segir sér Sorpsamslag Strandasýslu um alla ráðstöfun úrgangs sem fellur til í Árneshreppi.

¹⁰⁶ Byggðastofnun (2023).

¹⁰⁷ Umhverfisstofnun (2023b).

8.9.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Ekki verður séð að í gildi sé samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Árneshreppi, en ný gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn 18. desember 2023 og öðlaðist þá þegar gildi. Gjaldskráin kemur í stað eldri gjaldskrár. Samkvæmt henni er 16.760 kr. sorphirðugjald lagt á sumarbústaði, 30.803 kr. á heilsársbústaði og 53.454 kr. á atvinnurekstur.¹⁰⁸

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Árneshrepps var heildarkostnaður vegna úrgangsmála í sveitarfélaginu 2023 þá rúmlega 140 þús. kr. á íbúa, sem er með því alhæsta sem þekkist. Tekjur málaflokksins (álögð sorpgjöld) námu rúmlega 39 þús. kr. á íbúa og stóðu þannig aðeins undir 28% af heildarkostnaði úrgangsmálaflokksins þetta ár. U.þ.b. 72% voru því greidd úr sameiginlegum sjóði. Niðurgreiðsla af þessu tagi er í raun óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi.

8.9.9 Útgáfa og kynning

Í fljótu bragði virðast engar upplýsingar um úrgangsmál í Árneshreppi vera tiltækar á vefsíðu sveitarfélagsins, að frátalinni fyrrnefndri gjaldskrá og einni tilkynningu frá Sorpsamlagi Strandasýslu um mögulegt fyrirkomulag í framtíðinni.¹⁰⁹

8.9.10 Framtíðarsýn

Í aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 er að finna nokkur atriði sem varða framtíð úrgangsmála í sveitarfélaginu. Þar er m.a. gengið út frá því að flokkun úrgangs (nefnt „flokkun sorps“ í skipulaginu) verði „*eðlilegur hluti af daglegu lífi fólks*“, enda er lögð „*rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað*“.¹¹⁰ Þessi ákvæði eru samhljóða ákvæðum um meðhöndlun úrgangs í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps (sjá framar).

8.9.11 Magntölur

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá Árneshreppi 2023. Tölurnar eru að mestu fengnar frá Sorpsamlagi Strandasýslu ehf, en magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Af töflunni má ráða að samtals hafi fallið til tæp 45 tonn af úrgangi í Árneshreppi 2023, eða 845 kg á hvern íbúa Þetta er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Vestfjörðum (895 kg/íb). Samkvæmt töflunni fóru um 30 tonn (um 68%) af því sem til féll í urðun á urðunarstaðnum í Skeljavík.

Nokkra úrgangsflokka vantar alveg í töfluna, en fyrir því eru ýmsar skýringar:

- Hjólbörðum er safnað og þeir fluttir af svæðinu á 2-3 ára fresti, að jafnaði um 7 tonn í hverri ferð. Engin slík ferð var farin á árinu 2023.
- Úr sér gengin ökutæki eru innifalin í liðnum „Málmar (aðrir en ökutæki)“ í töflunni.

¹⁰⁸ Árneshreppur (2024).

¹⁰⁹ Árneshreppur (á.á.).

¹¹⁰ Árneshreppur (2013). (Bls. 26).

-
- Óvirkur úrgangur („Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“) fer til urðunar með blönduðum úrgangi og er ekki tilgreindur sérstaklega. Sama gildir um „Annan grófan úrgang“.
 - Sorpsamlag Strandasýslu hefur ekki tekið við neinu timbri í Árneshreppi. Hugsanlega er því timbri sem ekki nýtist brennt á staðnum.
 - Spilliefnum er safnað í kör til að ná sem mestri hagkvæmni í flutningum. Tvö til þrjú kör eru staðsett í sveitarfélaginu, en ekki var þörf á að tæma þau á árinu 2023. Því koma engin spilliefni fram í úrgangstölfraði ársins.
 - Íbúar losa sig sjálfir við garðaúrgang (sjá framar).

Tafla 31. Úrgangstölfræði Árneshrepps 2023.

Sveitarfélag: Árneshreppur		Tímabil: 2023	Íbúar 1. jan. 2024:				53	
		SAMTALS	Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
			Förgun		Endurnýting			
		Númer	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals
Landbún., ræktun, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	0	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	2.810	2.810
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	0	0
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	3.321	3.321
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	154	0	614	768
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	212	212
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	254	254
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	848	848
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	0	0
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	0	0	463	463
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik	0	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	0	0	0	0	0
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	0	0	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	0	0	0	0
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og samþærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	0	0	0
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarólía og feiti	0	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	1.177	1.177
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	4.400	4.400
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	115	0	0	0	115
	20 02 01	Garðúrgangur	0	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	30.400	0	0	0	0	30.400
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)			30.400	115	154	0	14.099
Samtals (kg/íbúa)			574	2	3	0	266	845

Taflan sem hér fer á eftir sýnir reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Árneshreppi 2023 miðað við gefnar forsendur.

Tafla 32. Endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs í Árneshreppi 2023.

Sveitarfélag: Árneshreppur		2023	Íbúar:	53	
Heimilisúrgangur		Heimilisúrgangur			
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu		
			Kg	%	
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjuþappi)	0	0	
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur þappi og fernur)	3.321	3.321	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúllplast)	768	614	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	212	212	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	254	254	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	848	848	100%
Þ. misl.	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	463	463	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímur (hreint)	0	0	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	0	0	
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	1.177	1.177	100%
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	220	220	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	115	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	30.400	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	0	0	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	0	0	
Samtals (kg)			37.778	7.109	19%
Samtals (kg/íbúa)			713	134	19%

9 Viðauki 2: Umhverfismatsskýrsla

9.1 Samantekt umhverfismats

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Umhverfismatið var unnið samhliða áætlunargerðinni, þó að stærstur hluti matsvinnunnar hafi farið fram þegar stefna áætlunarinnar hafði verið mótuð í öllum aðalatriðum. Haft var samráð við Skipulagsstofnun í júní 2024 varðandi umfang og nákvæmni matsins.

Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísu í úrgangsmálum. Í umhverfismati svæðisáætlunar er því hvorki þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Auk heldur hefur Umhverfisstofnun eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um.

Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér tiltekna áhættuþætti sem tilgreindir eru í þessu umhverfismati. Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er þó ekki fjallað sérstaklega um hvern þátt um sig í umhverfismatinu, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva.

Samanburður svæðisáætlunarinnar við helstu áætlanir sem í gildi eru og skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum á Vestfjörðum bendir til að markmið áætlunarinnar séu öll í góðu samræmi við þær áætlanir sem teknar voru til skoðunar í umhverfismatinu. Um var að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030
- Aðalskipulagsáætlanir þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Bygðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Í umhverfismatinu var ekki gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, sem þýðir að áætlunarleysi er ekki raunhæfur valkostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur.

Í svæðisáætluninni er að finna áform um uppbyggingu tiltekinna innviða, en í öllum tilvikum er þó gert ráð fyrir nánari greiningum áður en endanleg ákvörðun er tekin. Um er að ræða eftirtalda innviði:

- Innviðir til úrgangsforvarna
- Grenndarstöðvar

- Jarðgerðarstöðvar
- Aðstaða til meðhöndlunar seyru
- Sorporkuver

Þar sem svæðisáætlunin felur ekki í sér beinar ákvarðanir um uppbyggingu innviða er ekki mögulegt að leggja nákvæmt mat á einstaka valkosti í þeim efnunum. Í umhverfismatinu er því aðeins lagt lauslegt mat á líkleg áhrif breyttra innviða. Greiningar sem lagðar verða til grundvallar ákvarðanatöku um uppbyggingu innviða fela í sér nánari samanburð valkosta. Það lauslega mat sem hér um ræðir bendir þó í öllu falli til að uppbyggingaráformin sem kynnt eru í svæðisáætluninni séu til þess fallin að bæta auðlindanýtingu, draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Öll miða þessi áform að því að færa meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum nær hugmyndafræði hringrásarhagkerfis, auk þess sem leitast er við að draga úr þörf fyrir flutninga og stuðla að atvinnuuppbyggingu í heimabyggð.

9.2 Matsskylda

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs markar stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Svæðisáætlun er unnin samkvæmt lögum og er afgreidd af sveitarstjórn. Af þessum atriðum leiðir að áætlun af þessu tagi fellur undir ákvæði laga nr. 111/2021.

9.3 Aðferðir

Umhverfismat svæðisáætlunarinnar sem hér um ræðir var unnið samhliða áætlunargerðinni. Stærstur hluti matsvinnunnar fór þó fram þegar stefna áætlunarinnar hafði verið mótuð í öllum aðalatriðum, enda þá fyrst hægt að bera markmið og stefnu saman við aðrar áætlanir eða önnur viðmið. Haft var samráð við Skipulagsstofnun í júní 2024 varðandi umfang og nákvæmni matsins, sbr. 5. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021.

Umhverfismatið var unnið af Stefáni Gíslasyni hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice).

Umhverfismatsskýrsla svæðisáætlunarinnar er hluti af sjálfri áætluninni og var kynnt með þeim hætti sem kveðið er á um í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum og í samræmi við 15. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Þetta fól í sér að tillaga að svæðisáætlun ásamt umhverfismatsskýrslu var auglýst í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hefðu tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Að kynningu lokinni var gengið frá svæðisáætluninni í heild sinni að teknu tilliti til athugasemda sem borist höfðu við tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og hún síðan lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til staðfestingar. Staðfest áætlun verður gerð aðgengileg almenningi eins og kveðið er á um í lögum nr. 55/2003 og lögum nr. 111/2021.

9.4 Sérstaða svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs

Svæðisáætlanir hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísu í úrgangsmálum. Þetta er tiltekið sérstaklega í 6. gr.

laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, þar sem segir að svæðisáætlun skuli „fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir“. Þá skal áætlunin taka mið af lögnum og „reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu“. Í 6. gr. laganna er einnig tiltekið að í áætluninni skuli koma fram „hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir“. Af framangreindu leiðir að í umhverfismati svæðisáætlunar ætti hvorki að vera þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í þessu sambandi má nefna að skv. gr. 6a í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, hefur Umhverfisstofnun „eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir skv. 6. gr. og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um“.

Þrátt fyrir að svæðisáætlanir marki stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021, eru svæðisáætlanir ekki forsenda leyfisveitinga. Með öðrum orðum er hægt að gefa út leyfi, t.d. byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi, án þess að svæðisáætlun liggja fyrir. Eins er heimilt að gefa út leyfi til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir ekki ráð fyrir að ráðist verði í, eða jafnvel til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir beinlínis ráð fyrir að ekki verði ráðist í. Þegar um er að ræða leyfi til framkvæmda vegna meðhöndlunar úrgangs, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva, eru leyfisveitingar fyrst og fremst háðar því að framkvæmdin samrýmist gildandi skipulagsáætlunum og að fyrir liggja skýrsla um umhverfismat framkvæmdarinnar, þ.e. ef framkvæmdin telst matsskyld m.t.t. 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Í umhverfismatsskýrslu viðkomandi framkvæmdar er væntanlega fjallað sérstaklega um það hvort framkvæmdin sé í samræmi við svæðisáætlun.

9.5 Áhættuþættir úrgangsmeðhöndlunar

Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér eftirtalda áhættuþætti öðrum fremur:

1. Áhrif á vatn og jarðveg
2. Fok úrgangs
3. Áhrif á fugla
4. Fjölgun meindýra
5. Áhrif á loftgæði
6. Gróðurhúsaáhrif
7. Hávaði og umferð
8. Áhrif á landslag og sjónræna þætti
9. Áhrif á samfélag og atvinnulíf

Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er ekki fjallað sérstaklega um hvern ofangreindra þátta í umhverfismati svæðisáætlunarinnar, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva.

9.6 Meginatriði umhverfismatsins

Í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er alla jafna ekki þörf á að fjalla sérstaklega um tengsl áætlunarinnar við aðra áætlanagerð á sviði úrgangsmála, sbr. skýringar hér að framan. Hins vegar er mikilvægt að umhverfismatið fjalli um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra. Í þessu tilviki er einkum um að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030
- Aðalskipulagsáætlanir þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Samanburður við þær áætlanir og stefnur sem taldar eru upp hér að framan mynda kjarnann í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum. Í umhverfismatinu er einnig fjallað um raunhæfa valkosti við áætlunina, að því marki sem eðli svæðisáætlunarinnar gefur tilefni til. Ekki er þó gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, sem þýðir að áætlunarleysi er ekki raunhæfur valkostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur. Í umhverfismatinu er einnig lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.

9.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirfarandi tafla sýnir tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir sem skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum á Vestfjörðum og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra. Í töflunni eru einungis tilgreindar þær áætlanir sem voru í gildi 15. ágúst 2024. Ekki er fjallað um tengsl við þær skipulagsáætlanir sveitarfélaga sem voru útrunnar á þeim tíma.

Tafla 33. Tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir.

Stefna/Samþykkt	Snertifletir	Samræmi
Landsskipulagsstefna 2015-2026 ¹¹¹	<p>Áhersla B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis</p> <p>1. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</p> <p>2. Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.</p> <p>5. Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi.</p> <p>6. Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmörkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að því að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir varðandi úrgangsméðhöndlun og að umhverfisvænar lausnir verði nýttar varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, auk þess sem hún stuðlar að bættri nýtingu auðlinda með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið. Svæðisáætlun er einnig þannig upp byggð að hún nýtist við gerð skipulagsáætlana.</p>
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 ¹¹²	Í svæðisskipulaginu er ekki mörkuð stefna varðandi meðhöndlun úrgangs.	
Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2036 ¹¹³	<p>11.3.1 Meðhöndlun úrgangs</p> <p>Íbúar, stofnanir og fyrirtæki geti á auðveldan og aðgengilegan hátt nýtt umhverfisvænar leiðir til meðhöndlunar úrgangs.</p>	Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.
Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035 ¹¹⁴	<p>7.1.15 Sorp</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðstaða við gámostöðvar verði sem best til flokkunar og skila á hlutum og vörum sem hægt er að endurnýta. • Tryggt verði að spilliefni berist ekki í umhverfið. • ... • Horfa þarf til nýjustu lausna við skipulag sorpmála og gæta að því sveitarfélagið nái að standa undir þeim skuldbindingum sem krafa er um. • Áhersla verði á að hægt verði að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar. 	Svæðisáætlun snýst beinlínis um að finna sem bestar lausnir hvað þessi atriði varðar.

¹¹¹ Alþingi (2024).

¹¹² Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð (2018).

¹¹³ Reykhólahreppur (2023).

¹¹⁴ Vesturbyggð (2021).

<p>Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2019-2039¹¹⁵</p>	<p>4.6.15 Úrgangsstjórnun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðstaða á gámapelli verði sem best til flokkunar og skila á hlutum og vörum sem hægt er að endurnýta. • Tryggt verði að spilliefni berist ekki í umhverfið. • Horfa þarf til nýjustu lausna við skipulag sormála og gæta að því sveitarfélagið nái að standa undir þeim skuldbindingum sem krafa er um. • Áhersla verði á að hægt verði að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar 	<p>Svæðisáætlun snýst beinlínis um að finna sem bestar lausnir hvað þessi atriði varðar.</p>
<p>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2020-2032¹¹⁶</p>	<p>10.7 Iðnaðar- og athafnasvæði</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu og dregið úr myndun úrgangs • Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið. <ul style="list-style-type: none"> ○ Áhersla er lögð á að úrgangsmál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu. ○ Brýnt er að sveitarfélög vinni saman að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. ○ Endurskoðað skal urðun við Hól og fyrirkomulag sormála þegar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verður gerð. ○ Áhersla skal lögð á að móttökustaðir fyrir sorp, þ.m.t. gámasvæði, verði afgirtir þannig að sjónmengun verði í lágmarki. ○ Leitað skal leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélaginu. ○ Verulega þarft að bæta úr fræðslu íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja varðandi flokkun sorps og umgengni og bæta þarf aðstöðu þeirra til flokkunar, bæði heima og á móttökustað. ○ Mikilvægt er að brennanlegt sorp, spilliefni og sorp sem mögulegt er að endurvinnna, endi ekki á urðunarstað. 	<p>Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.</p>

¹¹⁵ Tálknafjarðarhreppur (2024).

¹¹⁶ Bolungarvíkurkaupstaður (2022).

<p>Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2028-2030¹¹⁷</p>	<p>11.7.3 Úrgangur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu hans. • Að fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins, þ.á m. ásýnd móttökusvæða. • Áhersla lögð á það að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft og tryggt að spilliefni berist ekki út í umhverfið. <ul style="list-style-type: none"> ○ Stefnt að aukinni fræðslu fyrir íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs. 	<p>Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.</p>
<p>Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030¹¹⁸</p>	<p>2.4.5 Sorpeyðing</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stefnt er að því, í samvinnu við nágrennasveitarfélögin Strandabyggð og Árneshrepp, að finna frambúðarlausn fyrir sorpförgun, þegar núverandi aðstöðu verður breytt. • Lögð verði rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað. 	<p>Svæðisáætlun snýst beinlínis um að finna sem bestar lausnir hvað þessi atriði varðar.</p>
<p>Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025¹¹⁹</p>	<p>2.4.5 Sorpeyðing</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stefnt er að því, í samvinnu við nágrennasveitarfélögin Strandabyggð og Árneshrepp, að finna frambúðarlausn fyrir sorpförgun, þegar núverandi aðstöðu verður breytt. • Lögð verði rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað. 	<p>Svæðisáætlun snýst beinlínis um að finna sem bestar lausnir hvað þessi atriði varðar.</p>
<p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum¹²⁰</p>	<p>Engin aðgerðaáætlun er í gildi en tillaga að nýrri áætlun hefur verið kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda.</p>	<p>Í svæðisáætlun er megináhersla lögð á bættu nýtingu auðlinda, m.a. með því að draga úr magni úrgangs til urðunar. Með því er komið í veg fyrir stærstan hluta af þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem stafar af meðhöndlun úrgangs. Á móti kemur að losun frá jarðgerð kann að aukast vegna aukinnar nýtingar lífrænna efna. Losun frá jarðgerð er þó aðeins hluti af losun frá urðun. Í svæðisáætlun er einnig leitast við að draga úr flutningum með úrgang og þar með að stuðla að samdrætti í losun.</p>

¹¹⁷ Súðavíkurhreppur (2020).

¹¹⁸ Kaldrananeshreppur (2011).

¹¹⁹ Árneshreppur (2013).

¹²⁰ Island.is (2024).

Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 ¹²¹	Meginmarkmið Að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Svæðisáætlun styður við þetta markmið, einkum með áherslu á minnkandi urðun en einnig með viðleitni til að draga úr flutningum með úrgang. Þessir tveir þættir eru þeir þættir úrgangsméðhöndlunar sem líklegastir eru til að hafa neikvæð áhrif á loftgæði. Svæðisáætlun miðar einnig að því að koma í veg fyrir óleyfilega úrgangslosun við ófullnægjandi aðstæður, en slík losun getur einnig haft neikvæð áhrif á loftgæði.
Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022–2036) ¹²²	B.3. Efling nýsköpunar í byggðum landsins	Í svæðisáætlun er lögð áhersla á að vinna sem mest úr úrgangi í námunda við upprunastað. Þetta felur í sér tækifæri til nýsköpunar.
	C.8. Sjálfbær samfélög – efling hringrásarhagkerfis Markmið: Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun úrgangs, unnið að kolefnishlutleysi Íslands og dregið úr myndun úrgangs. Enn fremur að endurvinnsla og önnur endurnýting verði aukin, dregið úr urðun og urðun lífbrjótanlegs úrgangs hætt.	Í svæðisáætlun er lögð áhersla á að draga úr magni úrgangs til urðunar og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá eru úrgangsforvarnir, sérsöfnun og aukin endurvinnsla úrgangs frá heimilum, stofnunum og fyrirtækjum grundvallaratriði í áætluninni. Þar er einnig gert ráð fyrir að urðun lífbrjótanlegs úrgangs verði hætt.
	Stuðlað að meiri samræmingu á landsvísi [í úrgangsmálum]. Horft verði til þess að sveitarfélög nýti svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem stjórnæki og að þau samþætti viðeigandi stefnumörkun og áætlanir til að efla hringrásarhagkerfið, bæti auðlindanýtingu og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu. Áætlunin er auk heldur unnin sameiginlega af 9 sveitarfélögum, sem eitt og sér er stórt skref til samræmingar.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun ¹²³	11. Sjálfbærar borgir og samfélög 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.	Svæðisáætlun stuðlar að því að þetta markmið náist.

¹²¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2017).

¹²² Alþingi (2022).

¹²³ Stjórnarráð Íslands (á.á.).

	<p>12. Sjálfbær neysla og framleiðsla</p> <p>12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.</p> <p>12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfsvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.</p> <p>12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að því að þessi markmið náist.</p>
	<p>13. Aðgerðir í loftslagsmálum</p> <p>13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að þessu með því að skilgreina aðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, einkum með samdrætti í urðun úrgangs.</p>
	<p>14. Líf í vatni</p> <p>14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að þessu með áherslu á aðgerðir til að minnka rusla á víðavangi.</p>
	<p>15. Líf á landi</p> <p>15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að þessu með áherslu á aðgerðir til að bæta nýtingu lífræns úrgangs. Slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að bæta aðgengi að jarðvegsbæti sem nýtist m.a. til sporna gegn eyðimerkurmyndun innanlands og við endurheimt hnignandi lands og jarðvegs.</p>

9.8 Samanburður valkosta

9.8.1 Innviðir til úrgangsforvarna

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 5) er gert ráð fyrir að byggðir verði upp innviðir til úrgangsforvarna, svo sem efnislagerar, nytjamarkaðir og viðhaldssmiðjur. Með þessu er stuðlað að betri nýtingu auðlinda og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem aðgerðin er til þess fallin að draga úr þörf fyrir framleiðslu og innkaup á nýju efni og nýjum vörum. Rekstur innviðanna sem um ræðir er sömuleiðis til þess fallinn að ýta undir meðvitund fólks um mikilvægi úrgangsforvarna, bæði frá umhverfislegu og efnahagslegu sjónarmiði, auk þess að geta verið mikilvægt fordæmi fyrir sambærilega uppbyggingu á öðrum landssvæðum.

9.8.2 Heimajarðgerð

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 7) er gert ráð fyrir greiningu á möguleikum sveitarfélaga til að stuðla að aukinni heimajarðgerð, þ.m.t. með ákvæðum í samþykktum um meðhöndlun úrgangs og með sveigjanleika í gjaldskrá og/eða beinum styrkjum. Ef þessi aðgerð leiðir til aukinnar útbreiðslu heimajarðgerðar er hún til þess fallin að draga úr flutningsþörf, bæði vegna flutninga á úrgangi og á aðföngum til garðræktar o.fl. Með því er stuðlað að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, auk þess sem þörf fyrir framleiðslu á tilbúnum áburði minnkar, en framleiðsla slíks áburðar á sinn þátt í loftslagsvandinum og ágengni á tiltækar fosfórbirgðir jarðar. Heimajarðgerð er einnig til þess fallin að auka vitund fólks um tengsl þess við náttúruna og mikilvægi daglegra neysluháttanna.

9.8.3 Grenndarstöðvar

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 8) er gert ráð fyrir uppsetningu grenndarstöðva til söfnunar á a.m.k. glerumbúðum, málmum og textíl. Þessi aðgerð er til þess fallin að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem liggja í þessum úrgangsflokkum. Aðgerð 9 um bætt meðhöndlun textílefna styrkir þetta enn frekar.

9.8.4 Söfnun úrgangs á víðavangi

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 10) er gert ráð fyrir að leitað verði eftir samstarfi við Vegagerðina um söfnun úrgangs á viðkomustöðum ferðamanna. Þetta er liður í því að minnka umfangs rusls á víðavangi og draga þar með úr þeirri hættu sem villtri náttúru stafar af slíku rusli (efnamengun, köfnunarhætta fyrir lífverur o.s.frv.). Auk þess er aðgerðir til þess fallin að bæta ásýnd viðkomandi svæða og auka vellíðan heimamanna og gesta.

9.8.5 Jarðgerðarstöð(var)

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 11) er gert ráð fyrir ítarlegri greiningu á mögulegri tækni til jarðgerðar í smáum stíl og uppsetning jarðgerðaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum að teknu tilliti til hagkvæmni og bestu nýtingar auðlinda. Tilgangurinn með þessu er einkum sá að draga úr flutningum og þar með úr flutningskostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda, en að einhverju leyti einnig að skapa staðbundin störf. Að öðru óbreyttu má ætla að þessi valkostur geti dregið úr neikvæðum áhrifum á loftslag og haft jákvæð áhrif á samfélagslega þætti, umfram þann valkost að flytja lífrænan úrgang um lengri veg til vinnslu. Umhverfislegur ávinningur aðgerðarinnar ræðst þó m.a. af því hvers konar vinnslu yrði um að ræða í hvorum valkosti um sig. Þannig kann stórtæk miðlæg vinnsla metans úr úrganginum og nýting þess sem eldsneytis að hafa meiri loftslagsávinning í för með sér en jarðgerð í smærri stíl. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að aðgerðin gengur í raun út á nánari greiningu á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum og göllum í samanburði við aðra valkosti.

9.8.6 Meðhöndlun seyru

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 12) er gert ráð fyrir að gerð verði greining á möguleikum á uppbyggingu stöðvar á Reykhólum fyrir móttöku og endurnýtingu seyru. Með því móti er stuðlað að því að seyran nýtist til landgræðslu eða á annan hátt í stað þess að henni sé fargað í gryfjum eða með öðrum hætti. Ljóst er að bætt nýting seyru sem fellur til á Vestfjörðum er mikilvægur liður í bættri nýtingu auðlinda á svæðinu og því mjög í anda

hringrásarhagkerfisins og í samræmi við markmið laga og stefnumótunar á landsvísu um meðhöndlun úrgangs. Þetta getur eftir atvikum einnig átt við um seyru frá fiskeldi. Ákvörðun í þessum efnunum þarf að byggja á nánari greiningu valkosta en hægt er að gera í umhverfismati svæðisáætlunar.

9.8.7 Sorporkuver

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 13) er gert ráð fyrir að gerð verði ítarleg greining á möguleikum á uppbyggingu sorporkuvers á Vestfjörðum fyrir óendurvinnanlegan úrgang sem þar fellur til. Með því væri unnt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangsmeðhöndlunar, þar sem brennsla hefur alla jafna mun lægra kolefnisspor en urðun. Jafnframt væri dregið úr losun vegna flutninga úrgangs og stuðlað að auknu framboði orku og auknu orkuöryggi í landshlutanum. Með greiningu af þessu tagi fæst skýrari mynd en nú liggur fyrir af hagkvæmni þess að reisa litlar svæðisbundnar stöðvar af þessu tagi, borið saman við eina slíka stöð fyrir landið allt, eða jafnvel útflutning úrgangs til brennslu.

9.8.8 Niðurstöður umhverfismats valkosta

Eins og fram kemur hér að framan og lesa má úr stefnukafla svæðisáætlunarinnar (sjá kafla 2) hafa ekki verið teknar ákvarðanir um tiltekna uppbyggingu innviða eða aðrar framkvæmdir í framhaldi af svæðisáætluninni. Í þessu umhverfismati er því ekki mögulegt að leggja nákvæmt mat á einstaka valkosti í þessum efnunum, heldur er hér aðeins fjallað almennt um líkleg áhrif breyttra innviða. Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir frekari greiningum sem lagðar verði til grundvallar uppbyggingu.

Þær greiningar sem getið er um í aðgerðaáætlun (sjá kafla 3.1) snúast um:

1. Jarðgerð í héraði
2. Seyrustöð á Reykhólum
3. Sorporkuver á Vestfjörðum
4. Urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang

Þessar greiningar eiga að fela í sér nánari samanburð valkosta frá fjárhagslegu og umhverfislegu sjónarmiði, þ.m.t. m.t.t. kolefnisspors, líffræðilegrar fjölbreytni og mengunarhættu, sbr. upptalningu áhættuþátta í kafla 9.5. Niðurstöður greininganna þurfa að nýtast sem grunnur fyrir ákvörðunartöku um framkvæmdir, þannig að þær útfærslur sem verða fyrir valinu stuðli að því að sveitarfélögin sem í hlut eiga nái lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs, á sama tíma og losun gróðurhúsalofttegunda er haldið í lágmarki og komið í veg fyrir neikvæð áhrif á aðra þá þætti sem tilgreindir eru í kafla 9.5. Af þessu leiðir m.a. að greiningarnar þurfa að fela í sér umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif framkvæmdanna, ef af verður, jafnt staðbundið, á svæðisvísu, á landsvísu og hnattrænt. Þegar kemur að uppbyggingunni sjálfri þarf síðan að ráðast í nákvæmara mat, einkum í þeim tilvikum þar sem uppbyggingin felur í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

9.9 Vöktun

Gert er ráð fyrir að Vestfjarðastofa annist vöktun og eftirlit með framkvæmd svæðisáætlunarinnar. Vöktunin verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar, þar sem fylgst verður með að verkefnum á aðgerðaáætlun ljúki á tilsettum tíma og að þau

skili tilsettum árangri eða afurð. Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verður nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu. Þetta fyrirkomulag er þó háð formlegri ákvörðun sveitarstjórnanna á svæðinu hvað varðar verkaskiptingu, fjármögnun og skiptingu kostnaðar.

Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar sem hlut eiga að máli meti og taki ákvörðun eigi sjaldnar en á sex ára fresti um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlunina, enda er svo fyrir mælt í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Þessu atriði verður fylgt eftir með sama hætti og aðgerðum í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar. Fyrsta ákvörðunin af þessu tagi þarf samkvæmt þessu að liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2030. Í svæðisáætluninni kemur þó fram að miklar breytingar geti orðið á forsendum á sex ára tímabili og því sé æskilegt að þörfin fyrir endurskoðun sé rædd árlega eða annað hvort ár.

Ákvörðun sveitarstjórna um þörfina fyrir endurskoðun samkvæmt framanskráðu mun m.a. byggja á samantekt sem gerð verður á árangri áætlunarinnar. Í þessari samantekt munu koma fram helstu magntölur, yfirlit yfir framvindu aðgerða, samanburður árangurs við markmið áætlunarinnar og spá um líklega framtíðarþróun á næstu árum. Í þessari samantekt felst í raun vöktun á því hvort markmið hafi náðst.

9.10 Kynning og samráð

Í samræmi við 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, var tillaga að svæðisáætluninni ásamt umhverfismatsskýrslu send til Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þá var tillagan auglýst og gerð aðgengileg, m.a. á heimasíðum allra sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli. Almenningsi og umsagnaraðilum var gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum. Frestur til að skila athugasemdum rann út 8. október 2024.

9.11 Athugasemdir og viðbrögð

Við endanlegan frágang svæðisáætlunarinnar var unnin samantekt á umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma og gerð grein fyrir hvernig tekið var tillit til þeirra í lokaútgáfu áætlunarinnar. Samantektin birtist í eftirfarandi töflu.

Tafla 34. Framkomnar umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim.

Umsagnaraðili	Málefni	Efni	Viðbrögð og röksemdir
Skipulagsstofnun	Endurtekningar sama mats	Eðlilegt væri að til upplýsinga komi fram í umhverfismatsskýrslu hvaða urðunarstaðir/ brennslustöðvar/ móttökustöðvar hafi hlotið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.	Í stöðugreiningu svæðisáætlunar kemur fram hvaða stöðvar hafi starfsleyfi, en ein helsta forsenda fyrir veitingu starfsleyfis er að viðkomandi framkvæmd hafi hlotið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, annað hvort með umhverfismati eða með ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin skuli ekki háð mati. Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar stöðvar af þessu tagi sem hlotið hafa málsmeðferð skv. lögnum en ekki tekið til starfa. Því verður ekki séð að þetta atriði hafi áhrif á umhverfismat áætlunarinnar.
	Umhverfisþættir/ Áhættuþættir	Ástæða kann að vera til að nota hugtakið „umhverfisþættir úrgangsmeðhöndlunar“ í stað hugtaksins „áhættuþættir“, þ.e. í kafla 9.5 þar sem finna má upptalningu á tilteknum umhverfisþáttum sem kunna að verða fyrir áhrifum af meðhöndlun úrgangs í einni eða annarri mynd.	Hugtakið „umhverfisþættir“ er notað í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, yfir þætti sem geta orðið fyrir áhrifum („þolendur“) vegna framkvæmda eða áætlana (sbr. 4. gr. laganna). Í umhverfisfræðum er hugtakið „umhverfisþættir“ (e. environmental aspects) hins vegar almennt notað yfir þætti sem valda áhrifum („gerendur“), þ.e.a.s. tiltekna þætti framkvæmdar (eða í rekstri fyrirtækis) sem valda áhrifum (e. environmental impacts) á umhverfið. Til að forðast hugtakarugling var ákveðið að nota hugtakið „áhættuþátt“ í svæðisáætluninni.

	Frekari greiningar	Í kafla 9.8.8 kemur fram að í svæðisáætluninni sé gert ráð fyrir frekari greiningum sem lagðar verði til grundvallar uppbyggingu en í áætluninni er fjallað almennt um líkleg áhrif breyttra innviða. Skipulagsstofnun bendir á að tilefni er til að gera ítarlegri grein fyrir í hverju þessar greiningar eru fólgnar en þær eiga að fela í sér nánari samanburð valkosta frá fjárhagslegu og umhverfislegu sjónarmiði, þ.m.t. m.t.t. kolefnis-spors, líffræðilegrar fjölbreytni og mengunarhættu, sbr. upptalningu áhættupátta í kafla 9.5.	Textinn í kafla 9.8.8 hefur verið uppfærður með ítarlegri upplýsingum um viðfangsefni greininga sem gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun.
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Öflun upplýsinga um núverandi stöðu úrgangsmála	Það kemur á óvart að upplýsinga um fyrirkomulag úrgangsmála var einkum aflað með netleit og í samskiptum við fulltrúa sveitarfélaga en ekki var leitað upplýsinga hjá heilbrigðiseftirliti sem gefur út starfsleyfi og hefur lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi sem að þessu snýr t.d. gámas töðvum, sorpflutningum og endurvinnslu úrgangs.	Við vinnslu svæðisáætlunarinnar komu ekki fram neinar ábendingar þess efnis að heilbrigðiseftirlitið byggir yfir magnupplýsingum eða upplýsingum um flutninga úrgangs eða annað fyrirkomulag úrgangsmála, sem ekki eru aðgengilegar á vefsíðum hlutaðeigandi aðila eða hjá sveitarfélögum og þjónustuaðilum þeirra (úrgangsverktökum).

	<p>Staðreyndavillur</p>	<p>Í skýrslunni er t.d. talað um að Móttökustöð í Engidal sé með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, þökkunar og geymslu. Móttökustöð er með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd en ekki Umhverfisstofnun enda er slík starfsemi starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefndum en ekki Umhverfisstofnun.</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 7.5 er móttökustöðin með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. einnig umfjöllun og tilvísun í starfsleyfið í kafla 8.4.5. Eins og þar kemur fram gildir starfsleyfið til 16. feb. 2028 og á heimasíðu Umhverfisstofnunar er ekki að finna neina vísendingu um að það hafi verið fellt úr gildi. Eins og fram kemur í kafla 8.4.6 er einnig í gildi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir endurvinnslu ótilgreinds magns ótilgreinds úrgangs í stöðinni. Það starfsleyfi gildir til 2. febrúar 2025. Ekki verður með nokkru móti séð að hér sé um staðreyndavillur að ræða, enda er starfsleyfi Umhverfisstofnunar aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar og starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins vegna endurvinnslu barst í tölvupósti frá eftirlitinu 22. feb. 2024.</p>
	<p>Skipsflak hjá Garðsstöðum</p>	<p>Í svæðisáætlun er fullyrt að á Garðstöðum liggi skipsflak í fjörunni, sem muni hafa verið rífið að hluta og úrgangur úr því bæði brenndur og grafinn á svæðinu. Í umsögninni er spurt hvort einhverjar sannanir séu til staðar svo hægt sé að staðfesta að slíkt hafi verið gert. Mikilvægt sé að heilbrigðiseftirlit fái þessar sannanir svo hægt sé að fara í aðgerðir. Í umsögninni kemur fram að mikið af gögnum sem skráð eru í gagnagátt Umhverfisstofnunar séu óyfirfarin.</p>	<p>Umfjöllun í kafla 8.6.5 í svæðisáætlun um umrætt skipsflak er byggð á texta úr kortasjá Umhverfisstofnunar, þar sem fram kemur að stofnuninni hafi borist ábending um að úrgangur úr flakinu hafi verið brenndur og grafinn á svæðinu. Orðalagið í kafla 8.6.5 ber með sér að ekki sé vísan fyrir þessu, auk þess sem vísað er í kortasjána í neðanmálgrein. Eðlilegt er að fjalla um ábendingar af þessu tagi í svæðisáætlun, en ekki þótti tilefni til að sannreyna gögn í kortasjanni við gerð svæðisáætlunarinnar.</p>
	<p>Heimajarðgerð</p>	<p>Í umsögninni kemur fram að heimajarðgerðarverkefni á Vestfjörðum hafi ekki verið langlíf og spurning sé hvort ekki væri hægt að skoða þann möguleika að nýta þá orku t.d. með jarðgerðarstöð fyrir vestan.</p>	<p>Skoðun á þessu fellur væntanlega undir aðgerð nr. 13 í aðgerðaáætlun um ítarlega greiningu á mögulegri tækni til jarðgerðar í smáum stíl og uppsetningu jarðgerðaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum.</p>

	Orkuvinnsla úr timbri	Í umsögninni er spurt hvort skoðaður hafi verið sá möguleiki að nýta timbur sem fellur til á svæðinu til orkuvinnslu, t.d. með brennslustöð.	Skoðun á þessu fellur væntanlega undir aðgerð nr. 15 í aðgerðaáætlun um greiningu á möguleikum á uppbyggingu sorpokuvers á Vestfjörðum fyrir óendurvinnanlegan úrgang sem þar fellur til.
	Hringrásarfulltrúi	Í umsögninni er bent á að ef ráðið verður í stöðu hringrásarfulltrúa væri möguleiki að staðsetja hann hjá heilbrigðiseftirlitinu, enda fari heilbrigðiseftirlitið með eftirlit „á þessum stöðum nú þegar“.	Staðsetning hringrásarfulltrúa, ef af verður, verður væntanlega rædd í aðdraganda ráðningarinnar.
Vesturbyggð	Textaleiðréttingar	Í umsögninni er bent á ónákvæmni hvað varðar nokkur atriði í texta svæðisáætlunarinnar sem snýr að Vesturbyggð (og Tálknafjarðarhreppi fyrir sameiningu).	Umrædd atriði hafa verið lagfærð, en hafa hvorki áhrif á heildarniðurstöður né á umfjöllun um önnur sveitarfélög.

9.12 Samþykkt áætlunar

Svæðisáætlunin var lögð fyrir allar sveitarstjórnir á Vestfjörðum til samþykktar að loknum kynningartíma og úrvinnslu úr athugasemdum og viðbrögðum. Áætlunin öðlast gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt hana. Að því loknu verða samráðsaðilar upplýstir um samþykkt áætlunarinnar og endanleg áætlun verður gerð aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaga og Vestfjarðastofu.

10 Viðauki 3: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra

Hér fara á eftir skýringar og fyrirvarar sem varða magn og ráðstöfun úrgangs í einstökum úrgangsflokkum sem tilgreindir eru í töflum í umfjöllun um stöðuna í einstökum sveitarfélögum. Flokkaskiptingin í töflunum er upphaflega byggð á reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, nr. 1040/2016. Skiptingin hefur þó að vissu marki verið aðlöguð þeirri skráningu sem þjónustuaðilar nota, en tölur í þessari svæðisáætlun byggja einmitt að mestu leyti á upplýsingum frá þjónustuaðilum. Skiptingin í reglugerðinni samræmist hins vegar ekki fyllilega því flokkunarkerfi sem Umhverfisstofnun notar í úrgangstölfræði sinni. Æskilegt væri að geta notað kerfi stofnunarinnar í allri umfjöllun um úrgangsmagn, en tenginguna þarna á milli vantar. Þjónustuaðilarnir þurfa vissulega að skila tölum til Umhverfisstofnunar á því formi sem stofnunin tiltekur, en þær aðferðir sem beitt er við aðlögun upphaflegu talnanna að því formi eru ekki aðgengilegar utanaðkomandi aðilum. Í náninni framtíð verður væntanlega hægt að nálgast allar tölur á opnum vef Umhverfisstofnunar, nánast í rauntíma, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum og í samræmi við flokkunarkerfi stofnunarinnar. Þangað til virðist sú leið sem hér er farin, þ.e. að nýta tölur frá þjónustuaðilum, vera eina færa leiðin til að fá nýlegar og sæmilega áreiðanlegar tölur með nægri sundurliðun til að hægt sé að byggja á þeim við gerð svæðisáætlana, þ.m.t. við útreikning endurvinnsluhlutfalla o.fl.

02 01 02 Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)

Samkvæmt b-lið 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 falla aukaafurðir úr dýrum ekki undir lög. Sama gildir um hrae „af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim“. Undantekning eru þó aukaafurðir „sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð“. Meginreglan er því sú að sveitarfélögum ber hvorki skylda til að ákveða fyrirkomulag söfnunar á þessu efni, né að tryggja viðeigandi ráðstöfun þess. Ekki ætti því að vera þörf á að fjalla um þetta efni í svæðisáætlun.

02 01 04 Heyrúlluplast

Ætla má að stór hluti þess heyrúlluplasts sem fellur til endurspeglis í tölum þjónustuaðila. Hér er gert ráð fyrir að allt þetta plast skili sér til endurvinnslu. Heyrúlluplast telst vera rekstrarúrgangur og kemur því ekki við sögu í útreikningum á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs.

02 01 99 Veifaræri

Veifaræraúrgangur kemur að einhverju leyti fram í tölum þjónustuaðila. Hér er gert ráð fyrir að sá hluti sé urðaður, en ætla má að meiri hluti úrgangsflokksins fari aðrar leiðir í samræmi við samning Úrvinnslusjóðs við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Veifaræraúrgangur er rekstrarúrgangur.

02 02 02 Fiskúrgangur

Leifar frá fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu teljast telst vera aukaafurðir úr dýrum og falla því ekki undir úrgangslöggjöfina (sjá framar). Því er ekki ástæða til að fjalla um þetta efni í svæðisáætlun.

02 02 02 Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur

Hér gildir það sama og um aðrar dýraleifar (sjá framar).

15 01 01a Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)

Þetta er verðmætur úrgangsflokkur sem ætla má að skili sér allur til endurvinnslu. Í einhverjum tilvikum kann óverulegur hluti heildarmagnsins að lenda í öðrum pappírsflokkum í tölfræðinni, en það hefur ekki áhrif á ætlað endurvinnsluhlutfall. Bylgjupappi telst til heimilisérgangs skv. úrgangslöggjöfni.

15 01 01b Pappírs- og pappaubúðir (sléttur pappi og fernur)

Hér gildir í aðalatriðum það sama og um bylgjupappa. Blandaðar pappírsumbúðir (fernur o.fl.) innihalda jafnan nokkurt magn af plasti og málmum, sem eðli málsins samkvæmt er ekki mögulegt að endurvinnna í nýjan pappír. Ef efnið skilar sér inn í endurvinnslustöð (e. *enters the recycling operation whereby waste materials are actually reprocessed into products, materials or substances*) er þó eðlilegt að gera ráð fyrir 100% endurvinnsluhlutfalli.¹²⁴

15 01 02a Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)

Plastumbúðum er safnað sérstaklega í nær öllum sveitarfélögum, yfirleitt einum og sér en í undantekningartilvikum með pappa og pappír í svonefndar „græntunnur“. Enn leynist þó vafalítið talsvert af plastumbúðum í blönduðum úrgangi. Aðeins hluti þess sem safnast fer til endurvinnslu, þar sem eitthvað af efninu er ótækt í slíka vinnslu vegna óhreininda eða af öðrum ástæðum. Hér er gert ráð fyrir að 80% af úrgangsflokknum fari í raun til endurvinnslu og 20% í orkuvinnslu (í sorporkustöðvum). Endurvinnsluhlutfallið kann að vera nokkuð ríflega áætlað, en í einhverjum tilvikum er þetta efnt sent út lítið hreinsað og gæti því náð inn í „*the recycling operation*“. Hvað verður um það þar er svo önnur saga.

15 01 02b Plastflöskur (með skilgjaldi)

Í flestum sveitarfélögum er til staðar söfnunarkerfi fyrir þennan úrgangsflokk, iðulega á vegum frjálsra félagasamtaka sem hafa tekjur af því að skila umbúðum og fá skilgjaldið endurgreitt. Sums staðar getur fólk sömuleiðis skilað umbúðum beint til móttökuaðila. Af þessum sökum endurspeglast magntölur ekki í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna. Tölur um magn skilgjaldsumbúða eru því áætlaðar miðað við höfðatölu út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu. Gert er ráð fyrir að allar þessar plastflöskur fari í endurvinnslu. Sú áætlun byggir á upplýsingum frá Endurvinnslunni hf.

15 01 04a Málmumbúðir (án skilgjalds)

Þessi úrgangsflokkur kemur nær aldrei við sögu í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna fyrir árið 2023, en ætla má að hann sé innifalinn í heildartölu fyrir málma (aðra en ökutæki). Eitthvað af málmumbúðum er væntanlega einnig tínt úr blönduðum úrgangi

¹²⁴ Sbr. kafla 5.1.

áður en gengið er frá honum til urðunar eða orkuvinnslu. Þær tölur skila sér ekki til sveitarfélaganna, þar sem úrgangurinn fór upphaflega frá þeim sem „blandaður úrgangur“. Hér er farin sú leið í útreikningi á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs að taka aðeins með í reikninginn þá málma sem safnað er sérstaklega sem málmumbúðum. Endurvinnsluhlutfall málmumbúða er væntanlega 100%.

15 01 04a Áldósir (með skilagjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilagjaldi) hér að framan. Gert er ráð fyrir að allar áldósir fari í endurvinnslu.

15 01 06 Blandaðar umbúðir (úr grænum tunnnum)

Uppistaðan í þessum úrgangsflokkum eru annars vegar pappírs- og pappaubúðir og hins vegar plastumbúðir. Einnig kann eitthvað af málmum að safnast í þessar tunnur, en horft er fram hjá því hér. Af samtölum við þjónustuaðila má ráða að um 80% af þessum úrgangi sé pappír og um 20% plast. Hér er gert ráð fyrir að allur pappírinn og um 80% af plastinu sé sent til endurvinnslu. Í samræmi við það er gert ráð fyrir 96% endurvinnsluhlutfalli fyrir þennan úrgangsflokk ($0,8 \times 100\% + 0,2 \times 80\%$). Það sem eftir stendur er væntanlega flutt út til orkuvinnslu. Með innleiðingu nýrra lagaákvæða um sérsöfnun verða svokallaðar „grænar tunnur“ væntanlega úr sögunni.

15 01 07a Glerumbúðir án skilagjalds

Þessi úrgangsflokkur (sultukrukkur o.s.frv.) kemur nær aldrei við sögu í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna, enda var honum ekki safnað sérstaklega fyrr en væntanlega á árinu 2024 með tilkomu grenndarstöðva þar sem þessum úrgangsflokkum er ætlað sérstakt hólf. Fram að þeim tíma lenti þessi úrgangur yfirleitt annað hvort í blönduðum úrgangi eða að einstaklingar og rekstraraðilar skiluðu honum á móttökustöðvar í gáma fyrir óvirkan úrgang. Í tölum þjónustuaðila er sá hluti væntanlega innifalinn í flokkunum „Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“, „Gler“ eða „Annar grófur úrgangur“. Hér er farin sú leið í útreikningi á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs að taka aðeins með í reikninginn þær glerumbúðir sem safnað er sérstaklega. Ekki liggur fyrir hvað verður um þessar umbúðir, en af upplýsingum á heimasíðum stærstu þjónustuaðilanna má ráða að þetta efni sé enn sem komið er malað og nýtt í fyllingar.^{125,126} Sú ráðstöfun getur eftir atvikum flokkast sem endurnýting eða förgun, eftir því hvort glerið kemur þar í stað annars efnis sem ella hefði verið notað í sama tilgangi. Eitthvað af gleri hefur líka verið notað í malbik, en sú ráðstöfun telst endurvinnsla að mati Umhverfisstofnunar.¹²⁷ Einnig eru uppi áform um að framleiða sand úr þessu efni, en líklegt er að sú framleiðsla verði einnig skilgreind sem endurvinnsla. Hér er gert ráð fyrir að sérsafnaðar glerumbúðir án skilagjalds séu notaðar við framleiðslu á malbiki eða sandi (endurunnar), enda þótt sú hafi ekki verið raunin árið 2023.

15 01 07a Glerflöskur (með skilagjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilagjaldi) hér að framan. Hér er gert ráð fyrir að allar glerflöskur með skilagjaldi séu sendar til endurvinnslu erlendis. Sú var að vísu ekki

¹²⁵ ÍGF (á.á.).

¹²⁶ Terra (á.á.).

¹²⁷ Rafbréf frá Umhverfisstofnun 21. mars 2024.

raunin fyrr en í maí 2023 þegar Endurvinnslan sendi fyrsta glerfarminn í slíkan farveg.¹²⁸ Fram að þeim tíma var glerið malað og að mestu leyti notað sem fyllingarefni.

16 01 03 Hjólbarðar

Ætla má að talsverðum hluta af þessum úrgangsflokki sé ráðstafað án milligöngu sveitarfélaga og komi því ekki fram í þeirri tölfræði sem hér er sett fram. Almennt virðist gert ráð fyrir að hjólbarðar séu kurlaðir og nýttir, t.d. sem undirlag eða yfirlag á urðunarstöðum, og að í þeim tilvikum sé litið á þessa ráðstöfun sem endurnýtingu. Eftir gildistöku nýrra lagaákvæða 1. janúar 2023 telst ráðstöfun sem þessi þó því aðeins vera endurnýting ef úrgangurinn kemur í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Draga má í efa að þetta skilyrði sé uppfyllt við núverandi aðstæður hvað hjólbarðana varðar og því er eðlilegt að líta á ráðstöfunina sem förgun.

16 01 04 Ökutæki

Þessi úrgangsflokkur kemur nær aldrei við sögu í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna, en líklega lendir þó töluvert af honum í flokki *20 01 40 Málmar (aðrir en ökutæki)*. Þar til bærir aðilar taka við úr sér gengnum ökutækjum, greiða skilagjald og koma tækjunum til áframhaldandi vinnslu án milligöngu sveitarfélaganna. Hægt væri að áætla magnið frá einstökum sveitarfélögum út frá tölum á landsvísu (frá Úrvinnslusjóði), en það er látið ógert hér enda teljast ökutæki ekki vera heimilisúrgangur og hafa því ekki áhrif á þau úrgangsmarkmið sem sveitarfélögin bera ábyrgð á. Hins vegar bera sveitarfélög tiltekna ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Því þurfa sveitarfélögin að hafa yfirsýn yfir söfnun úr sér genginna ökutækja, rétt eins og gildir um aðra úrgangsflokka.

16 06 99 Rafhlöður og rafgeymar

Líklega fer eitthvað af þessum úrgangi (einkum rafgeymar) fram hjá kerfum sveitarfélaganna, en ekki liggja fyrir glöggar upplýsingar um það. Í samræmi við upplýsingar frá Terra Efnaeyðing hf. (áður Efnamóttakan) er litið svo á að þessi úrgangsflokkur fari allur til endurvinnslu. Í reynd er útilokað að endurvinna allt þetta efni, en ætla má að það skili sér þó allt inn í endurvinnslustöð og uppfylli þar með skilyrði í lið 1(c) í grein 11a í Rammtilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs.¹²⁹ Ótilgreindur hluti af úrgangsflokknum telst vera heimilisúrgangur, en hér er gert ráð fyrir að það eigi við um allan þann úrgang af þessu tagi sem skilar sér inn í tölfræðina.

17 01 99 Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik

Í þennan flokk fellur óvirkur úrgangur af ýmsu tagi. Hér er alla jafna gert ráð fyrir að þetta efni sé urðað, annað hvort í Fíflholtum eða á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang. Í einhverjum tilvikum kann að vera litið á ráðstöfun þessa efnis sem fyllingu, en hún telst samt ekki endurnýting í skilningi laga nema efnið komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Það á ekki við á urðunarstöðum.

¹²⁸ Endurvinnslan (á.á.).

¹²⁹ Sjá kafla 5.1.

17 02 01a Timbur (hreint)

Ætla má að vörubretti úr timbri séu yfirgnæfandi hluti þessa úrgangsflokks. Vörubretti flokkast sem viðarumbúðir og teljast því heimilísúrgangur, hvort sem þau falla til á heimilum eða í atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að þetta eigi þá við um allan úrgangsflokkinn. Hér er reiknað með að allt hreint timbur sem fellur til á Vestfjörðum sé kurlað og nýtt í stígagerð eða endurnýtt á annan hátt (komi í stað annars efnis sem ella hefði verið nýtt til sömu nota). Til greina kæmi að nota þetta efni sem kolefnisgjafa í iðnaði (t.d. hjá Elkem á Grundartanga), en sú ráðstöfum telst einnig vera endurnýting. Ekkert bendir til að neitt af þessu efni sé endurunnið.

17 02 01b Timbur (annað eða óflokkað)

Þetta timbur nýtist hvorki til stígagerðar né sem kolefnisgjafi vegna aukaefnanna sem í því leynast. Þetta timbur er víða kurlað og nýtt sem yfirlag á urðunarstöðum eða á annan sambærilegan hátt. Draga má í efa að timbrið komi þar í stað annars efnis, nema þá að litlu leyti. Því hér litið svo á að þessum úrgangsflokki sé í raun fargað.

17 02 02 Gler

Í þennan flokk fellur gler frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Magntölur fyrir þennan úrgangsflokk koma ekki fram í tölum þjónustuaðila, þar sem þetta gler fer sennilega í sama farveg og annar óvirkur úrgangur (steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik).

17 02 03 Plast

Í þennan flokk fellur plast frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Ætla má að þetta sé öðru fremur byggingarplast sem fari í endurvinnslu.

17 05 03 Olíumengaður jarðvegur

Þessi úrgangsflokkur kemur sjaldnast fram í tölum þjónustuaðila og því er litlar ályktanir hægt að draga um heildarmagnið. Engir viðurkenndir förgunarstaðir eru til fyrir úrgang af þessu tagi og líklegt má telja að hann sé í mörgum tilvikum losaður á jarðvegstippa.

17 05 04 Hreinn jarðvegur

Lítið fellur til að þessum úrgangsflokki ef marka má tölur þjónustuaðila. Ætla má að hreinn jarðvegur sé yfirleitt færður til og nýttur annars staðar, nánast jafnóðum, og að ekki sé litið á hann sem úrgang.

17 06 05 Asbest (efni sem inniheldur asbest)

Lítið fellur til af asbesti, en þó geta fallið til stórir farmar í einstökum viðhaldsverkefnum, svo sem við endurnýjun gamla hitaveitulagna og við niðurrif húsa frá tilteknu árabili. Það asbest sem til fellur á að fara til urðunar á viðurkenndum urðunarstað, þar sem fylgt er sérstöku verklagi til að forðast heilsutjón þeirra sem vinna við verkið.

17 09 04 Annar grófur úrgangur

Líta má á þennan úrgangsflokk sem fremur illa skilgreindan safnflokk, eða jafnvel sem blandaðan úrgang sem ekki kemst í tunnur eða ker af venjulegri stærð. Af samtölum við þjónustuaðila má ætla að skipting úrgangsflokksins í undirflokka gæti verið nærri því sem hér segir:

Litað timbur	45%
Málmar	15%
Dýnur	10%
Húsgögn	10%
Óvirkur úrgangur	10%
Annað (blandað)	10%

Almennt má gera ráð fyrir að grófur úrgangur sem fellur til á Vestfjörðum sé allur sendur til urðunar. Sé úrgangurinn hins vegar fluttur í flokkunarstöð er hann í sumum tilvikum endurflokkaður og leitast við að koma honum í þá úrvinnslu sem er hagstæðust hverju sinni í umhverfislegu og fjárhagslegu tilliti. Málmarir fara þá væntanlega allir í endurvinnslu. Þar er væntanlega einkum um að ræða þakjárn, steypujárn o.fl. sem fellur til við niðurrif mannvirkja og telst því ekki heimilisúrgangur. Þá kann að vera að dýnur og húsgögn séu brotin niður og send til orkuvinnslu erlendis (orkunýting). Sama getur eftir atvikum gilt um litað timbur og blandaðan úrgang. Grófur úrgangur er hins vegar væntanlega urðaður.

Í safnflokknum „Grófur úrgangur“ leynast m.a. húsgögn, dýnur o.fl., sem í reynd ætti að skilgreinast sem heimilisúrgangur og hafa þar áhrif á endurvinnsluhlutföll. Hér er farin sú leið að áætla að 20% af heildarmagninu sé í raun heimilisúrgangur, (sbr. áætlaða prósentutölu fyrir dýnur og húsgögn hér að framan). Ætla má að þessu efni sé annað hvort fargað eða það nýtt til orkuvinnslu erlendis (endurnýting). Á Vestfjörðum á hið fyrrnefnda væntanlega við.

18 00 99 Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum

Í þennan flokk fellur úrgangur sem tilgreindur er sem „Sóttmengað“ og „Sprautunálar“ í tölum þjónustuaðila. Þarna er í öllum tilfellum um tiltölulega lítið magn að ræða og hér er gert ráð fyrir að því sé öllu fargað í Kólku.

20 01 01 Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)

Hér er um að ræða heimilisúrgang sem væntanlega skilar sér allur til endurvinnslu. Trúnaðarskjölum er þó væntanlega fargað í Kólku.

20 01 08 Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.

Hér er um að ræða lífúrgang (aðallega matarleifar) sem er sérsafnað frá heimilum og fyrirtækjum, svo sem frá eldhúsum og mótuneytum. Ráðstöfun úrgangsins er misjöfn eftir svæðum, en almennt má ætla að sérsafnaður lífúrgangur fari allur til endurvinnslu. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að forsenda þess að líta megi á vinnslu lífúrgangs sem endurvinnslu er sú að afurðin nýtist sem jarðvegsbætir.¹³⁰ Fylling uppfyllir ekki þetta skilyrði og telst endurnýting en ekki endurvinnsla. Í þeim tilvikum þar sem lífúrgangur nýtist hvorki sem jarðvegsbætir eða til fyllingar verður að líta svo á að honum sé fargað.

¹³⁰ Hafi í för með sér “benefits to agriculture or ecological improvement”, sbr. lið 4 í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs.

20 01 10/11 Fatnaður, skófatnaður og textíl

Söfnun og ráðstöfun þessa úrgangsflokks er að mestu á höndum Rauða kross Íslands (RKÍ) og annarra félagasamtaka. Þar af leiðandi endurspeglast magntölur ekki í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna. Hægt væri að áætla magnið frá einstökum sveitarfélögum út frá tölum á landsvísu (frá RKÍ), en það er látið ógert hér. Ekki er vitað með vissu hversu stór hluti þessa úrgangs er í raun endurunninn, en fljótt á litið er ólíklegt að innlimun hans í þá úrgangstölfræði sem hér birtist hafi mikil áhrif á endurvinnsluhlutfall heimilisérgangs.

20 01 25 Matarolía og feiti

Ætla má að þessi úrgangsflokkur sé endurnýttur með einum eða öðrum hætti til orkuvinnslu, svo sem með brennslu í sorporkuverum erlendis eða með framleiðslu á eldsneyti sem t.d. er notað til íblöndunar í jarðeldsneyti. Vafalaust mætti bæta söfnun og nýtingu þessa efnis verulega, en endurvinnsla er þó varla valkostur í því sambandi.

20 01 36 Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki

Ætla má að tölur þjónustuaðila um þennan úrgangsflokk séu nokkuð áreiðanlegar. Í samræmi við upplýsingar frá þjónustuaðilum og frá Terra Efnaeyðing hf. er gert ráð fyrir að þessi úrgangsflokkur sé að mestu sendur til endurvinnslu. Jafnvel þótt ekki sé hægt að endurvinna allt efnið þegar til kastanna kemur virðist úrgangsflokkurinn þó alla jafna uppfylla það skilyrði að skila sér inn í endurvinnslustöð (e. *enter the recycling operation*), sem réttlætir að gert sé ráð fyrir 100% endurvinnsluhlutfalli.

20 01 40 Málmar (aðrir en ökutæki)

Þrátt fyrir yfirskrift þessa úrgangsflokks er ástæða til að ætla að ökutæki séu iðulega skráð í þennan flokk í tölum þjónustuaðila sem vinna fyrir sveitarfélögin. Í þennan flokk falla væntanlega einnig aflagðar vinnuvélar af ýmsu tagi (landbúnaðartæki o.m.fl.) og talsvert af byggingar- og niðurrifsúrgangi (bárujárn o.fl.). Þar við bætist svo eitthvert magn af málmumbúðum sem ekki hefur skilað sér í sérsöfnun (sjá framar). Enda þótt þessi úrgangsflokkur sé staðsettur í heimilisérgangskafla í úrgangstöflum eins og þær eru settar fram í svæðisáætluninni, má ætla að óverulegur hluti heildarmagnsins sé raunverulega heimilisérgangur. Hér er gert ráð fyrir að um 5% heildarmagnsins sé heimilisérgangur, væntanlega einkum málmumbúðir sem ekki var hafin sérsöfnun á árinu 2023. Ætla má að endurvinnsluhlutfall máлма sé alla jafna u.þ.b. 100%.

20 01 50 Spilliefni (samtala)

Undir þennan flokk falla hvers konar spilliefni sem ekki eru tilgreind annars staðar, þ.m.t. ýmiss konar olíuúrgangur, málning, aðrar efnavörur, ljósaperur o.fl. Áætluð ráðstöfun byggir hér á upplýsingum frá Terra Efnaeyðing hf. Í samræmi við þær er gert ráð fyrir að þerur og vatnsmálning fari að mestu leyti til urðunar, að stærri farmar af úrgangsolíu nýtist til orkuvinnslu erlendis og að það sama gildi um u.þ.b. helming af þeirri olíumálningu sem til fellur. Gert er ráð fyrir að öll önnur spilliefni fari til förgunar í Kólku.

20 02 01 Garðaúrgangur

Svo virðist sem garðaúrgangur sé almennt losaður á opnum svæðum eða á einhvers konar tipp án nokkurrar vinnslu. Algengt er að litið sé á þessa ráðstöfun sem endurnýtingu, þar sem þarna sé um „landmótun“ að ræða. Ekki verður þó séð að þessi

ráðstöfun uppfylli það skilyrði endurnýtingar að efnið komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Þvert á móti virðist „landmótunin“ almennt hafa þann eina tilgang að losna við garðaúrganginn. Sé það rétt ber að líta á ráðstöfunina sem förgun og er þeirri meginlínu fylgt hér. Eflaust fellur til mikið af garðaúrgangi sem ekki kemur fram í tölum þjónustuaðila, enda algengt að eigendur úrgangsins losi sig sjálfir við hann án aðstoðar. Lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst vera lífúrgangur og þar með heimilisúrgangur. Garðyrkjuúrgangur fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar, en ólíklegt er að gerður sé greinarmunur á þessu tvennu í tiltækum tölum. Ef allur garðaúrgangur í heimilisúrgangsflokknum endurspegladist í tölum þjónustuaðila myndi það leiða til lækkunar á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs, nema í þeim tilvikum þar sem úrgangurinn er nýttur við moltugerð eða aðra vinnslu sem talist getur endurvinnsla.

20 03 01a Blandaður úrgangur (sorphirða)

Í þennan flokk fellur allur sá úrgangur sem tekinn er frá heimilum í reglubundinni hirðu. Væntanlega fer allt þetta magn annað hvort til förgunar eða til orkuvinnslu erlendis. Hið fyrra á við um blandaðan úrgang frá Vestfjörðum.

20 03 01b Blandaður úrgangur (gámar)

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim næsta á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Líta ber á báða flokka sem heimilisúrgang.

20 03 01c Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim tveim næstu á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Allt er þetta að öllum líkindum heimilisúrgangur skv. skilgreiningu og allt fer þetta væntanlega til förgunar.

20 03 03 Úrgangur frá gatnahreinsun

Þessi úrgangsflokkur inniheldur sand og alls konar rusl sem fellur til við hreinsun gatna. Þess er að vænta að þessi úrgangur sé mengaður af efnum frá umferð og væntanlega fer þetta allt í urðun.

20 03 04 Eðja frá rotþrómm (seyra)

Seyra er lífrænn úrgangur sem er tæknilega fremur auðvelt að vinna og nýta til landgræðslu á heppilegum svæðum. Víðast fer þetta efni þó til urðunar, eða er losað í gryfjur sem teljast eftir atvikum viðurkenndir losunarstaðir. Hvort heldur sem er telst ráðstöfunin vera förgun. Ekki er vitað til að seyra sem fellur til í sveitarfélögum á Vestfjörðum sé nýtt til landgræðslu.

11 Heimildir

1. Alþingi (2022): *Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036*. Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022. <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>.
2. Alþingi (2024): *Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028*. Samþykkt á Alþingi 16. maí 2024. <https://www.althingi.is/altext/154/s/1724.html>.
3. Árneshreppur (2013): *Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02635320510039469331>.
4. Árneshreppur (2024): *Gjaldskrá fyrir sorphirðu og rotþróatæmingu í Árneshreppi, nr. 1746/2023*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7f34451c-d326-413f-886f-e423e2577d22>.
5. Árneshreppur (á.á.): *Árneshreppur*. <http://www.arneshreppur.is>.
6. Bolungarvíkurkaupstaður (2018): *Bolungarvíkurkaupstaður. Urðunarstaður á Hóli. Deiliskipulag*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=07636639737792840635>.
7. Bolungarvíkurkaupstaður (2022): *Aðalskipulag Bolungarvíkur 2020-2032*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=Hjp0gwMmmUu7027b3xqRdg>.
8. Bolungarvíkurkaupstaður (2024): *Gámastöð*. <https://www.bolungarvik.is/gamastod>.
9. Bolungarvíkurkaupstaður (2024b): *Gjaldskrá 2024 – Gjaldskrá Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2024*. <https://www.bolungarvik.is/gjaldskra/gjaldskra-2024>.
10. Bolungarvíkurkaupstaður (á.á.): *Sorphirða*. <https://www.bolungarvik.is/sorphirda>.
11. Byggðastofnun (2023): *Mælaborð. Sveitarfélagaskipan frá 1875*. <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefifid-efni/maelaborð/sveitarfelagaskipan>.
12. Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð (2018): *Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030*. https://dalir.is/Files/Skra_0078457.pdf.
13. Endurvinnslan (á.á.): *Gler*. <https://endurvinnslan.is/frodleikur>.
14. Framkvæmdastjórn ESB (2020): *Communication from The Commission to The European Parliament, The Council, The European Economic and Social Committee and The Committee of The Regions. Critical Raw Materials Resilience: Charting a Path towards greater Security and Sustainability*. COM(2020) 474 final. Brussel, 3.9.2020. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52020DC0474&from=EN>.
15. Framkvæmdastjórn ESB (2023): *Critical raw materials*. https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/raw-materials/areas-specific-interest/critical-raw-materials_en.
16. Framkvæmdastjórn ESB (2024): *Directive 2008/98/EC of the European Parliament and of the Council of 19 November 2008 on waste and repealing certain Directives (Text with EEA relevance)*. Consolidated text. <https://eur-lex.europa.eu/eli/dir/2008/98/2024-02-18>.
17. Framkvæmdastjórn ESB (2024b): *Regulation (EU) 2024/1252 of the European Parliament and of the Council establishing a framework for ensuring a secure and sustainable supply of critical raw materials and amending Regulations (EU) No 168/2013, (EU) 2018/858, (EU) 2018/1724 and (EU) 2019/1020*. https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=OJ:L_202401252.
18. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (2018): *Starfsleyfi. Ísafjarðarbær. Náma í Dagverðardal*. Útg. 8. desember 2017. Gildir til 8. desember 2029.
19. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (2023): *Starfsleyfi. Endurvinnsla úrgangs. Kubbur ehf. Funi*.
20. Helgi Þór Ingason (ritstj.), (2021): *Forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar*. Desember 2021. <https://sorp.dccweb.net/media/2/sorpbrennslustod.pdf>.
21. Hörður Kristjánsson (2021): *Vitað er um 160 miltisbrunagrafir á 130 bæjum á landinu*. Fréttaskýring í Bændablaðinu 30. júlí 2021. <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/vitad-er-um-160-miltisbrunagrafir-a-130-baejum-a-landinu>.
22. Island.is (Samráðsgátt) (2024): *Ný og upp færð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*. Skjöl til umsagnar. <https://island.is/samradsgatt/mal/3758>.
23. Ísafjarðarbær (2023): *Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbær, nr. 1474/2023*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=226ca590-c652-46d3-bed8-b65d3fb11da7>.
24. Ísafjarðarbær (2023b): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbær, nr. 1033/2023*. <https://www.isafjordur.is/static/files/ReglurOgSamthykktir/Umhverfismal/samthykkt-um-medhondlun-urgangs-i-isafjardarbae.pdf>.

25. Ísafjarðarbær (2024): *Ísafjarðarbær þátttakandi í verkefni um úrgangsstjórnun*. Frétt á heimasíðu 4. janúar 2024. <https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/frettir-og-utgafa/frettasafn/isafjardarbaer-thattakandi-i-verkefni-um-urgangsstjornun>.
26. Ísafjarðarbær (2024b): *Sorphirða, flokkun og förgun*. <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/sorphirda>.
27. Ísafjarðarbær (á.á.): *Aðalskipulag*. <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/skipulag/adalskipulag>.
28. Íslenska gámafélagið (ÍGF) (á.á.): *Gler*. <https://gamafelagid.is/flokkun/gler-og-postulin/gler>.
29. Kaldrananeshreppur (2011): *Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=20634626719743814878>.
30. Kaldrananeshreppur (2023): *Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=debfcb6-ea0e-459e-8b1b-6bc3271cc183>.
31. Kaldrananeshreppur (2023b): *Sorpsamlag*. <https://www.drangnes.is/sorpsamlag-strandasyslu>.
32. Markaðsstofa Vestfjarða (á.á.): *Skarfasker*. <https://www.westfjords.is/is/stadur/skarfasker>.
33. Reykhólahreppur (2016): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi, nr. 662/2016*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=38b6a2dd-e824-423d-89fd-3c4db645730a>.
34. Reykhólahreppur (2023): *Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2036*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=Hv8Vdxx4d0GuJAQ7q6jt5w>.
35. Reykhólahreppur (2023b): *Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi, nr. 1728/2023*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=6a649431-33d6-4a87-ac28-e2b830159f95>.
36. Reykhólahreppur (2024): *Sorphirða og flokkun*. <https://www.reykholar.is/is/thjonusta/umhverfi/sorphirda-og-flokkun>.
37. Reykhólahreppur (á.á.): *Hringrásarsamfélag - Grænir iðngarðar*. <https://www.reykholar.is/is/stjornsysla/yfirflokkur-4/graenir-idngardar>.
38. Samband íslenskra sveitarfélaga (2022): *Samtaka um hringrásarhagkerfið*. <https://www.samband.is/verkefnin/umhverfis-og-urgangsmal/innleiding-hringrasarhagkerfis>.
39. Samband íslenskra sveitarfélaga (2023): *Ársreikningar sveitarfélaga*. <https://www.samband.is/verkefnin/fjarmal/talnaefni/arsreikningar-sveitarfelaga>.
40. Samband íslenskra sveitarfélaga (2023b): *Sameining Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps samþykkt*. Frétt á heimasíðu 30. október 2023. <https://www.samband.is/frettir/sameining-vesturbyggdar-og-talknafjardarhrepps-samthykkt>.
41. Skipulagsstofnun (2016): *Landsskipulagsstefna 2015-2026*. [Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerd.pdf](https://www.landsskipulagsstofnun.is/landsskipulagsstefna2015-2026-asamt-greinargerd.pdf).
42. Stefán Gíslason(2022): *Minnisblað um ábyrgð sveitarstjórna vegna markmiðs um 70% endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs*. Minnisblað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, nóvember 2022. <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2022/12/minnisblad-bygg-og-nidur-70-221104.pdf>.
43. Stjórnarráð Íslands (á.á.): *Heimsmarkmiðin*. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin>.
44. Strandabyggð (2011): *Strandabyggð. Aðalskipulag 2010-2022*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=24634550499907003587>.
45. Strandabyggð (2024): *Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=6e6959f7-3a35-43fc-8b3c-6c766cc9b672>.
46. Strandabyggð (á.á.): *Sorpsamlag Strandasýslu*. http://www.strandabyggd.is/stofnanir/sorpsamlag_strandasyslu.
47. Súðavíkurhreppur (2020): *Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08637272140845632649>.
48. Súðavíkurhreppur (2022): *Gjaldskrá fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Súðavíkurhreppi, nr. 754/2022*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c8f3ee51-d26f-464e-9d64-ce518c42159e>.
49. Súðavíkurhreppur (2024): *Fundargerð 38. fundar Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar Súðavíkurhrepps*. 7. febrúar 2024. <https://www.sudavik.is/static/files/Fundargerdir/Skipulags-byggingar-umhverfis-og-samgongunefnd/38-fundur-skipulags-bygginga-umhverfis-og-samgongunefndar-7.2.2024.pdf>.

50. Súðavíkurhreppur (á.á.): *Sorphirða og gámasvæðið*.
<https://www.sudavik.is/is/thjonusta/stofnanir/sorphirða-og-gamasvaedid>.
51. Tálknafjarðarhreppur (2022): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi*, nr. 989/2022.
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d1e3c287-6ef6-413c-8ade-bf3c81c38356>.
52. Tálknafjarðarhreppur (2023): *Fundargerð sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps 19. desember 2023*.
<https://talknafjordur.is/stjornsyslan/fundargerdir/skra/1596>.
53. Tálknafjarðarhreppur (2023b): *Skipulagsmál*. <http://talknafjordur.is/skipulagsmal>.
54. Tálknafjarðarhreppur (2024): *Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2019-2039*.
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=JjEiBbtR5UqQlC_vRSqo2w.
55. Tálknafjarðarhreppur (2024b): *Frestur að renna út vegna geymslusvæða og eigna í Hrafnadal*. Frétt á heimasíðu 11. mars 2024.
<https://talknafjordur.is/frettir/Festur-ad-renna-ut-vegna-geymslusvaeda-og-eigna-i-Hrafnadal>.
56. Tálknafjarðarhreppur (2024c): *Sorphirða*. <http://talknafjordur.is/ibuavefur/sorphirða/Sorphirða>.
57. Terra (á.á.): *Meðhöndlun úrgangs hjá Terra*. <https://www.terra.is/is/urgangsmedhondlun>.
58. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2017): *Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*. Nóvember 2017. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20framt%C3%AD%C3%B0ar.%20lokaeintak.pdf>.
59. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021): *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefna_ett_ad_hringrasarhagkerfi.pdf.
60. Umhverfisráðuneytið (2003): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi*, nr. 816/2003.
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e63b59a1-1b10-4ab6-b0c1-9d3d01ee01f8>.
61. Umhverfisstofnun (2012): *Frágangur og vöktun urðunarstaða. Ísafjarðarbær*.
<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/fragangur-og-voktun-urdunarstada/isafjardarbaer>.
62. Umhverfisstofnun (2012b): *Starfsleyfi. Ísafjarðarbær, Engidal, Ísafjarðarbær – móttaka og meðhöndlun úrgangs*. <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka/vestfiridir/isafjardarbaer>.
63. Umhverfisstofnun (2012c): *Starfsleyfi. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. Urðunarstaður í landi Skeljavíkur*.
https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Starfsleyfi_strandasysla.pdf.
64. Umhverfisstofnun (2015): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður í Vatneyrarhlíð*.
https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Sorp-og-efnamottaka/Vesturbyggd_fragangur.pdf.
65. Umhverfisstofnun (2019): *Starfsleyfi. Urðun úrgangs. Bolungarvíkurkaupstaður*.
<https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/Undirrita%C3%B0%20starfsleyfi.pdf>.
66. Umhverfisstofnun (2023): *Eftirlitsskýrsla. Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli*.
<https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/Bolungarv%C3%ADkurkaupssta%C3%B0ur%20-%20Lokask%C3%BDrsla%202023.pdf>.
67. Umhverfisstofnun (2023b): *Mengaður jarðvegur*. <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGI>.
68. Umhverfisstofnun (2024): *Endurnýting úrgangs í fyllingar. Leiðbeiningar*. Apríl 2024.
https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Endurnyting_urgangs_i_fyllingar.pdf.
69. Úrvinnslusjóður (2023): *Greiðslur vegna söfnunar á víðavangi. Tilkynning til sveitarfélaga um greiðslur vegna söfnunar á víðavangi*. Tilkynning á heimasíðu 25. apríl 2023.
<https://www.urvinnslusjodur.is/um-urvinnslusjod/utgafa/tilkynningar/tilkynning-til-sveitarfelaga-um-greidslur-vegna-sofnunar-a-vidavangi>.
70. Úrvinnslusjóður (2023b): *Sérstök söfnun*. <https://www.urvinnslusjodur.is/voruflokkar/serstok-sofnun>.
71. Vestfjarðastofa (2022): *Ályktun um svæðisáætlun um sorp*. Þingskjal 24, Fjórðungsþing Vestfirðinga 8.-10. september 2022. <https://www.vestfiridir.is/static/files/FV/thinkskjol67/24-alyktun-um-svaedisaaetlun-um-sorp-adur-thingskjal-14.pdf>.
72. Vestfjarðastofa (2023): *Umhverfsvottun Vestfjarða*.
<https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/umhverfismal/umhverfsvottun-vestfjarda>.
73. Vesturbyggð (2021): *Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035. Greinargerð*. <https://vesturbyggd-wp.kolofon.dev/wp-content/uploads/2022/11/greinagerd-med-adalskipulagi-2018-2035.pdf>.

-
74. Vesturbyggð (2023): *Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Vesturbyggð.* <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=463df14a-6ec2-4943-a1dc-662359c7b9a6>.
 75. Vesturbyggð (2023b): *Sorphirða og flokkun.* <https://vesturbyggd.is/thjonusta/umhverfi/sorpflokkun>.
 76. Vesturbyggð (2024): *Sorpgjöld.* <https://www.vesturbyggd.is/stjornsysla/gjaldskrar-og-talnaefni/gjaldskrar/sorpgjold>.